FRIÐLÝSTAR MINJAR Á SUÐURLANDI: SKRÁNINGARÁTAK



RITSTJÓRAR: EVA KRISTÍN DAL OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR
HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, EVA KRISTÍN DAL, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR, RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR OG STEFÁN ÓLAFSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS570-14171

Minjastofnun Íslands

Ljósmynd á forsíðu er af friðlýstum minjastað í landi Kaldárhöfða í Grímsnesi. Samkvæmt friðlýsingunni er tóftin af geymsluhúsi Skálholtsstaðar við Sogið. Mynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2015
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 5

2. AÐFERÐIR VIÐ SKRÁNINGU FRIÐLÝSTRA MINJA 7

3. FRIÐLÝSTIR MINJASTAÐIR Á SUÐURLANDI: SKRÁNING 2015 9

4. SAMANTEKT 263

HEIMILDASKRÁ 267

HNITASKRÁ Í ISN93 271



FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

1. Inngangur

Á útmánuðum 2015 vann Fornleifastofnun Íslands ses að skráningu á friðlýstum minjastöðum á Suðurlandi. Verkefnið var unnið fyrir Minjastofnun Íslands og er hluti af átaksverkefni stofnunarinnar sem snýr að skráningu og könnun friðlýstra staða á landsvísu. Fornleifastofnun tók að sér verkefnið að undangengnu útboði. Verkefnið fólst í því að staðsetja, mæla upp og leggja mat á gildi umræddra minjastaða.

Áður en skráningarátakið hófst hafði hluti friðlýstra minjastaða á Suðurlandi verið skráður og mældur upp af Minjastofnun Íslands. Eftir stóðu um 170 staðir en fjármagn fékkst aðeins til skráningar á 130 stöðum.

Staðirnir sem skráðir voru eru í 22 hreppum í Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum. Við skráningu var fylgt aðferðafræði sem Minjastofnun Íslands hafði sett sér við skráningu á friðlýstum minjastöðum en nánar er gerð grein fyrir henni í kafla 2.



Yfirlitskort sem sýnir dreifingu þeirra friðlýstu staða sem kannaðir voru í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum.

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er yfirlit yfir skráningu Fornleifastofnunar. Skráninguna unnu sex fornleifafræðingar hjá stofnuninni, þau Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. Eva og Elín sáu um skipulagningu skráningarinnar og ritun skýrslu þessarar og Eva sá aukinheldur um undirbúning, vinnslu uppmælingagagna, uppsetningu þeirra og frágang.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að fyrst er fjallað um þá aðferðafræði sem fylgt var við skráninguna og því næst fylgir sjálf minjaskráin, þ.e. þær textaupplýsingar sem safnað var fyrir hvern stað ásamt ljósmynd, í fjórða kafla er svo að finna stutta samantekt yfir helstu niðurstöður skráningarinnar og allra aftast í skýrslunni er að finna hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).

2. Aðferðir við skráningu friðlýstra minja

Við skrásetningu friðlýstra minja var fylgt aðferðafræði sem Minjastofnun Íslands hefur þróað við skráningu slíkra minjastaða á undanförnum árum. Við vettvangsskráningu voru fyllt út handskrifuð eyðublöð þar sem ástandi minja var lýst stuttlega og grein gerð fyrir minjaheild á hverjum stað en megináhersla lögð á mat á gildi staðanna. Kannað var hversu aðgengilegir þeir voru og mat lagt á bæði táknrænt gildi þeirra sem og notkunargildi. Slíkt mat er vitanlega alltaf persónubundið og huglægt en það var álit Minjastofnunar að fengur væri að því að allir skrásetjararnir legðu slíkt mat á hvern friðlýstan stað, þótt takmarkanir væru ljósar.

Að loknu almennu mati á minjum á vettvangi voru allar sýnilegar minjar mældar upp með gps-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, sem Minjastofnun lánaði til verksins. Inn í Trimble stöðina voru einnig færðar upplýsingar um hverja minjaeiningu, s.s. ástand, hættumat, gerð og hlutverk að ógleymdu gróðurfari, hæð og breidd veggja. Að ósk Minjastofnunar var útliti og umfangi minja ekki lýst nákvæmlega í texta þar sem litið var svo á að uppmælingar kæmu þess í stað. Á hverjum stað var tekin í það minnsta ein ljósmynd af hverri minjaeiningu og hún merkt friðlýsinganúmeri og þeirri átt sem horft var í. Gerð var sú krafa að ljósmyndirnar væru teknar á a.m.k. 8 megapixla myndavélar.

Í svörum Minjastofnunar við spurningum í tengslum við útboð kom fram að ekki væri gert ráð fyrir eða greitt fyrir heimildaúttekt á þeim stöðum sem átti að skrá, annarri en þeirri sem þyrfti til að átta sig á staðsetningu hvers minjastaðar. Því var ekki unnin sérstök heimildaúttekt fyrir friðlýstu minjastaðina. Fornleifastofnun Íslands hafði hins vegar þegar unnið heimildaskráningu fyrir rúmlega helming minjastaða og voru þau gögn nýtt við úttektina og juku þau talsvert á vægi hennar. Í heimildum getur m.a. legið fróðleikur um staðsetningu friðlýsts staðar, fyrri rannsóknir, túlkun á minjastöðum og breytingar á þeim, ástæður friðlýsingar og fleira. Það er því ljóst að áður en endanlegt mat verður lagt á þá minjastaði sem þessi skýrsla fjallar um þyrfti að ljúka ítarlegri úttekt á heimildum um þá staði sem Fornleifastofnun Íslands hafði ekki þegar gert slíka úttekt á.

Skrásetning friðlýstra minjastaða á Suðurlandi fór fram á út- og vormánuðum 2015. Talsvert lá á skráningunni og var farið á vettvang um leið og mestu snjóa leysti. Sú staðreynd að minjastaðir voru skráðir að vetrar- og vorlagi hafði nokkur áhrif á skráninguna og voru víða snjóskaflar í dældum og lægðum sem og nokkur snjóföl einhverja skráningardaga. Skráningartíminn hafði einnig áhrif á val þeirra staða sem skráðir voru. Sem

fyrr segir voru að þessu sinni skráðir um 130 af þeim 170 minjastöðum sem eftir átti að skrá á Suðurlandi. Samkomulag var á milli samningsaðila að Fornleifastofnun réði því hvaða staðir yrðu skráðir og að hagkvæmnissjónarmið réðu því vali, t.d. var á þeim tíma sem skráningin fór fram ekki hægt að skrá staði á afréttarlandi og einnig var sleppt öllum þeim stöðum sem talið var líklegt að gætu legið undir snjó langt fram eftir vori. Við val á minjastöðum var miðað við að velja staði þar sem skráning gæti gengið hratt og örugglega en einnig var áhersla lögð á að skrá þá staði þar sem Fornleifastofnun Íslands átti tiltæka heimildaúttekt þar sem reynslan þótti sýna að slík skráning yrði innihaldsríkari en ella. Eins var þeim stöðum sleppt þar sem friðlýsing þótti of víðtæk eða óljós til að hægt væri að átta sig vel á umfangi minja. Minjastaðir á Þingvöllum voru ekki skráðir að ósk Minjastofnunar.

Við skráningu var leitað eftir leyfi landeigenda til að ganga um jarðir þeirra. Í útboðsgögnum var hins vegar ekki gert ráð fyrir að lögð væri vinna í að taka við þá kerfisbundin viðtöl, t.d. um álit þeirra á hinum friðlýstu minjum eða möguleikum á því að vekja athygli á eða kynna sömu minjastaði. Því var slíkum upplýsingum ekki safnað sérstaklega saman þótt vissulega hafi verið settir niður punktar um álit landeigenda ef slíkt barst í tal.

Við úrvinnslu var allur handskrifaður texti innsleginn og fínpússaður. Gögnin voru slegin inn í Access-grunn sem Minjastofnun Íslands lagði til. Jafnframt voru allar uppmælingar hreinteiknaðar og önnur gögn yfirfarin. Vinnsla mæligagna fór fram í forritinu QGIS. Teikningar byggja á mæligögnum og eru nákvæmlega staðsettar landfræðilega en rétt er að geta þess að í slíkri uppmælingu felast að sumu leyti færri smáatriði en í handteikningu enda var fyrst og fremst miðað við að sýna helstu útlínur tófta en ekki voru mæld upp sérstaklega atriði eins og grjóthleðslur í veggjum eða smávægileg frávik í hleðslum. Ekki var heldur leið til að aðgreina signar hleðslur frá stæðilegum eða grjóthleðslur frá torfi á sjálfri teikningunni (þótt slíkt hafi verið skráð í textagrunn tækis).

Í samningi var gert ráð fyrir að skilað yrði skýrslu um skráninguna þar sem væri að finna textaskrá og staka ljósmynd um hvern stað en ekki var óskað eftir því að teikni- eða kortagögn væru birt eða að lagst væri í mikla greiningarvinnu á þeim gögnum sem safnað væri. Mæligögnum og þeim upplýsingum sem safnað var í tækin var því skilað til Minjastofnunar Íslands en birtast ekki í skýrslu þessari. Þó var ákveðið að láta fylgja með hnitalista yfir allar uppmældar rústir á ISN93 formi svo að þeir sem hefðu hug á að nýta sér skýrsluna ættu hægara um vik að finna friðlýstu minjastaðina.

3. Friðlýstir minjastaðir á Suðurlandi: skráning 2015

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Bæjarhreppur (árið 1990)

77000101 Bær Friðlýst sem naust

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Leifar forns nausts, niður undan bænum, við sjóinn."

Frumtexti:
"Leifar forns nausts, niður undan bænum, við sjóinn. Sbr. Árb. 1893: 32. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 25.06.1931." Lýsing úr Árbók 1893: "I sambandi við fletta skal eg geta þess, að niðr undan Bæí Lóni, við sjóinn, er að brjóta upp ákaflega fornt naust; jarðlagið ofan á því er um 6 fet. Það er líklega eftir hina írsku menn, er hér bjuggu fyrir landnámstíð." Ekki er friðlýsingarskilti á minjastaðnum. Farið var heim að Bæ og gengið um svæðið niður af bæjarstæðinu ásamt Friðriki Friðrikssyni í Hraunkoti. Land hefur mikið breyst, sennilega bæði sjávarbakkinn og eins hafa árfarvegir breyst.

Ástand:
Staðurinn er líklega horfinn eða í það minnsta er ómögulegt að staðsetja. Eigendur (Þorbjörg Gígja) hafa aldrei heyrt staðarins getið.

Þinglýsing, 1931-06-25
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Fannst ekki á vettvangi árið 2012 þegar Inga Sóley Kristjönudóttir, minjavörður heimsótti

Menningarlandslag/Minjaheild:
Alls ekki er vitað hvar staðurinn var og því ekki hægt að leggja mat á þetta.

Upplifun:
Á ekki við.

Táknrænt gildi:
Á varla við – helst virðist sem staðurinn hafi verið friðlýstur vegna óljósra hugmynda um papatengsl (sjá grein í Árbók 1893) en það endurspeglast ekki í örnefnum eða neinu öðru.

Aðgengi:
Aðgengi er þokkalegt að Bæ og slóðar liggja þaðan niður á ströndina.

Notkunargildi:
Á ekki við.



Mynd 1: Svæðið þar sem minjastaðurinn er talinn hafa verið, horft til norðnorðvesturs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Bæjarhreppur (árið 1990)

77000301 Syðri-Fjörður *Papatættur* Friðlýst sem híbýli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Papatættur, rústir sem svo nefnast í Papósklifum."

Frumtexti:
"Papatættur, rústir sem svo nefnast í Papósklifum. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966." Friðlýsingarskilti er við tóftina. Ekki er að sjá að staðurinn sé í mikilli hættu þó að hugsanlegt sé að á háflóði nái sjór langleiðina að tóftinni.

Ástand:
Tóftirnar eru á grasbala sem er umkringdur klettum á austan, vestan og sunnan en að norðan markar fjaran af svæðið. Tóftin er vel greinileg og er efsti (syðsti) hluti hennar lang greinilegastur og gæti verið yngra byggingarstig.

Þinglýsing, 1966-10-26
Undirritun, 1966-10-18 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Umræddur minjastaður samanstendur aðeins af einni tóft sem þó má mögulega skipta í tvennt þar sem hluti hennar virðist geta verið yngra byggingarstig.

Upplifun:
Staðurinn er tilkomumikill inn á milli klettanna við ströndina og fyrir opnum sjó. Minjarnar eru skýrar og sögnin sem þeim fylgir eykur á upplifun þess að heimsækja staðinn, í rauninni óháð áreiðanleika þeirra.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur táknrænt gildi vegna nafnsins og sagnar um papa á þessum stað. Sjálfar láta rústirnar fremur lítið yfir sér en staðsetning þeirra er áhugaverð og ekki er augljóst hvaða hlutverki þær hafa þjónað. Til að skilja staðinn og táknrænt gildi til hlítar er nauðsynlegt að gera fulla heimildakönnun. Könnunarskurðir í tóftina gætu varpað ljósi á áreiðanleika papasagna um staðinn. Þó er rétt að ítreka að yrðu niðurstöður þeirra rannsókna þær sömu og þær sem aflað hefur verið með rannsóknum á meintum papaminjum annars staðar er hætt við að sá ævintýraljómi sem er yfir staðnum myndi dofna.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er gott. Hægt er að keyra fram hjá Syðra-Firði að Papaós og leggja þar bílnum við kaupstaðarminjarnar. Þar eru skilti, annars vegar um kaupstaðarminjarnar en hins vegar kort og skilti um gönguleiðir um svæðið og ýmsa áhugaverða staði, m.a. Papatættur og hnit á þeim. Gönguslóði liggur frá skiltunum og áfram, m.a. yfir tóftirnar. Innan við 5 mínútna gangur er frá skiltunum að Papatættum.

Notkunargildi:
Minjastaðurinn er þegar nýttur til fróðleiks fyrir ferðamenn og göngufólk en huga mætti betur að þeirri gönguleið sem farin er og tryggja það að ekki sé gengið yfir tóftirnar.



Mynd 2: Papatættur, horft til suðausturs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Borgarhafnarhreppur (árið 1990)

77000601 Breiðabólsstaður *Hrollaugshaugur* Friðlýst sem legstaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:

"Hrollaugshaugur, svo nefndur, í Hrollaugshólum, norðvestur frá bænum [Árið 1971 er haugurinn sagður eyddur af læk fyrir löngu. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]."

Frumtexti:

"Hrollaugshaugur, svo nefndur, í Hrollaugshólum, norðvestur frá bænum [Árið 1971 er haugurinn sagður eyddur af læk fyrir löngu. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]. Sbr. Kålund 1879-1882: 277. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 27.06.1931." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Ástand:

Haugurinn er horfinn. Rætt var við Fjölni og Þorbjörgu á Hala í Suðursveit.

Þinglýsing, 1931-06-27

Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:

Fannst ekki á vettvangi 2012 og 2013. Skjöl til frá tíð Guðrúnar Kristinsdóttur minjavarðar um að þessi haugur sé horfinn.

Menningarlandslag/Minjaheild:

Á ekki við.

Upplifun:

Fallegur staður og í sjálfu sér er sagan um Hrolllaug og örnefni sem honum tengjast áhugaverð. Frá staðnum má í góðu skyggni sjá Hrolllaugseyjar bera við sjóndeildarhring.

Táknrænt gildi:

Hér má endurtaka það sem segir í upplifun – vekur upp vangaveltur um tilurð örnefna og sagna um hauga en þar sem haugurinn sjálfur er horfinn á þetta tæpast við.

Aðgengi:

Mjög gott. Ekið er til suðurs vestan við Hrolllaugshóla (fram hjá nýbyggðri en aflagðri salernisaðstöðu), svo eftir sléttum sandeyrum í skarðið milli hólanna, þar sem áin rennur.

Notkunargildi:

Á varla við því staðurinn er horfinn – nema ef menn vildu kynna örnefnasögur.



Mynd 3: Svæðið þar sem Hrollaugshaugur er talinn hafa verið, horft til norðausturs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Hofshreppur (árið 1990)

77000701 Hnappavellir *Húsavík* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. ["Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).]."

Frumtexti:
"a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er ["Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).]. Sbr. Kålund 1879-1882: 287. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931." Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Staðurinn sést ekki og virðist heldur ekki hafa verið sýnilegur árið 1952 þegar spurningalisti var sendur út um friðlýstar minjar og ástand þeirra. Vorið 2015 var aðallega skoðað svæði í námunda við agnarsmá beitarhús úr torfi og grjóti.

Þinglýsing, 1931-06-29
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Fannst ekki á vettvangi 2012 - ISK. Fannst heldur ekki í tíð Guðnýjar Zoega minjavarðar.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Staðurinn sést ekki á yfirborði, er að líkindum horfinn annaðhvort undir árframburð eða yngri uppgræðslu kringum agnarsmá beitarhús sem enn eru undir þaki við Húsavíkina.

Upplifun:
Flottur staður, yngri minjarnar (agnarsmá beitarhús úr torfi og grjóti, enn undir þaki) ekki síst og sú hugmynd að þarna kunni að hafa verið býli. Sambýli manns og náttúru.

Táknrænt gildi:
Varla – staðurinn virðist lítt þekktur í dag.

Aðgengi:
Þokkalegt. Ágætlega fær vegslóði liggur frá þjóðvegi nr. 1 til suðurs og sveigir síðan í austurátt. Tekur varla nema 5-7 mínútur í hægum akstri.

Notkunargildi:
Á varla við því staðurinn finnst ekki – óvarlegt að ætla að hann sé horfinn þótt hann virðist ekki sjást á yfirborði.



Mynd 4: Svæðið þar sem minjastaðurinn mun hafa verið, horft til norðurs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Hofshreppur (árið 1990)

77000702 Hnappavellir *Hnappavellir fornu* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er ["Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).]."

Frumtexti:
"a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er ["Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).]. Sbr. Kålund 1879-1882: 287. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931." "a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn. b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er ["Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki heldur vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.'52." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar; sbr. einnig Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Páls Þorsteinssonar, Hnappavöllum).]. Sbr. Kålund 1879-1882: 287. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931." Vestast í bæjartorfunni á Hnappavöllum eru nú fjárhús. Þar vestan við er lítið tún og í því áberandi hóll. Utan túns er mjög gróðurrýrt, í stórri geil sem nær út að hæðarrana sem byrgir frekari sýn til vesturs. Líklegasti staðurinn fyrir býli á þessi svæði er annað hvort vestast í túninu eða í umræddri geil. Hvergi sést til rústa en ekki var gengið yfir allt svæðið vestan túns.

Ástand:
Ekki er vitað hvar staðurinn var, ekki frekar en 1952.

Þinglýsing, 1931-06-26
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir
Fannst ekki á vettvangi 2012. Miklar framkvæmdir á svæðinu og túnasléttun.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á ekki við.

Upplifun:
Á ekki við.

Táknrænt gildi:
Getur varla talist mikið.

Aðgengi:
Fínt, skammt frá bæjum eða jafnvel í túni (væntanlega, þótt staðsetning sé ekki þekkt nákvæmlega).

Notkunargildi:
Staðurinn hefði rannsóknargildi ef hann væri þekktur - rétt eins og önnur bæjarstæði sem hafa farið í eyði í hamförunum.



Mynd 5: Slétt tún er þar sem talið er líklegast minjastaðurinn gæti hafa verið, horft til vesturs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Hofshreppur (árið 1990)

77000803 Hof *Sýruker* Friðlýst sem sýruker

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"c. "Sýruker", svo nefnt, höggvið í móklöpp; innanmál 1,63 met. x 1,32 m.; dýpt rúml. 1 m."

Frumtexti:
"a. "Kárahróf", svo nefnt, forn nausttóft á Ingólfshöfða.
b. Verbúðartóftir fjórar, uppi á Ingólfshöfða. Sbr. Kålund 1879-1882: 288. c. "Sýruker", svo nefnt, höggvið í móklöpp; innanmál 1,63 met. x 1,32 m.; dýpt rúml. 1 m. Sbr. Andvara 1895: 61. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931." Er um 200 m vestur af Hofskoti. Friðlýsingarmerki er hjá kerinu, sést ágætlega úr fjarska. Rafstöðvarskurður liggur í gegnum sýrukerið. Hann hefur verið tekinn úr farvegi sem rennur niður hlíðina vestar og er víðast um 1 m breiður og 0,4 m djúpur. Skurðurinn er væntanlega frá fyrri hluta 20. aldar. Við gerð hans hefur verið brotið gat á ofan- eða norðanvert Sýrukerið og gegnum alla suðurhliðina, upp úr og niðurúr. Gatið er 30-40 cm breitt með jöfnum köntum. Áfram heldur skurðurinn niður brekkuna og þar sést rafstöðvartóft.

Ástand:
Ágætt. Ástand kersins er gott þótt rafstöðvarskurður hafi verið grafinn og höggvinn gegnum það.

Þinglýsing, 1931-06-29
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Fremur einangrað fyrirbæri og ekki er ljóst hvernig það var notað.

Upplifun:
Óvenjulegur staður, vekur undrun fyrst og fremst og gefur tilefni til allskonar kenninga. Helst vökvi í kerinu? Er bergið ekki hriplekt? Alls ekki ljóst hver tilgangurinn með því að höggva ker var (ath. að sagnir um sýruker eru til annarstaðar en þau eru alls ekki alltaf eins – lyktar af fornleifaskýringu). Sýnileg tímadýpt, enda hefur rafstöðvarskurður (sem er sennilega að verða fornleifar) verið grafinn út og höggvin niður brekkuna, gegnum kerið – ekki alveg ljóst af hverju það hefur þótt æskilegt.

Táknrænt gildi:
Á tæplega við.

Aðgengi:
Mjög gott. Ekið upp að Hofskoti og þaðan aðeins um 2-3 mín. gangur til vesturs, klofað yfir eina girðingu. Bent skal á að þetta er alveg heima á hlaði hjá fólki og sömuleiðis er gróðurþekja á svæðinu mjög viðkvæm, mosi ofan á klöppum. Sennilega væri ekki fýsilegt að vísa þangað fólki nema með góðu skipulagi og samráði.

Notkunargildi:
Minjastaðurinn hefur tæplega mikið rannsóknargildi – forvitnilegur staður þó. Varla er hægt að vísa fólki heim á hlað eða út á viðkvæma gróðurþekju.



Mynd 6: Sýrukerið og rásin sem liggur frá því, horft til suðurs.

Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélagið Hornafjörður Hét: Hofshreppur (árið 1990)

77000901 Skaftafell I *Sel* Friðlýst sem sel

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:

"Gamli bærinn í Seli, svo og tvær gamlar heyhlöður með ásþaki sem standa neðanvert við hann. Tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 18.05.1972. Ekki þinglýst [Uppl. sýslum. 28.09.1990.]."

Frumtexti:

"Gamli bærinn í Seli, svo og tvær gamlar heyhlöður með ásþaki sem standa neðanvert við hann. Tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 18.05.1972. Ekki þinglýst [Uppl. sýslum. 28.09.1990.]." Ekki er friðlýsingaskilti á minjastaðnum. Rafmagnsgirðing er neðan (sunnan) við húsþyrpinguna og hross eru höfð þar á beit á sumrum en þjóðgarðurinn er að öðru leiti alveg friðaður fyrir beit. Brekkurnar ofan við eru grösugar og ofar eru þær vaxnar birkiskógi.

Ástand:

Sel stendur á svolitlum stalli í brekkunni sem annars er víða talsvert brött. Slóði liggur fram hjá Selinu, fast sunnan bæjarins og slóði liggur frá honum til norðausturs vestan við hlöðurnar.

Þinglýsing, engin

Undirritun, 1972-05-18 Menntamálaráðuneytið

Menningarlandslag/Minjaheild:

Á svæðinu eru friðlýst saman bærinn í Seli og hlöður neðan hans. Mun fleiri minjar er að finna í nágrenni hinna friðlýstu minja og mætti vel spila þær inn í kynningu á friðlýstu minjunum. Danskir arkitektanemar mældu upp gamla bæinn í Seli og hlöðurnar á 8. áratug 20. aldar. Gerð var fornleifaskráning í Skaftafelli árið 2014 (Birna Lárusdóttir og Elín Hreiðarsdóttir, 2014). Ítarlegri lýsingar á bænum og heimildaúttekt um hann er að finna í umræddri skráningu.

Upplifun:

Svæðið hefur mikið upplifunargildi enda í einni af þekktustu náttúruperlu landsins sem þúsundir ferðamanna heimsækja ár hvert. Í Skaftafelli hefur áherslan í gegnum tíðina mest verið lögð á náttúru svæðisins en á undanförnum árum hefur áhersla á menningarminjar aukist og er nú unnið að uppsetningu göngustígs um menningarminjar í gamla heimatúninu neðar. Hinum friðlýstu minjum (gamla bænum í Seli og hlöðum) er vel við haldið og eru fallegar byggingar. Af bæjarstæðinu er geysilega víðsýnt.

Táknrænt gildi:
Bærinn var líklega reistur í Seli um 1830 en stóð áður miklu neðar í Gamlatúni. Nafnið bendir til að þarna hafi áður verið selstaða en hafi svo verið sjást engin ummerki um hana lengur. Útihúsin neðan við Sel eru friðlýst sem hlöður. Samkvæmt þeim upplýsingum sem danskir arkitektanemar höfðu um 1973 var austara húsið hlaða frá 1880 en þar var áður baðstofa samkvæmt þeim. Húsið vestar er hins vegar líklega byggt ofan í tvö minni hús sem stóðu á sama stað þegar túnakort voru gerð í upphafi 20. aldar. Bæði Sel og hlöður eru hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og hafa verið endurgerð á 20. öld. Í Seli var búið fram til 1946.

Aðgengi:
Aðgengi að svæðinu er mjög gott. Göngustígar liggja víða um Skaftafell og akvegur í Hæðir liggur fram hjá hinum friðlýstu tóftum og milli þeirra. Gamli bærinn er opinn gestum.

Notkunargildi:
Notkunargildi staðarins er gott og hann nýtist þegar til að kynna sögu Skaftafells fyrir gestum. Vel má hugsa sér að betur mætti þó enn gera með því að miðla sögu svæðisins og Öræfa í heild í auknum mæli með auknum upplýsingum eða jafnvel stígum um heimatúnið. Staðurinn gæti vart verið hentugri til að miðla sögu enda heimsækja nú þegar Skaftafell vel á þriðja hundrað þúsund ferðamenn ár hvert.



Mynd 7: Bærinn í Seli.

Vestur-Skaftafellssýsla

Skaftárhreppur Hét: Skaftárhreppur (árið 1990)

85001701+540:2 Rauðaberg *Lundur* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"a. Rústaleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá."

Frumtexti:
"a. Rústaleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá. b. Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim, er Rofhóll kallast. Sbr. Árb. 1910: 28-32; Bruun 1928: 150-151 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931."

Brot úr heimildum sem mætti kanna betur fyrir Lund: "....austan ár móti Maríubakka er enn þá grastorfa, sem heitir Lundur; fyrir nokkrum árum blésu upp gamlar tóftir suðaustan í torfunni og hafa það líklega verið tóptir af gamla bænum Lundi, ofan á bæjarrústunum var tveggja álna þykkur jarðvegur, þegar bærinn eyddist hefir landið blásið upp í kring, orðið síðan örfoka og gróið upp aptur, unz jarðvegurinn var orðinn 2 álna þykkur ofan á rústunum, síðan hefir blásið upp aptur og er nú ekkert eptir af þeim jarðvegi þar í kring nema þessi torfa ein" (Þorvaldur Thoroddsen, 1894)

"Virðist það hafa verið allstór bær og staðið hefur hann á Núpahrauni. Þegar ég var drenghnokki á 12. ári á Rauðabergi var ennþá jarðvegstorfa þar sem Lundur var, og var hún sem óðast að eyðast, en ég hygg hana hafa verið þá (1922) a.m.k. 2 m háa og heyrði ég sagt að þarna hafi blásið upp kirkjugarður. Á þeim árum rann höfuðáll Djúpár austan við Lund milli hans og Rauðabergshrauns. Það hefur líklega verið eftir 1930 sem Djúpá endanlega greiðir Lundi rothöggið og fellir í miklu vatnskasti síðla vetrar það sem þá var eftir að jarðvegstorfunni. Síðan er þar ekki annað eftir en að hálfu sandorpinn hraunhryggur með leifum hins forna bæjar, sem þrátt fyrir allt sér enn fyrir. Hvenær Lundur fer í eyði er ekki fyllilega ljóst, en í byggð sýnist hann hafa haldist eitthvað inn á 15. öldina a.m.k. Ekki þætti mér ólíklegt að það hafi verið hlaup í Djúpá, sem endanlega eyddi jörðina. Til þess gæti bent gömul vísa, sem ég heyrði í bernsku og einmitt var tengd við Lund: „Lundarkirkja og besta bú berst í vatnaróti. Hvar er sóknin hennar nú hulin aur og grjóti." (Jón Jónsson, 1978)

Ekki er friðlýsingarskilti í Lundi. Djúpá rennur stundum beggja megin við hólinn en fært var að honum þennan maídag vorið 2015 þrátt fyrir smávegis sandbleytu. Hóllinn liggur SSV-NNA á sandinum og er aflangur. Hann er sandorpinn og vaxinn melgresi á hæstu toppum. Víða sjást dreifar bæði af hleðslugrjóti og þakhellum og í besta falli heillegar hleðslur, einkum austast og vestast. Mest er hóllinn 3-4 m hár en líklega er mikið af upphleðslunni sandur. Mest af rofinu er af völdum Djúpár sem nú rennur fast norðvestan við hólinn, þar er rofabakki og sést í honum sæmilegur jarðvegur með gjóskulögum. Suðvesturhluti hólsins rís líklega hæst og má segja að lægð, um 15 m breið aðskilji þann hluta frá meginhólnum. Miklar hleðslur og grjótdreifar sjást utan í hólnum að sunnan og allra syðst og vestast sjást leifar af heillegum, hlöðnum vegg á um 1,5 m löngum kafla frá austri til vesturs. Þetta gæti verið innra byrði gafls. Fleiri heillegar hleðsluleifar eru á sama horni en erfitt að segja til um samhengi, enda tilheyra þær sennilega misgömlum byggingarstigum. Suðaustast á hólnum eru grjótdreifar á lágum stalli utan í háhólnum. Þær virðast mynda tvö lítil hólf með op mót suðri. Talsvert af þakhellum sjást bæði innan þeirra og við milliveginn. Heillegur en stakur veggstubbur, grjóthlaðinn, er um 5 m austar. Miklar grjótdreifar eru utan í hólnum miðjum, helst norðanmegin.

Ástand:
Ástand er ágætt og mikið eftir af minjum þótt sífellt gangi á staðinn.

Þinglýsing, 1931-05-28
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Fannst ekki á vettvangi 2010.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Aðeins bæjarhóll er varðveittur, ekki er ljóst hver minjaheildin hefur upphaflega verið. Landslagsheildin er hins vegar flott, þ.e. sandauðnir og ár sem velkjast þar um með tilheyrandi framburði og rofi.

Upplifun:
Talsvert upplifunargildi. Auðnin og náttúruöflin skapa sterka umgjörð um minjarnar og móta þær. Minjastaðurinn vekur undrun og sterk fortíðartengsl.

Táknrænt gildi:
Tæplega. Reyndar hefur bær á þessum stað verið tengdur við Njálu (Djúpárbakki) en sú sögn gæti líka átt við Rofhól sem einnig er friðlýstur, austar í landi Rauðabergs. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta þennan þátt til fulls.

Aðgengi:
Sæmilegt í þurru árferði en kvíslar úr Djúpá þvælast um sandinn, getur verið ófært og hætt við sandbleytum. Línuvegur liggur þó niður hraunið ofan við og alveg að hraunjaðrinum. Þaðan er líklega um 20 mínútna gangur ef það er fært á annað borð. Lundur blasir við í SSV ef horft er út á auðnina þar sem línuvegurinn endar.

Notkunargildi:
Mikið rannsóknargildi og staðurinn er í hættu – þarna ætti helst að gera einhverja athugun.



Mynd 8: Rústir Lundar, horft til suðsuðvesturs.

Vestur-Skaftafellssýsla

Skaftárhreppur Hét: Skaftárhreppur (árið 1990)

85001702 Rauðaberg *Rofhóll* Friðlýst sem óskilgreint

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"b. Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim, er Rofhóll kallast."

Frumtexti:
"a. Rústaleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá. b. Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim, er Rofhóll kallast. Sbr. Árb. 1910: 28-32; Bruun 1928: 150-151 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931." Rofhóll er nú grasi gróinn og þó sjá megi uppgróið rof í norðaustanverðum hólnum virðist það ekki ágengt og heldur vera að gróa. Friðlýsingaskilti er nokkru ofan við hólinn.

Ástand:
Ekki sjást greinilegar rústir á hólnum en ógreinileg þúst, mögulegar mannvistarleifar eða uppgróið rof, er á honum suðvestarlega og er það sá hluti hólsins sem virðist líklegastur
til að geyma mestar mannvistarleifar.

Þinglýsing, 1931-05-28
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Fannst ekki á vettvangi 2010.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Rofhóll er í grónum grashvammi. Hóllinn er grasi gróinn og stæðilegur, væntanlega myndaður úr foksandi að einhverju leyti en vel gróinn nú. Grasbalinn umhverfis nær frá jaðri Miðhrauns og niður að Stóruáveitu í Djúpárbakkamýri en Núpsvötn renna vestar. Engar eiginlegar tóftir sjást nú í hólnum en hann er ræktarlegur og á einum stað má sjá ógreinilega þúst á honum sem gætu verið síðustu leifar af tóft sem þar var en mögulegt er einnig að sé uppgróið rof. Greinlegt rof er í hólnum norðvestarlega en það virðist ekki virkt. Færð hafa verið rök fyrir því að á Rofhóli sé að finna leifar jarðarinnar Djúpárbakka sem var kirkjujörð, annexía frá Núpstað.

Upplifun:
Svæðið er fallegt, að baki er Miðhraunið en framundan rústunum renna lækir eða uppsprettur sem líklega koma undan hrauninu. Frá staðnum er víðsýnt og sést m.a. vel til Núpsvatna, Leira og Skeiðarársands. Til norðausturs er útsýni til Skeiðarárjökuls og af staðnum er einnig útsýni til Lómagnúps. Sjálfar minjarnar láta lítið yfir sér. Svæðið er reyndar fagurgrænt og sker sig úr hraunbreiðunni ofan við og sandinum neðan við en engar greinilegar tóftir sjást nú á hólnum.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur eitthvað táknrænt gildi. Sem fyrr segir hafa verið leiddar líkur að því að Rofhóll sé bæjarhóll Djúpárbakka, sem m.a. er getið í Njálu og eyddist í vatnagangi. Sá bær var kominn í eyði snemma því í Vilchins máldaga (1385—1388) kemur fram að Kálfafellskirkja á þá fiskveiði í Djúpá sem áður fylgdi Djúpárbakka. Samkvæmt sýslu- og sóknarlýsingu frá 1859 voru þá ennþá „mjög fornar bæjarrústir" fram undan Rauðahrauni. Nánari heimildaskráning gæti hjálpað til við að varpa ljósi á sögu bæjarins og táknrænt gildi og könnunarskurðir gætu skorið úr um hvort stórbær var á þessum stað.

Aðgengi:
Aðgengi að svæðinu er sæmilegt. Það er þó ekki auðvelt fyrir ókunnuga að rata á staðinn. Gamall kerruvegur liggur frá línuvegi í hrauninu og langleiðina niður að Rofhóli. Hann er ekki fær bílum en um stutta gönguferð er að ræða.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur tvímælalaust talsvert rannsóknargildi en kynningargildi hans er takmarkað.
Engar greinilegar rústir er að sjá á hólnum en mögulegt er að hann mætti kynna áhugafólki um sögu svæðis, þá helst í tengslum við aðrar minjar.



Mynd 9: Rofhóll, horft til suðsuðausturs.

Vestur-Skaftafellssýsla

Skaftárhreppur Hét: Skaftárhreppur (árið 1990)

85001801 Seglbúðir *Seglbúðir* Friðlýst sem búðir

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:

"a. Fornar búðatóftir, flestar óglöggar, á 2 uppgrónum hraunnefjum fyrir austan gilið, sem er gljúfragjá inn með túninu að austan. [Minjar undir lið a-b hafa verið sléttaðar út. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]."

Frumtexti:

"a. Fornar búðatóftir, flestar óglöggar, á 2 uppgrónum hraunnefjum fyrir austan gilið, sem er gljúfragjá inn með túninu að austan. b. Fornir sáðgarðar, sem eru sunnan í 3. og 4. hraunnefinu frá gilinu talið. c. Bæjarrústir þar sem gamli bærinn hefir staðið, vestanundir framendanum á Bæjarkletti, við mynni gilsins [Minjar undir lið a-b hafa verið sléttaðar út. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]. Sbr. Árb. 1909: 6-8 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók 1909 er minjum sem þá voru á svæðinu lýst nokkuð ítarlega. Ekki hefur farið fram full heimildaskráning og er mögulegt að hún gæti bætt einhverju við skráninguna. Ekki er friðlýsingaskilti við búðatóftirnar sem enn sjást. Búðatóftirnar sem Brynjúlfur Jónsson lýsti voru 10 talsins en flestar þeirra hafa nú verið sléttaðar í tún. Eftir standa 2-3 tóftir og að auki ein af þeim tóftum sem Brynjúlfur taldi upp aukalega, allra austast. Sú tóft er af öðrum meiði en hinar meintu búðatóftir og gæti verið einhvers konar skepnuhús frá fyrri tíð. Sú tóft er sem fyrr segir allra austast á svæðinu en á milli hennar og austari af búðatóftunum tveimur er mikið, sléttað tún þar sem áður voru hraunnef með talsverðu af búðatóftum sem og yngri tóftum þegar Brynjúlfur fór um svæðið. Jón Helgason heimildamaður gat að auki bent á staðsetningu tveggja af þeim átta tóftum sem þar voru áður (annarsvegar líklega þær sem Brynjúlfur merkir sem númer 7 eða 8 en hins vegar á stað sem illa er hægt að koma heim og saman við kort Brynjúlfs). Í vesturjaðri túnsins er önnur hinna meintu búðatófta (merkt númer 9 á uppdrætti Brynjúlfs) og er austurendi hennar austan undir girðingunni sem markar af túnið og gæti hafa verið skorið örlítið af enda hennar við túnrækt. Allra vestast er svo meint búðatóft í hvammi (merkt númer 1 á uppdrátt Brynjúlfs) og er hún óröskuð en mjög sigin. Festarklettur í Gilinu er nú fallinn fram en var staðsettur.

Ástand:

Búðatóftirnar sem Brynjúlfur Jónsson lýsti í Árbók 1909 voru 10 talsins en flestar þeirra hafa nú verið sléttaðar í tún. Eftir standa 2-3 tóftir og að auki ein af þeim tóftum sem Brynjúlfur taldi upp aukalega, allra austast.

Þinglýsing, 1931-05-29

Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:

Afar fjölskrúðugt menningarlandslag er að finna á slóðum hinna friðlýstu minja í landi Seglbúða og nær friðlýsingin yfir mjög stórt svæði. Á því leynast margvíslegar leifar s.s. bæjartóftir og sambyggður kálgarður (sem einnig eru friðlýst undir sérstöku númeri) útihús, garðar, mylla, þvottastaður, andakofi og túngarður svo fátt eitt sé nefnt. Minjarnar spanna vítt tímabil en flestar eru líklega frá 18.-19. öld og ná fram á þá 20. Hinar meintu búðatóftir sem eru friðlýstar hafa farið illa í túnasléttun á 20. öld og eru því flestar horfnar af yfirborði. Þó fundust tvær af þeim tíu tóftum sem Brynjúlfur Jónsson fjallar um í grein sinni í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1909 og að auki ein af þeim tóftum sem hann fjallar um aukalega og segir forna. Ekki voru skráðar minjar sem augljóslega virtust frá 18.-20. öld enda ljóst að þær eru ekki friðlýstar.

Upplifun:
Svæðið í heild er talsvert heillandi og mikinn fjölda mannvistarleifa er þar að finna. Þær minjar sem eru friðlýstar, þ.e. meintar búðatóftir eru hins vegar að talsverðu leyti horfnar. Tvær eru eftir og minna þær talsvert á íveruhús frá fyrstu öldum, eru signar og aflangar, og bendir lag þeirra ekki sérstaklega til hefðbundinna búðatófta.

Táknrænt gildi:
Meintar búðatóftir hafa verið tengdar við sagnir um að sjór hafi náð upp að Seglbúðahraunbrúninni og inn í Gilið og þannig sé bæjarnafnið komið. Sú sögn lifir góðu lífi hjá ábúendum enn í dag. Það sama gildir um meintan Festarklett á sama svæði. Það má því segja að tóftirnar hafi gildi sem hluti af þeirri trú um sjávarstöðu á fyrri öldum sem fylgt hefur svæðinu um aldir. Full heimildaúttekt gæti aukið enn á skilning okkar á táknrænu gildi svæðisins.

Aðgengi:
Aðgengi að svæðinu er sæmilegt og er stutt leið af hlaðinu á Seglbúðum niður að vestari tóftinni. Austari tóftin er austan við Gilið en þó er hvorki langur né erfiður gangur að henni.

Notkunargildi:
Notkunargildi er þó nokkuð. Til að komast að minjunum þarf hins vegar að leggja í hlaði á bæ sem er í byggð og ganga um svæði sem er nytjað af bændum á jörðinni og því vart hægt að mæla með að fólki verði beint þangað í nokkru magni.



Mynd 10: Ein tóftanna á minjasvæðinu, horft til suðurs.

Vestur-Skaftafellssýsla

Skaftárhreppur Hét: Skaftárhreppur (árið 1990)

85001802 Seglbúðir *Seglbúðir* Friðlýst sem sáðgarðar

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"b. Fornir sáðgarðar, sem eru sunnan í 3. og 4. hraunnefinu frá gilinu talið. [Minjar undir lið a-b hafa verið sléttaðar út. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]."

Frumtexti:
"a. Fornar búðatóftir, flestar óglöggar, á 2 uppgrónum hraunnefjum fyrir austan gilið, sem er gljúfragjá inn með túninu að austan. b. Fornir sáðgarðar, sem eru sunnan í 3. og 4. hraunnefinu frá gilinu talið. c. Bæjarrústir þar sem gamli bærinn hefir staðið, vestanundir framendanum á Bæjarkletti, við mynni gilsins [Minjar undir lið a-b hafa verið sléttaðar út. (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]. Sbr. Árb. 1909: 6-8 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931." Brynjúlfur lýsir fjórum sáðgörðum í grein í Árbók 1909 og er einn þeirra mögulega sá sem er friðlýstur með bæjartóftinni, a.m.k. er hvergi að finna sáðgarð „b“ á uppdrætti hans. Gerði c og d segir hann vera á þriðja og fjórða hraunnefinu og hafa þeir samkvæmt því verið næst meintri búðatóft númer 7-8 sem er líklega einn af þeim tveimur stöðum sem Jón Helgason mundi eftir búðatóft á og staðsetning var mæld upp með búðatóftum. Sáðgarður „d“ virðist af einhverjum orsökum ekki friðlýstur sérstaklega en hann er sá eini þeirra sem eitthvað sést eftir af og var staðsetningarpunktur tekinn þar og sáðgarðsveggur mældur upp. Hraunnef 3-4 eru nú hluti af rennisléttu túni og engin ummerki er að finna um sáðgarðana sem þar voru. Ekki er friðlýsingaskilti á svæðinu.

Ástand:
Hinir friðlýstu sáðgarðar eru líklega horfnir.

Þinglýsing, 1931-05-29
Undirritun, 1930-10-25 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheil
Afar fjölskrúðugt menningarlandslag er að finna á slóðum hinna friðlýstu minja í landi Seglbúða og nær friðlýsingin yfir mjög stórt svæði. Á því leynast margvíslegar leifar fornra tófta (friðlýst sem búðir) og bæjartóftar/kálgarðs (sem einnig er friðlýst), útihús, garðar, mylla, þvottastaður, andakofi og túngarður svo fátt eitt sé nefnt. Minjarnar spanna vítt tímabil en flestar eru líklega frá 18.-19. öld og ná fram á þá 20. Brynjúlfur Jónsson lýsir fjórum forum sáðgörðum (a,b,c, og d) en svo virðist sem friðlýsingin nái aðallega/einvörðungu til tveggja þeirra, þ.e. þeirra sem voru á austustu tveimur hrauntungunum. Þriðji kálgarðurinn (merktur a) á kortið) hefur verið í brekkunni suðaustan við núverandi íbúðarhús og einn hluti gerðisins er enn merkjanlegur. Ekki er að sjá að Brynjúlfur merki þriðja kálgarðinn (b) inn á kortið. Þeir garðar sem eru klárlega friðlýstir eru alveg horfnir í túnasléttun. Brynjúlfur tekur fram að sáðgarðarnir líti ekki eins fornlega út og hinar meintu búðatóftir.

Upplifun:
Upplifun þess að skoða rústasvæðið í heild er talsverð en sáðgarðarnir eru nú að mestu/öllu horfnir þannig að einir og sér hafa þeir lítið upplifunargildi.

Táknrænt gildi:
Vart er hægt að segja að sáðgarðarnir hafi mikið táknrænt gildi.

Aðgengi:
Aðgengi að svæðinu er sæmilegt og er stutt leið af hlaðinu á Seglbúðum niður að þeim sáðgarðsvegg sem sést, sem virðist þó ekki inni í friðlýsingunni. Þeir sáðgarðar sem voru greinilega friðlýstir eru hins vegar innan túns sem enn er slegið og yfir girðingu að fara að þeim.

Notkunargildi:
Minjastaðurinn hefur lítið notkunargildi þótt rök mætti færa fyrir því að rannsóknargildi hans væri nokkurt ef um forna sáðgarða er að ræða. Fyrst þyrfti þó að staðsetja þá garða sem eru horfnir með meiri vissu en sem fyrr segir er einn veggur af þriðja garðinum sem Brynjúlfur lýsti enn greinanlegur og því auðvelt að staðsetja hann.



Mynd 11: Minjasvæðið við Seglbúðir, horft til norðurs.

Vestur-Skaftafellssýsla

Skaftárhreppur Hét: Skaftárhreppur (árið 1990)

85002001 Ytri-Dalbær *Dalbær* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Allar minjar um byggingar, þar sem Dalbær stóð, áður en Eldhraunið grandaði honum 1783."

Frumtexti:
"Allar minjar um byggingar, þar sem Dalbær stóð, áður en Eldhraunið grandaði honum 1783. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966." Friðlýsingaskilti er á staðnum en þar við er einnig skilti frá Kötlu geopark um Skaftárelda.

Ástand:
Grasi vaxin vin í mosavöxnu hrauni og snýr túnið norðaustur-suðvestur. Túnið er nú sundurskorið af Holtsvegi. Sjálf bæjarrústin er í mjög góðu ástandi ef frá er talið hvernig hraunið þrengir að henni. Aðrar rústir eru flestar óskýrari en í ágætu ástandi.

Þinglýsing, 1966-10-26
Undirritun, 1966-10-18 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á svæðinu eru fimm mannvirki, mjög misskýr og að auki eru í túninu hólar á nokkrum stöðum þar sem mögulegt er að mannvistarlög leynist undir sverði en þóttu of óskýrir til að þeir væru skráðir sérstaklega. Greinilegasta mannvirkið á svæðinu er hluti af bæjartóft og gerði (merkt 01), norðaustan hennar er afar óljós U-laga þúst (02), þá veggjahleðslur sem líklega eru af einhvers konar signu gerði (03) og allra norðaustast eru óljósar leifar þústar í hraunkantinum (04). Vestan Holtsvegar má greina rúst (05) upp við klettabrún á einum stað, fast vestan við veginn. Mögulegt er að ólíkt öðrum rústum á svæðinu sé þessi þúst byggð eftir að hraunið 1783 rann.

Upplifun:
Svæðið er á mjög afgerandi graseyju í hraunbreiðunni í Skaftá og renna kvíslir beggja vegna við hana. Túnið er gróið og áberandi grænt en hraunbreiða allt í kring. Svæðið sést frá þjóðvegi og er einkar fallegt.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur talsvert táknrænt gildi og gæti hentað vel til kynningar á Skaftáreldum og einnig haft skírskotun til víðara sviðs Íslandssögunnar og varpað ljósi á sambúð manns og náttúru (sögu eldsumbrota og mannvistar hér á landi). Full heimildaúttekt gæti varpað betra ljósi á staðinn og táknrænt gildi hans.

Aðgengi:
Aðgengi að svæðinu er mjög gott. Holtsvegur liggur í gegnum minjasvæðið en afleggjari er af veginum um 70 m norðvestan við túnið við stæðilega skilarétt þar sem hægt er að leggja bílum og auðveldur gangur að minjasvæðinu. Talsverð umferð ferðamanna er þegar um svæðið enda liggur framhald Holtsvegar að Fjaðurárgljúfri og í framhaldi af honum liggur svo Lakavegur sem talsvert er farinn. Stærstur hluti túnsins er norðaustan við Holtsveg en vissulega skemmir fyrir minjasvæðinu að vegurinn hefur verið lagður þvert yfir það og því væri erfitt að tengja göngu um vesturhluta túnsins inn í heimsókn á svæðið.

Notkunargildi:
Staðurinn virðist á margan hátt upplagður til kynningar. Minjarnar eru fallegar og staðsettar á skemmtilegum stað í hraunbreiðunni, þær sjást frá vegi, auðvelt er að leggja bílum skammt frá og staðurinn er á svæði sem þegar er mikið nýtt af ferðamönnum. Með því að miðla góðum kortum, loftmyndum og ljósmyndum ásamt fróðleik um staðinn mætti gera hann að skemmtilegum áfangastað.



Mynd 12: Bæjarrústin, horft til norðurs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Vestur-Eyjafjallahreppur (árið 1990)

86000701 Seljaland *Rangárvallasýsla* Friðlýst sem hof

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum."

Frumtexti:
"1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið. Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Meint hoftóft er ofarlega í svokallaðri Hofstorfu sem hallar til suðvesturs. Tóftin er að öllum líkindum af beitarhúsum sem samanstendur af fjárhúshluta og hlöðu sem grafin er inn í aflíðandi halla. Ekki er friðlýsingarskilti við tóftina.

Ástand:
Tóftin er óröskuð og gróin. Í miðjum fjárhúshluta tóftarinnar eru líklega ummerki um prufuskurð sem Matthías Þórðarson gróf í tóftina.

Þinglýsing, 1927-05-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftin er stakstæð og alllangt frá bæ. Ein sigin og ógreinileg tóft er í Hofstorfunni um 70 m norðvestan við hana.

Upplifun:
Tóftin er nokkuð sigin og ógreinileg fyrir leikmenn og hefur ekki mikið fræðslugildi umfram önnur beitarhús eða fjárhús.

Táknrænt gildi:
Hefur ekki táknrænt gildi. Ekki hefur verið gerð ítarleg heimildakönnun fyrir staðinn.

Aðgengi:
Nokkuð erfitt aðgengi er að tóftinni. Fara þarf yfir tún, girðingar og læki og klífa Hofstorfuna sem er allbrött.

Notkunargildi:
Hefur lítið notkunargildi.



Mynd 13: Tóftin í Hofstorfunni, horft til suðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Vestur-Eyjafjallahreppur (árið 1990)

86000702 Seljaland *Seljaland* Friðlýst sem hellar
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið."

Frumtexti:
"1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið. Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er skammt norðan við bæjarhól Seljalands, í stakstæðum kletti undir brekku. Hellirinn er sunnan í klettinum og lækur rennur framan við hann. Þetta er í raun einn hellir sem skiptist í þrjú hólf en hvert hólf hefur sitt eigið númer (sjá 86000703, 86000704). Sameina mætti alla þessa hella undir einu númeri enda um sama mannvirkið að ræða. Hér er verið að skrá austasta hólfið. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Jafnframt er greinargóð lýsing á hellinum í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn opnast til suðurs og hleðsla er fyrir opinu. Lofthæðin er um 5 m og næðir um hellinn þegar hvasst er. Mikið af krossmörkum er í veggjum, stoðarholum og syllum. Í norðvesturhorni er op yfir í næsta hólf, í 2 m hæð.

Þinglýsing, 1927-05-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru fjórir friðlýstir staðir í landi Seljalands. Saman mynda þeir minjaheild sem áhugavert er að skoða og hefur mikið rannsóknargildi. Jafnframt er hellirinn hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella og eru þeir fleiri en einn á Seljalandi. Það er menningarlandslag sem vert er að varðveita og er athyglisvert. Fjárhús byggð um 1900 eru ofan við hellinn, uppi í brekkunni og fleiri tóftir eru þar nærri sem voru innan gamla heimatúnsins.

Upplifun:
Hellirinn er afar fallegur og setur sterkan svip á bæjarmyndina og umhverfið. Veggirnir eru skreyttir í öllum hólfunum, fjölmargir krossar og fangamörk setja skemmtilegan svip á mannvirkið. Leikmenn gera sér grein fyrir notkun hellisins og hversu merkilegt þetta er, þ.e. að klappa út hella og mikil vinna.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur mikið táknrænt gildi. Hann er gjarnan tengdur við elstu búsetu á Íslandi og á seinni tímum sem ummerki um Papa. Hellarnir hafa verið nýttir lengi og fjölmargar frásagnir tengdar þeim eru varðveittar.

Aðgengi:
Hellirinn er í bæjahlaði Seljalands, og sést þegar komið er að bæjunum. Það þarf að fara yfir eina girðingu og læk áður en komið er að hellinum. Grasivaxið svæði er umhverfis hann og bratt ofan við klettinn. Landeigandi er jákvæður gagnvart heimsóknum en vill að hellirinn verði lagfærður fyrst enda liggur hann undir skemmdum.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er vel varðveittur, umhverfið gróið og aðgengi auðvelt. Þetta er fallegur minjastaður sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.



Mynd 14: Hellarnir þrír í landi Seljalands, horft til norðnorðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Vestur-Eyjafjallahreppur (árið 1990)

86000703 Seljaland *Seljaland* Friðlýst sem hellar

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið."

Frumtexti:
"1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið. Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er skammt norðan við bæjarhól Seljalands, í stakstæðum kletti undir brekku. Hellirinn er sunnan í klettinum og lækur rennur framan við hann. Þetta er í raun einn hellir sem skiptist í þrjú hólf en hvert hólf hefur sitt eigið númer (sjá 86000703, 86000704). Sameina mætti alla þessa hella undir einu númeri enda um sama mannvirkið að ræða. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Jafnframt er greinargóð lýsing á hellinum í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Hér er verið að skrá hólfið í miðjunni.

Ástand:
Hellirinn opnast til suðurs og er í miðjunni. Hellirinn er stór og opnast inn í hin hólfin til austurs og vesturs. Strompur er í loftinu en þar er farg yfir. Meitlaför, krossar, fangamörk og stoðarholur eru víða í veggjum. Ekki sér til annarra mannvirkja.

Þinglýsing, 1927-05-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru fjórir friðlýstir staðir í landi Seljalands. Saman mynda þeir minjaheild sem áhugavert er að skoða og hefur mikið rannsóknargildi. Jafnframt er hellirinn hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella og eru þeir fleiri en einn á Seljalandi. Það er menningarlandslag sem vert er að varðveita og er athyglisvert. Fjárhús byggð um 1900 eru ofan við hellinn, uppi í brekkunni og fleiri tóftir eru þar nærri sem voru innan gamla heimatúnsins.

Upplifun:
Hellirinn er afar fallegur og setur sterkan svip á bæjarmyndina og umhverfið. Veggirnir eru skreyttir í öllum hólfunum, fjölmargir krossar og fangamörk setja skemmtilegan svip á mannvirkið. Leikmenn gera sér grein fyrir notkun hellisins og hversu merkilegt þetta er, þ.e. að klappa út hella og mikil vinna.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur mikið táknrænt gildi. Hann er gjarnan tengdur við elstu búsetu á Íslandi og á seinni tímum sem ummerki um Papa. Hellarnir hafa verið nýttir lengi og fjölmargar frásagnir tengdar þeim eru varðveittar.

Aðgengi:
Hellirinn er í bæjahlaði Seljalands, og sést þegar komið er að bæjunum. Það þarf að fara yfir eina girðingu og læk áður en komið er að hellinum. Grasivaxið svæði er umhverfis hann og bratt ofan við klettinn. Landeigandi er jákvæður gagnvart heimsóknum en vill að hellirinn verði lagfærður fyrst enda liggur hann undir skemmdum.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er vel varðveittur, umhverfið gróið og aðgengi auðvelt. Þetta er fallegur minjastaður sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Vestur-Eyjafjallahreppur (árið 1990)

86000704 Seljaland *Seljaland* Friðlýst sem hellar
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið."

Frumtexti:
"1. Hoftóftarleifar í Hofstorfu, austur og upp frá bænum. Sbr. Árb. 1888-1892: 36-37. 2. Hellar þrír manngjörvir í hörðum þursabergskletti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfrið. Sbr. Árb. 1902: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er skammt norðan við bæjarhól Seljalands, í stakstæðum kletti undir brekku. Hellirinn er sunnan í klettinum og lækur rennur framan við hann. Þetta er í raun einn hellir sem skiptist í þrjú hólf en hvert hólf hefur sitt eigið númer (sjá 86000703, 86000704). Sameina mætti alla þessa hella undir einu númeri enda um sama mannvirkið að ræða. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Jafnframt er greinargóð lýsing á hellinum í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Hér er verið að skrá vestasta hólfið.

Ástand:
Hellirinn opnast til suðurs og er vestastur þeirra þriggja sem þarna eru. Hellirinn er lítill og tvö op eru á honum. Mikil grjótdreif er inni í hólfinu sem bendir til þess að þar hafi verið frekari hólfaskipting. Meitlaför og stoðarholur sjást í veggjum.

Þinglýsing, 1927-05-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru fjórir friðlýstir staðir í landi Seljalands. Saman mynda þeir minjaheild sem áhugavert er að skoða og hefur mikið rannsóknargildi. Jafnframt er hellirinn hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella og eru þeir fleiri en einn á Seljalandi. Það er menningarlandslag sem vert er að varðveita og er athyglisvert. Fjárhús byggð um 1900 eru ofan við hellinn, uppi í brekkunni og fleiri tóftir eru þar nærri sem voru innan gamla heimatúnsins.

Upplifun:
Hellirinn er afar fallegur og setur sterkan svip á bæjarmyndina og umhverfið. Veggirnir eru skreyttir í öllum hólfunum, fjölmargir krossar og fangamörk setja skemmtilegan svip á mannvirkið. Leikmenn gera sér grein fyrir notkun hellisins og hversu merkilegt þetta er, þ.e. að klappa út hella og mikil vinna.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur mikið táknrænt gildi. Hann er gjarnan tengdur við elstu búsetu á Íslandi og á seinni tímum sem ummerki um Papa. Hellarnir hafa verið nýttir lengi og fjölmargar frásagnir tengdar þeim eru varðveittar.

Aðgengi:
Hellirinn er í bæjahlaði Seljalands, og sést þegar komið er að bæjunum. Það þarf að fara yfir eina girðingu og læk áður en komið er að hellinum. Grasivaxið svæði er umhverfis hann og bratt ofan við klettinn. Landeigandi er jákvæður gagnvart heimsóknum en vill að hellirinn verði lagfærður fyrst enda liggur hann undir skemmdum.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er vel varðveittur, umhverfið gróið og aðgengi auðvelt. Þetta er fallegur minjastaður sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Austur-Landeyjahreppur (árið 1990)

86000902 Voðmúlastaðir/Leifsstaðir *Vorsabæjarvöllur*

Friðlýst sem sáðgarðar
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum."

Frumtexti:
"1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablásturs-minjum í nánd. Sbr. Árb. 1900: 2; Aarb. 1926: 157-161. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum. Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Þessar minjar eru nú í landi Leifsstaða, líkt og Fornufjós, en ekki Voðmúlastaða. Rætt var við staðkunnuga og vissu þeir ekki hvar þessar minjar væri að finna. Þeir bentu á tvær þústir, skammt norðan við Fornufjós og töldu það líklegasta staðinn. Þar sjást tóft, þúst og garðlag. Þessar minjar eru nánast í miðjum vellinum en þar eru nú slétt tún til norðurs. Ítarlegri heimildir eru m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Frekari heimildavinnu þarf svo hægt sé að staðsetja minjastaðinn með meiri vissu.

Ástand:
Tóftin er sigin en vel varðveitt. Þústin er skammt vestar. Garðlagið liggur í sveig sunnan við tóftina, er útflatt og ógreinilegt. Ekki er víst hvort að um sáðgarðana er að ræða. Þýfður mói og tún eru allt umhverfis.

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í landi Voðmúlastaða og Leifsstaða eru fjórir friðlýstir minjastaðir. Því miður hefur vitneskja um tvo þeirra glatast að hluta og hvaða minjar tilheyra þeim. Það er þessi staður sem hér er skráður og áveita 86000903. Saman mynda þessir staðir þó minjaheild en hún er nokkuð óljós og þarfnast frekari rannsókna. Þrátt fyrir það eru þessir staðir mikilvægur hluti af menningarlandslagi sem aðlagaðist miklum vatnsföllum sem breyttu farvegum sínum og ollu skaða á köflum.

Upplifun:
Þegar komið er að Leifsstöðum sjást Fornufjós vel og gamlar skilaréttir norðan við bæinn. Þessi minjastaður lætur minna yfir sér enda ekki vitað með vissu hvar hann var og hvaða minjar tilheyrðu honum. Fólk á erfitt með að gera sér grein fyrir nýtingu þeirra án frekari heimilda.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi.

Aðgengi:
Gott aðgengi er að minjunum. Slétt tún er sunnan þeirra og engin girðing. Um 2 mínútna gangur frá gamla þjóðveginum er að staðnum. Landeigandi er jákvæður þegar kemur að heimsóknum á svæðið.

Notkunargildi:
Notkunargildi þessa staðar er lítið eitt og sér. Sé hann settur í samhengi við aðra minjastaði á jörðinni eykst það til muna. T.d. er örstutt í Fornufjós og áveitu 86000903 og auðvelt að ganga á milli þeirra.



Mynd 15: Minjasvæðið, horft til suðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Austur-Landeyjahreppur (árið 1990)

86000903 Voðmúlastaðir *Vorsabæjarvöllur* Friðlýst sem vatnveitustokkar

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"3. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum."

Frumtexti:
"1. Leifar Gamla-Vorsabæjar ásamt rauðablásturs-minjum í nánd. Sbr. Árb. 1900: 2; Aarb. 1926: 157-161. 2. Leifar tveggja gamalla sáðgarða, og þriggja kringlóttra smátófta í nánd, í Vorsabæjarvelli, nær honum miðjum. Ennfremur gamlir vatnsveitustokkar, margir og langir, sem liggja eftir endilöngum vellinum, ásamt mörgum fornum stíflum í farveginum. Sbr. Árb. 1900: 2-3. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Áveitumannvirkin sem eru friðlýst hafa náð yfir stórt svæði sem er að miklu leyti komið undir tún sem tilheyra nýbýlinu Leifsstöðum. Svo virðis sem gamlir ár- og lækjarfarvegir hafi verið stíflaðir og sjást enn stíflur á þremur stöðum í farvegi á litlum kafla á milli vegar og smáþýfðs móa, fast vestan við Fornufjós. Ekki er friðlýsingarskilti við minjarnar.

Ástand:
Ástand minjanna sem enn sjást er ágætt en eru í hættu vegna ræktunar, vegagerðar og náttúrulegs trjágróðurs.

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Einnig skráð á Vorsabæ.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar eru sundurslitnar af jarðrækt, vegagerð og annarskonar raski. Eru fast vestan og suðvestan við aðrar friðlýstar fornminjar; Fornufjós og sáðgarða og smátóftir (86000902).

Upplifun:
Ekki er gott að gera sér umhverfið sem minjarnar eru sprottnar úr í hugarlund vegna túnasléttunar og mikilla breytinga sem orðið hafa á svæðinu. Þar sem minjarnar sjást enn eru þær ógreinilegar.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi.

Aðgengi:
Nokkuð gott aðgengi er að minjunum en þær eru fast norðan við veg og ekki þarf að fara yfir girðingu til að komast að þeim.

Notkunargildi:
Lítið notkunargildi.



Mynd 16: Stíflur sjást enn á þremur stöðum í farveginum, horft til norðnorðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing eystra Hét: Hvolhreppur (árið 1990)

86001804 Efri-Hvoll *Íraheiði* Friðlýst sem sáðreitir

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Sáðreitir, fornir í hárri brekku, suðaustan í Íraheiði, niður með Þórunúpslæk [Mun eiga að vera Þórunúpsgil. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ingunnar Óskar Sigurðardóttur, Efra-Hvoli).] að vestan."

Frumtexti:
"1. Hellar þrír manngjörvir í útnorðurbakka Hvolslækjar, austur frá bænum. Sbr. Árb. 1905: 55. 2. Sáðreitir, fornir í hárri brekku, suðaustan í Íraheiði, niður með Þórunúpslæk [Mun eiga að vera Þórunúpsgil. (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Ingunnar Óskar Sigurðardóttur, Efra-Hvoli).] að vestan. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Í brekkunni suðaustan í Íraheiði eru tvö samtengd gerði, hvort upp af öðru. Vestan við efra gerðið sjást ummerki um torfristu þar sem höft hafa verið skilin eftir á milli pæla. Ekki er friðlýsingarskilti við minjarnar.

Ástand:
Ástand minjanna er nokkuð gott en gamall vegur sem lá að Þórunúpi liggur þvert í gegnum neðra gerðið, ofarlega. Gerðin eru sigin og gengin í þúfur.

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Ekki er búið að aðalskrá fornleifar í Hvolhreppi og því ekki mikið vitað um aðrar minjar í nágrenni meintra akurgerða. Þegar loftmyndir af svæðinu voru skoðaðar sást að talsvert er af tóftum og fornlegum garðlögum í Íraheiði en innbyrðis samband þessara minja er ekki þekkt. Einnig er vert að geta þess að meint akurgerði eru ekki langt frá tóftum við Efra-Hvolshella sem virðast mjög fornlegar.

Upplifun:
Minjarnar eru mjög signar og ógreinilegar á stórum köflum og því erfitt að átta sig á þeim.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi.

Aðgengi:
Ágætt aðgengi er að minjunum en þær eru litlu ofan og norðan við malarveg (mjóan) sem liggur að Þórunúpi. Fara þarf yfir girðingu til að komast að þeim.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa takmarkað notkunargildi þar sem lítið er vitað um þær.



Mynd 17: Friðlýstu sáðreitirnir í Íraheiði, horft til suðurs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Rangárvallahreppur (árið 1990)

86002204 Keldur *Keldnakot* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Rústir eyðibýlanna ... Keldnakots."

Frumtexti:
"1. Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots. Sbr. Árb. 1898: 19-22. 2. Leifar fornra, uppblásinna dysja, skamt fyrir vestan Rangá eystri. Sbr. Árb. 1892: 48. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Sýnilegar minjar um býlið Keldnakot eru tveir rústahólar, sá austari þeirra er sýnu stærri og ætla má að þar hafi bærinn staðið. Í hinum hólnum hefur að líkindum verið útihús, líklega fjós. Óljóst mótar fyrir útlínum húsa í hólunum. Ekki eru fleiri minjar þekktar í nágrenni staðarins sem hægt væri að tengja við býlið en vörður á leið eru vestan og sunnan við það. Nánari upplýsingar um Keldnakot og vörðuðu leiðina má finna í skýrslu FS446-06192 Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II, I. Bindi (Kristborg Þórsdóttir, 2010). Ekki er friðlýsingarskilti á staðnum.

Ástand:
Minjarnar eru á uppblásnu svæði fast norðan við malarveg. Minjarnar eru illa farnar af uppblæstri en mikið af mannvistarleifum er í rústahólunum sem enn sjást á svæðinu.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Þar sem um er að ræða minjar af fornum bæjarhól og líklega útihúsi (e.t.v. fjósi) er gildi minjanna nokkuð. Séu þessar minjar settar í víðara samhengi við þróun byggðar í ljósi uppblásturs og nálægð við Heklu hafa þær mikið gildi. Minjarnar hafa þar að auki gríðarmikið rannsóknargildi.

Upplifun:
Erfitt er fyrir leikmann að átta sig á minjunum og umfangi þeirra. Svæðið umhverfis er meira og minna uppblásið og því gæti reynst erfitt að átta sig á umhverfinu eins og það var. Staðurinn gæti hentað til fræðslu um byggðaþróun og sögu uppblásturs og landgræðslu á svæðinu. Hafa þarf í huga að minjarnar eru mjög viðkvæmar og þola alls ekki að fjöldi fólks gangi á þeim. Malarvegur milli Keldna og Gunnarsholts er fast sunnan við minjarnar og spillir fyrir upplifun en auðveldar aðgengi.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi nema ef vera skyldi sem dæmi um örlög margra býla á svæðinu.

Aðgengi:
Mjög gott aðgengi er að minjunum vegna þess að þær eru fast norðan við malarveg og ekki þarf að fara yfir girðingu til að komast að þeim. Ekki er aðstaða til að leggja bílum í vegkanti. Viðhorf landeigenda til nýtingar er ekki vitað.

Notkunargildi:
Hægt væri að nýta þessar minjar til að kynna sögu uppblásturs og áhrif hans á svæðinu en einnig til að vekja athygli á sögu landgræðslu og tengja við sýningu þar að lútandi í Gunnarsholti. Hins vegar eru minjarnar mjög viðkvæmar og þola illa ágang.



Mynd 18: Annar af rústahólunum tveimur. Þeir eru uppblásnir og lítt greinanlegir úr fjarlægð. Horft er til norðurs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Rangárvallahreppur (árið 1990)

86002205 Keldur *Keldur* Friðlýst sem kuml, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Leifar fornra, uppblásinna dysja, skamt fyrir vestan Rangá eystri."

Frumtexti:
"1. Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs, Landgils, Melakots og Keldnakots. Sbr. Árb. 1898: 19-22. 2. Leifar fornra, uppblásinna dysja, skamt fyrir vestan Rangá eystri. Sbr. Árb. 1892: 48. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Samkvæmt bókinni Kuml og haugfé fundust kuml á tveimur stöðum nærri Rangá eystri á landamerkjum Árbæjar og Keldna. Þar segir enn fremur að þau séu blásin upp. Heimildir kveða á um að bein fimm eða sex manna hafi fundist í öðru kumlinu og fleiri í hinu. Nákvæm staðsetning kumlanna er ekki þekkt en annað var í landi Keldna en hitt í landi Árbæjar og skilja ríflega 300 m á milli. Uppblásinn hóll, líklega leifar býlis, er skammt frá hugsanlegri staðsetningu kumlsins í landi Árbæjar. Ekki er víst um hvort kumlið friðlýsingin á. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Kumlin hafa verið á svæði þar sem nú er uppblásið hraunlendi. Lítið sést til minjanna. Fjallabaksleið syðri liggur þarna um. Norðan vegar er svæðið mun grónara en sunnan þess, vaxið lúpínu. Hóllinn er lítt gróinn og illa farinn af uppblæstri.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Fornleifastofnun Íslands er einnig með hnit á öðru kumli (449569,369583).

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hér er um að ræða tvo kumlateiga sem staðsettir eru nálægt býli (hér skráð sem þústahóll), leið og vað.

Upplifun:
Lítið sést til kumlanna og er upplifunin eftir því. Aðrar minjar á svæðinu eru sýnilegri þó þær séu ef til vill ekki augljósar í augum leikmanna. Ekki er auðvelt að átta sig á umfangi, formi og uppruna minjanna þar sem þær eru annað hvort vaxnar lúpínu eða uppblásnar að miklu leyti. Gera mætti upplifunina sterkari með upplýsingum.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er mjög mikið. Hér áttu sér stað atburðir sem sagt er frá í Njálu og hafa kumlateigarnir verið tengdir við þá frásögn. Á þessu svæði fannst einnig armbaugur með útskornum hirti og hefur hann einnig verið tengdur sögunni. Skammt frá kumlateigunum er Gunnarssteinn, fjölsóttur staður þar sem er upplýsingaskilti.

Aðgengi:
Aðgengi er mjög gott. Minjastaðurinn er við Fjallabaksleið syðri. Ofan vegar og nær ánni, þeim megin sem hóllinn er og annað kumlið, þarf ekki að fara yfir neinar girðingar en neðan hans er yfir eina girðingu að fara til að komast að þeim stað sem kumlateigurinn hefur veri

Notkunargildi:
Svæðið býður upp á ýmsa notkunarmöguleika en hafa þarf í huga hvort minjarnar þoli ágang, enda er hér um mjög viðkvæmt landslag og upp blásið að ræða.



Mynd 19: Þústin þar sem talið er að eystra kumlið hafi verið, horft til norðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003101 Bjalli *Akurgarðar* Friðlýst sem akrar

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Fornar girðingar, er kallast Akurgarðar, ofanvert við Lækjarbotnalæk."

Frumtexti:
"Fornar girðingar, er kallast Akurgarðar, ofanvert við Lækjarbotnalæk. Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Minjarnar samanstanda af nokkrum áveitugörðum, rennu, tóft og læk sem líklega var niðurgrafinn að hluta. Minjarnar eru á stóru svæði en hluti þeirra er líklega komin undir slétt tún/kartöflugarða og horfið við þá framkvæmd. Garðarnir mynda hólf þar sem vatni var veitt inn með rennunni og læknum, á svæðið milli þeirra. Ekki er vitað hvaða hlutverk tóftin hafði, mögulega var hún heystæði. Vatninu var veitt úr Lækjarbotnalæk yfir flatt svæði, milli gróinnar hraunbrúnar og Krossholts. Miklar reiðgötur liggja yfir garðlögin á tveimur stöðum, önnur þeirra liggur að Stóruvöllum. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Garðlögin eru útflött, algróin og torfhlaðin. Svæðið milli þeirra er stórþýft en flatt. Víða eru rof eftir ágang búpenings og rennan sést vel en henni hefur m.a. verið viðhaldið af hrossum sem hlaupa eftir henni. Garðlögin sjást þegar að er komið.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Einnig skráð á Efra-Sel og Neðra-Sel.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Land Bjalla blés illa upp en þetta svæði slapp og er ennþá nýtt til beitar þrátt fyrir að jörðin sé farin í eyði. Akurgarðarnir eru á flötu svæði, milli gróinnar hraunbrúnar til austurs og lítils holts til vesturs, þar er nú stórþýfð heiði. Garðlögin sjást illa úr fjarlægð en þegar gengið er yfir svæðið blasa þau við. Það er ekki oft sem svo stór hluti áveitukerfis er varðveittur, þrátt fyrir að hluta þess hafi líklega verið raskað. Áveitan er skemmtileg minjaheild á landsvæði sem varð illa úti í uppblæstri. Þetta mannvirki hefur haft mikil áhrif á nánasta menningarlandslag.

Upplifun:
Það er áhugavert að skoða þennan stað, umfangið er slíkt. Garðlögin ná yfir stórt svæði og fólk gerir sér grein fyrir nýtingu þess. Það væri þó gott að hafa skilti eða einhverjar upplýsingar fyrir aðkomufólk, stærðin er slík.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér.

Aðgengi:
Tóftirnar hafa mikið kynningargildi og aðgengið er ágætt. Stærsti garðurinn sést beggja vegna við þjóðveginn og hægt að ganga frá honum. Það þarf að fara yfir tvær girðingar og ganga í þýfðum móa.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur mikið notkunargildi, ekki síst á netinu eða með skilti. Einnig er hægt að ganga þarna yfir og upp á hraunbrúnina til að skoða það betur.



Mynd 20: Akurgarðar, horft til austurs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003301 Eskiholt *Síðunes* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness ... Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholts-bjalla."

Frumtexti:
"Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness og Eskiholts. Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholts-bjalla. Sbr. Árb. 1907: 26-27. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Síðunes samanstendur af tveimur uppblásnum rústahólum og óljósu garðlagi, mögulega hluta af túngarði fyrir norðan áætlaða staðsetningu heimatúnsins. Hólarnir eru vestan undir uppblásinni brún Merkurhrauns og nánasta umhverfi er gjörblásið. Fyrir suðvestan bæjarhólinn er hvammur og var heimatúnið líklega þar og til vesturs. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Bæjarhóllinn er uppblásinn, hleðslugrjót er á honum og allt umhverfis. Hóllinn er í lágri brekku niður hraunbrún, fyrir sunnan og vestan hann er hvammur. Ekki má greina veggi, hólf eða útlínur bygginga á hólnum. Hinn hóllinn er minni og var líklega útihús

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Einnig skráð á Skarð.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Rústahólarnir í Síðunesi eru hluti af fornu menningarlandslagi sem er að stórum hluta horfið. Þetta svæði umturnaðist í gríðarlegum uppblæstri á 18.-19. öld sem líkja má við náttúruhamfarir. Lítið af minjum sést á þessu uppblásturssvæði fyrir utan einstaka bæjarhól sem stóðst uppblásturinn. Allt landslagið breyttist líka og þessar minjaheildir sem og landlagið hafa gríðarlega rannsóknarmöguleika. T.d. sést ekki til vatns hér lengur. Minjarnar hér eru ekki miklar en mikilvægi þeirra er því meira. Staðurinn er ennþá í stórhættu sökum uppblásturs.

Upplifun:
Minjastaðurinn lætur lítið yfir sér og ekkert sem bendir til þess fyrir leikmenn að um býli sé að ræða. Allt umhverfis rústahólana er blásið hraun og það er óneitanlega áhrifamikið að koma á þessar slóðir og átta sig á umfangi uppblástursins og þeim afleiðingum sem fylgdu fyrir búsetu þarna.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi. En séu þær settar í samhengi við hinn gríðarlega uppblástur sem átti sér þarna stað og umhverfisbreytingar eykst gildið til muna.

Aðgengi:
Það er erfitt að komast að minjunum. Vegslóði liggur þarna en fer ekki að minjunum. Slóðinn er einungis fær stórum jeppum. Ganga þarf að minjunum, yfir uppblásið svæði. Þar er sandur og hraun. Nokkur hlið og girðingar eru á leiðinni

Notkunargildi:
Síðunes hefur ekki mikið notkunargildi. Minjarnar eru viðkvæmar, þola illa að mikill fjöldi komi þar og eru enn að blása upp. Þær hafa hins vegar gríðarlegt rannsóknar- og kynningargildi enda smám saman að hverfa ef ekkert er að gert.



Mynd 21: Bæjarhóll Síðuness, horft til vestsuðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003302 Eskiholt *Eskiholt* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Rústir hinna fornu eyðibýla ... Eskiholts. Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholts-bjalla."

Frumtexti:
"Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness og Eskiholts. Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úrsuðurendanum á Eskiholts-bjalla. Sbr. Árb. 1907: 26-27. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Í gamla Eskiholti er uppblásinn bæjarhóll auk 10-12 annarra mannvirkja sem dreifast innan gamla heimatúnsins. Uppi á bæjarhólnum sjást tvær tóftir/þústir sem eru aflagaðar sökum uppblásturs og jarðvegssöfnunar. Allt umhverfis bæjarhólinn er grjót sem dreifist um svæðið. Bæjarhóllinn er vestan undir uppblásinni brún Merkurhrauns og nánasta umhverfi er gjörblásið. Tóftirnar raðast eftir hraunbrúninni og undir henni. Túnstæði Eskiholts sést þrátt fyrir að vera gjörblásið af þessum sökum. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Bæjarhóllinn er uppblásinn og nánasta umhverfi. Það mótar fyrir tveimur tóftum uppi á hólnum auk eins útihúss í túni. Smærri rústahólar eru umhverfis hólinn og grjót víða. Hóllinn er gróinn að hluta og sést vel.

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhólinn og aðrar mannvistarleifar eru hluti af fornu menningarlandslagi sem er að stórum hluta horfið. Þetta svæði umturnaðist í gríðarlegum uppblæstri á 18.-19. öld sem líkja má við náttúruhamfarir. Lítið af minjum sést á þessu uppblásturssvæði fyrir utan einstaka bæjarhól sem stóðst uppblásturinn. Allt landslagið breyttist líka og þessar minjaheildir sem og landslagið hafa gríðarlega rannsóknarmöguleika. Staðurinn er ennþá í stórhættu sökum uppblásturs. Töluvert af minjum sést enn í Eskiholti þrátt fyrir að svæðið sé uppblásið.

Upplifun:
Minjastaðurinn lætur lítið yfir sér og ekkert sem bendir til þess fyrir leikmenn að um býli sé að ræða. Allt umhverfis er blásið hraun og það er áhrifamikið að koma á þessar slóðir og átta sig á umfangi uppblástursins og afleiðingum hans. Minjarnar dreifast yfir stórt svæði og eru sjónrænar.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi. En séu þær settar í samhengi við hinn gríðarlega uppblástur sem átti sér þarna stað og breytingar á umhverfinu eykst gildið til muna.

Aðgengi:
Það er erfitt að komast að minjunum. Vegslóði liggur þarna en fer ekki að minjunum. Slóðinn er einungis fær stórum jeppum. Ganga þarf að minjunum, yfir uppblásið svæði. Þar er sandur og hraun. Nokkur hlið og girðingar eru á leiðinni.

Notkunargildi:
Eskiholt hefur ekki mikið notkunargildi. Minjarnar eru viðkvæmar og enn að blása upp. Þær hafa hins vegar gríðarlegt rannsóknar- og kynningargildi enda smám saman að hverfa.



Mynd 22: Eskiholt, horft til suðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003401 Fellsmúli *Hólmengi* Friðlýst sem þingstaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Fornar tóftir, 10 að tölu, við Stóru-Valla-læk; þar hjet Hólmengi."

Frumtexti:
"Fornar tóftir, 10 að tölu, við Stóru-Valla-læk; þar hjet Hólmengi. Sbr. Árb. 1907: 27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekki fundust óyggjandi ummerki um þennan stað og óvíst að hann sé rétt staðsettur. Stórt svæði var gengið í leit að tóftunum, bæði við aðalskráningu 2012 og vor 2015. Ein nokkuð sannfærandi tóft fannst á svæðinu sem er fremur kringlótt og virðist tengjast þúst eða náttúrulegri hæð. Eitt hólf er greinanlegt í henni. Ekki er friðlýsingarskilti á svæðinu.

Ástand:
Mjög óljósar minjar og ekki öruggt að þær séu skráðar á réttum stað. Engar aðrar mögulegar minjar eru sýnilegar á svæðinu og ekki náðist í heimildamann sem þekkir staðsetningu minjanna.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar eru fremur einangraðar og ekki hluti af stærri heild.

Upplifun:
Erfitt er að átta sig á minjum á svæðinu og eru þær mjög illgreinanlegar.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi.

Aðgengi:
Tiltölulega auðvelt aðgengi er að meintri staðsetningu minjanna en vegur liggur langleiðina að þeim.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa ekkert notkunargildi þar sem þær eru illgreinanlegar og hlutverk þeirra er ekki þekkt.



Mynd 23: Meint staðsetning minjanna.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003601 Galtalækur *Merkihvoll* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km. landnorður frá bænum, við veginn upp með Rangá ytri að vestan."

Frumtexti:
"Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km. landnorður frá bænum, við veginn upp með Rangá ytri að vestan. Sbr. Fjórðungsbl. 57 s.v. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Í Merkihvoli eru tveir uppblásnir rústahólar, sá eystri er mun stærri og þar var bærinn. Þar eru að auki a.m.k. 17 önnur mannvirki sem dreifast innan gamla heimatúnsins að öllum líkindum. Uppi á bæjarhólnum sjást tvær tóftir/þústir sem eru aflagaðar sökum uppblásturs og jarðvegssöfnunar. Á annarri þeirra er búið að hlaða vörðu úr veggjunum. Allt umhverfis bæjarhólinn er grjótdreif og er hún úr minjunum. Víða eru einnig beinar hleðslur, brennd bein og óljósar minjar án þess að hægt sé að gera frekari grein fyrir þeim. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Rústahólarnir sjást vel og sá stærri er gróinn að hluta. Víða er hleðslugrjót, brennd bein og fleiri minjar sem líklega tilheyra útihúsum. Hólarnir eru 2-3 m á hæð og stórir. Allt nánasta umhverfi er örfoka.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhólinn og aðrar mannvistarleifar eru hluti af fornu menningarlandslagi sem er að stórum hluta horfið. Þetta svæði umturnaðist í gríðarlegum uppblæstri á 18.-19. öld sem líkja má við náttúruhamfarir. Lítið af minjum sést á þessu uppblásturssvæði fyrir utan einstaka bæjarhól sem stóðst uppblásturinn. Allt landslagið breyttist líka og þessar minjaheildir sem og landslagið hafa gríðarlega rannsóknarmöguleika. Staðurinn er ennþá í stórhættu sökum uppblásturs. Töluvert af minjum sést enn í Merkihvoli þrátt fyrir að vera uppblásið bæjarstæði.

Upplifun:
Minjastaðurinn lætur lítið yfir sér og ekkert sem bendir til þess fyrir leikmenn að um býli sé að ræða. Allt umhverfis er blásið hraun og það er áhrifamikið að koma á þessar slóðir og átta sig á umfangi uppblástursins og afleiðingum hans. Minjarnar dreifast yfir stórt svæði og eru sjónrænar þegar fólk áttar sig á umfangi þeirra.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér. En séu þær settar í samhengi við hinn gríðarlega uppblástur sem átti sér þarna stað og breytingar á umhverfinu eykst gildið til muna.

Aðgengi:
Minjarnar eru skammt frá þjóðveginum upp í Hrauneyjar. Það liggur malarslóði af veginum til austurs og þar er hægt að leggja. Síðan er hægt að ganga beint að minjunum sem eru skammt þar frá.

Notkunargildi:
Merkihvoll hefur ekki mikið notkunargildi. Minjarnar eru viðkvæmar og enn að blása upp. Þær hafa hins vegar gríðarlegt rannsóknar- og kynningargildi enda smám saman að hverfa.



Mynd 24: Minjasvæðið við Merkihvol, horft til suðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003803 Hrólfsstaðahellir *Hrólfsstaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"2. Rústir Hrólfsstaða. Þær eru vestur á hraunbrúninni, 2¼ km. frá bænum."

Frumtexti:
"1. Hellar tveir manngjörvir skamt fyrir austan bæjarhúsin. 2. Rústir Hrólfsstaða. Þær eru vestur á hraunbrúninni, 2¼ km. frá bænum. Sbr. Árb. 1898: 8. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Á Hrólfsstöðum eru þrír uppblásnir rústahólar, tveir þeirra eru innan Tjörvastaða og vírgirðing á milli þeirra. Bæjarhóllinn er skammt austan við landamerki Tjörvastaða og Hrólfsstaðahellis og er umfangsmikill. Hólarnir eru uppi á uppblásinni hraunbrún og allt umhverfis er búið að hlaða sandvarnagarða og líklega var grjót tekið úr minjunum við þá framkvæmd. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Þetta svæði byrjaði að blása upp undir lok 17. aldar að öllum líkindum.

Ástand:
Bæjarhóllinn er uppblásinn og nánasta umhverfi. Smærri rústahólar eru umhverfis hólinn og grjót víða en þeir eru einnig blásnir. Hólarnir sjást vel þegar að er komið en búið er að taka mikið grjót úr þeim undir girðingu og í sandvarnagarða.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhólinn og aðrar mannvistarleifar eru hluti af fornu menningarlandslagi sem er að stórum hluta horfið. Þetta svæði umturnaðist í gríðarlegum uppblæstri á 17.-19. öld sem líkja má við náttúruhamfarir. Lítið af minjum sést á þessu uppblásturssvæði fyrir utan einstaka bæjarhól sem stóðst uppblásturinn. Allt landslagið breyttist líka og þessar minjaheildir sem og landslagið hafa gríðarlega rannsóknarmöguleika. Staðurinn er ennþá í stórhættu sökum uppblásturs. Þrír hólar sjást á staðnum þrátt fyrir að vera uppblásið bæjarstæði.

Upplifun:
Minjastaðurinn lætur lítið yfir sér og ekkert sem bendir til þess fyrir leikmenn að um býli sé að ræða. Allt umhverfis er blásið hraun og það er áhrifamikið að koma á þessar slóðir og átta sig á umfangi uppblástursins og afleiðingum hans.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér. En séu þær settar í samhengi við hinn gríðarlega uppblástur sem átti sér þarna stað og breytingar á umhverfinu eykst gildið til muna. Einnig er þetta svæði gjarnan tengt við landnám, þ.e. Kýraugastaði og Tjörvastaði

Aðgengi:
Til að komast að minjunum þarf að aka malarslóða frá Hrólfsstaðahelli að vírgirðingu. Þaðan er 10 mín gangur undir hraunbrún að staðnum. Eitt hlið og girðing eru á leiðinni.

Notkunargildi:
Hrólfsstaðir hafa ekki mikið notkunargildi. Minjarnar eru viðkvæmar og enn að blása upp. Þær hafa hins vegar gríðarlegt rannsóknar- og kynningargildi enda smám saman að hverfa.



Mynd 25: Bæjarhóll Hrólfsstaða, horft til norðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86003901 Hvammur *Árbær* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Rústir Árbæjar hins forna. Þær eru í 4 stöðum á króknum við Þjórsá fyrir ofan Ölmóðsey."

Frumtexti:
"Rústir Árbæjar hins forna. Þær eru í 4 stöðum á króknum við Þjórsá fyrir ofan Ölmóðsey. Sbr. Árb. 1898: 1-2. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekki er friðlýsingarskilti á svæðinu. Enn er óblásin torfa á bæjarhól Ár(bæjar) en hleðslur eru nyrst í hólnum þar sem hann er að blása upp. Á hinum þremur stöðunum eru gjörblásnar rústir útihúsa. Auk þeirra staða sem nefndir eru í friðlýsingarskránni er garðlag með tveimur sambyggðum tóftum og ein mjög sigin og ógreinileg tóft á óblásnum tanga nyrst í túni bæjarins. Þær minjar eru ekki friðlýstar.

Ástand:
Friðlýstu minjarnar eru mjög illa farnar vegna uppblásturs, sér í lagi útihúsarústirnar sem eru nánast örfoka. Lítið er eftir af syðstu rústinni nema grjótdreif.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar eru hluti af stærra minjasvæði en það er mjög illa farið af uppblæstri og margar minjar efalaust horfnar af þeim sökum.

Upplifun:
Mjög lítið er að sjá á þessum stað og upplifun því fremur neikvæð.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi en staðurinn er mikilvægur fyrir byggðasögu svæðisins.

Aðgengi:
Ekki er gott aðgengi að minjunum en hægt er að komast að þeim eftir vegi sem liggur undir háspennulínu. Ef farið er frá Hvammi þarf að keyra inn í tún og áfram eftir slóða sem liggur á línuveginn. Einnig er hægt að fara frá Skarði á línuveginn við Skarðssel og áfram eftir honum að Árbæ en þá þarf að fara í gegnum mörg hlið á leiðinni.

Notkunargildi:
Ekkert notkunargildi en mjög mikið rannsóknargildi.



Mynd 26: Minjasvæðið við Árbæ, horft til suðsuðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004101 Lúnansholt *Lúnashóll* Friðlýst sem óskilgreint

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"1. Lúnanshóll; smáhóll í laut niðri í túninu."

Frumtexti:
"1. Lúnanshóll; smáhóll í laut niðri í túninu. Sbr. Árb. 1888-1892: 61-62. 2. Forntóft mikil sunnanundir svonefndum Skrokkhól. Sbr. Tímarit JP II: 93-94. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Lúnanshóll er sunnarlega innan gamla heimatúns Lunansholts, skammt frá bæjarhólnum. Hóllinn er fast vestan við sumarbústað sem byggður var 2012-2014. Hóllinn skagar fram úr náttúrulegri brún og mýrlent er sunnan hans. Ítarleg heimildaúttekt um staðinn er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Lúnanshóll er lítill og ekki ber mikið á honum. Hann er 2 m í þvermál, 0,2-0,5 m á hæð og grasivaxinn. Hóll sést illa fyrr en að er komið.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Rithættirnir Lunan og Lúnan eru báðir þekktir.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hóllinn ásamt Skrokkhól 86004102 eru friðlýstar minjar í landi Lunansholts. Þær minjar mynda sterka minjaheild og hafa mikið rannsóknargildi. Jafnframt eru þær hluti af menningarlandslagi Lunansholts og þar má enn sjá mikið af tóftum.

Upplifun:
Það er fátt sem bendir til þess að þetta sé haugur Þorsteins Lunans, hóllinn lætur lítið yfir sér í sléttu túninu. Leikmenn sjá hólinn í túninu en án þess að vita sögu staðarins er þetta hver annar hóll.

Táknrænt
Minjar á jörðinni Lunansholti eru tengdar við Þorstein Lunan, sem nam þetta land eins og segir í Landnámu. Minjarnar hafa mikið táknrænt gildi af þeim sökum.

Aðgengi:
Hóllinn er skammt vestan við sumarbústað innan gamla heimatúnsins. Þangað er stuttur gangur yfir slétt tún. En öll hlið að jörðinni eru læst og landeigendur loka á allan aðgang þar inn. Ekki er föst ábúð á jörðinni, hún er nýtt til sumarhúsabyggðar.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur töluvert notkunargildi. Það eru ekki margir meintir haugar sem eru varðveittir. Hins vegar vantar frekari rannsóknir og leyfi landeigenda fyrir heimsóknum.



Mynd 27: Lunanshóll, horft til norðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004102 Lúnansholt *Skrokkhóll* Friðlýst sem óskilgreint

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Forntóft mikil sunnanundir svonefndum Skrokkhól."

Frumtexti:
"1. Lúnanshóll; smáhóll í laut niðri í túninu. Sbr. Árb. 1888-1892: 61-62. 2. Forntóft mikil sunnanundir svonefndum Skrokkhól. Sbr. Tímarit JP II: 93-94. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekki er friðlýsingarskilti við tóftina. Friðlýsta tóftin samanstendur af stórri þúst, mögulega orðin til við skriðu úr Skrokkhól, og ílangri tóft út frá henni til vesturs. Auk þessarar tóftar eru sjö aðrar tóftir á svæðinu, að öllum líkindum frá víkingaöld, og þrjú samtíða garðlög. Einnig er mjög greinilegt garðlag á svæðinu, yngra en elstu minjarnar, sem afmarkar svæði sunnan við Skrokkhól.

Ástand:
Gott ástand er á friðlýstu tóftinni. Hún er grasi gróin eins og umhverfið. Í þeim hluta hennar þar sem greina má veggi eru hleðslur útflattar.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Rithættirnir Lunan og Lúnan eru báðir þekktir.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftin er hluti af stærri minjaheild sem nýverið hefur verið skráð sem hluti af aðalskráningu fyrir sveitarfélagið Rangárþing ytra. Á svæðinu er óraskað víkingaaldarbýli sem engar heimildir hafa fundist um. Mikill garður sem afmarkar svæði sunnan við Skrokkhól virðist vera yngri en elstu minjar á svæðinu og gæti verið frá miðöldum. Friðlýsta tóftin er innan þess svæðis sem garðurinn afmarkar auk annarrar tóftar sem virðist vera frá sama tíma og víkingaaldarminjarnar.

Upplifun:
Auðvelt er að gera sér í hugarlund aðstæður og umhverfi vegna þess hve svæðið er lítið raskað. Minjarnar eru flestar allsignar en þegar búið er að vekja athygli á hvar minjarnar eru ætti fólk að átta sig á þeim.

Táknrænt gildi:
Friðlýsta tóftin er við Skrokkhól sem hefur táknrænt gildi vegna sagnar sem honum tengist um að Þorsteinn Lunan landnámsmaður sé heygður í hólnum og aðrar sagnir segja að skip hans og áhöfn séu heygð þar.

Aðgengi:
Ekki er sérlega gott aðgengi að tóftinni. Ganga þarf spottakorn og fara yfir girðingar til að komast að henni. Jörðin er í eyði og er nýtt til sumardvalar. Ekki er vitað hver afstaða landeiganda er til þess að ferðamenn komi og skoði tóftina.

Notkunargildi:
Minjasvæðið í heild sinni hefur nokkuð mikið notkunargildi en ekki friðlýsta tóftin ein og sér. Staðurinn hentar nokkuð vel til kynningar.



Mynd 28: Skrokkhóll, horft til suðsuðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004301 Skarð *Grænaflöt* Friðlýst sem óskilgreint

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"II) Rústir fornar hjá Grænuflöt, norðaustan-undir Skarðsfjalli."

Frumtexti:
"I) Rústir hinna fornu eyðibýla Síðuness, Eskiholts og hjá Grænuflöt norðaustanundir Skarðsfjalli. Síðuness-rústir eru suðvestan í hraunbrúninni fyrir innan gamla Eskiholt, en Eskiholts-rústir eru á grjóthrygg, sem gengur vestur úr suðurendanum á Eskiholtsfjalli. Sbr. Árb. 1898: 3-4; Árb. 1907: 26-27. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. II) Rústir fornar hjá Grænuflöt, norðaustan-undir Skarðsfjalli. Sbr. Árb. 1898: 3-4. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 21.12.1929." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Grænuflöt samanstendur af sjö tóftum, garðlagi og þúst. Tóftirnar eru í gróinni brekku, norðaustan í Skarðsfjalli. Djúpt gil er fast vestan og norðan þeirra og efstu tóftirnar á brún þess. Tóftunum er ítarlega lýst í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Minjarnar eru á stóru svæði, í halla til austurs. Þær eru signar, útflattar en sjást vel. Þær eru algrónar og líklega torfhlaðnar. Kindaslóði er á garðlaginu.

Þinglýsing, 1929-12-21
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftirnar í Grænuflöt eru merkileg minjaheild og mynda áhugavert menningarlandslag ásamt fleiri minjastöðum austan Skarðsfjalls. Minjarnar láta lítið yfir sér en eru greinilegar þegar farið er yfir svæðið. Þessar minjar eru eflaust frá miðöldum.

Upplifun:
Það er gaman að koma í Grænuflöt og sjá minjarnar uppi í brekkunni. Minjarnar eru fallegar, útsýnið mikið og hægt að gera sér grein fyrir notkun staðarins.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér.

Aðgengi:
Það er fremur erfitt aðgengi að staðnum. Það er um 10 mín akstur þangað eftir vegslóða og nokkur hlið á leiðinni. Það þarf að ganga upp brekkuna að minjunum í grónum, smáþýfðum móa.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur töluvert notkunargildi. Þar eru vel varðveittar tóftir sem sýna fornt búsetufyrirkomulag. Staðurinn er kjörinn til kynningar á margan hátt, bæði á staðnum sem rituðu máli.



Mynd 29: Grænuflatarrústir, horft til norðausturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004401 Skarfanes *Skarfanes* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Skarfaness-rústir hinar fornu. Þær eru við upptök lækjar þess er afmarkar Skarfaness-land."

Frumtexti:
"Skarfaness-rústir hinar fornu. Þær eru við upptök lækjar þess er afmarkar Skarfaness-land. Sbr. Árb. 1907: 27-28. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Á bæjarstæðinu eru tveir afgerandi og allstórir rústahólar og einn lágur hóll að auki þar sem líklegt er að mannvistarleifar leynist. Minjarnar eru mjög illa farnar af uppblæstri. Engin gróðurhula er yfir þeim og er virkt vindrof á svæðinu. Enn er þó mikið eftir af mannvistarleifum í hólunum og brýnt að rannsókn fari fram á staðnum. Ekki er friðlýsingarskilti á staðnum.

Ástand:
Minjarnar eru á örfoka landsvæði á milli tveggja lækja. Í kringum þær eru sandhólar með melgresi.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar eru hluti af menningarlandslagi sem er að miklu leyti horfið vegna uppblásturs og eru því orðnar einangraðar þar sem lítið sést orðið af öðrum minjum í nágrenninu.

Upplifun:
Svæðið sem minjarnar eru á er gjörbreytt vegna uppblásturs og sandfoks og því erfitt að átta sig á aðstæðum og umhverfi. Minjarnar sjálfar eru illgreinanlegar og almennt séð er ólíklegt að þessi staður gæti höfðað til almennings.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi en þær hafa mikið gildi fyrir rannsóknir á byggðaþróun á svæðinu.

Aðgengi:
Erfitt aðgengi er að minjunum en um 2 km gangur er að þeim frá vegi sem liggur meðfram Þjórsá vestan við Búrfell. Fara þarf um uppblásið svæði þar sem mikið er um sandhóla og hraun.

Notkunargildi:
Ekkert notkunargildi en gríðarlega mikið rannsóknargildi.



Mynd 30: Skarfanes, horft til norðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004501 Snjallsteinshöfði *Snjallsteinshöfði* Friðlýst sem áletrun

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Steinn og höggvin bandrún á; stendur uppi á höfðanum."

Frumtexti:
"Steinn og höggvin bandrún á; stendur uppi á höfðanum. Sbr. Árb. 1888-1892: 62. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Steinninn er um 1x1 m að stærð og á hann er klöppuð rún, u.þ.b. 0,18x0,08 m að stærð. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Steinninn stendur í túni á holti og sést vel.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Steinninn er stakstæður og ekki í samhengi við aðrar minjar.

Upplifun:
Steinninn er í túni á holti við malarslóða. Á hann er höggvin rún, fremur óljós. Auðvelt er að líta fram hjá henni sé ekki vitað að hverju er verið að leita.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er lítið en mat á því gæti breyst með frekari heimildakönnun.

Aðgengi:
Aðgengi er ágætt. Steinninn er innan girðingar þar sem hestum er beitt. Malarslóði liggur að hliði girðingarinnar.

Notkunargildi:
Notkunargildi er nokkurt en þörf er á upplýsingar- og kynningarefni um rúnaristuna á staðnum þar sem hún er ekki augljós. Mikil umferð fólks væri þó ekki í samræmi við núverandi landnotkun. Líklega myndi staðurinn ekki laða að mikinn fjölda fólks nema táknrænt gildi hans aukist. Mögulega væri hægt að nýta umferð veiðimanna um svæðið.



Mynd 31: Rúnasteinninn, horft til vestnorðvesturs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004601 Stóru-Vellir *Stóru-Vellir eldri* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Bæjar-...minjar, á Stóru-Völlum eldri."

Frumtexti:
"Bæjar-, kirkju-, og kirkjugarðsminjar, á Stóru-Völlum eldri. Sbr. Árb. 1898: 2. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Stór bæjarhóll með siginni og ógreinilegri tóft. Út frá tóftinni gengur garður eða veggur til suðausturs að kirkjugarði og einnig gengur garður út frá bæjarhólnum til VNV. Vegur liggur yfir þann garð. Ekki er friðlýsingarskilti við bæjarhólinn.

Ástand:
Bæjarhóllinn er nokkuð afgerandi og ekkert sýnilegt rask virðist hafa orðið á honum en vegur liggur yfir garð sem liggur frá honum til VNV. Bæjartóftin er sigin og orðin ógreinileg.
Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhóllinn er hluti af stærri minjaheild þar sem hann er í gömlu túni og í því eru ýmis útihús. Allar þær minjar sem eru í gamla túninu eru signar og ógreinilegar.

Upplifun:
Ekki er auðvelt að sjá fyrir sér aðstæður á svæðinu vegna áhrifa af uppblæstri og sandfoki en minjarnar á svæðinu eru margar hverjar ógreinilegar af þeim sökum.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi en þó var staðurinn mikilvægur fyrir svæðið og hefur hann gildi fyrir byggðasögu þess, sér í lagi í sambandi við byggðaeyðingu og uppblástur.

Aðgengi:
Gott aðgengi er að minjunum en vegur liggur upp að þeim. Sá vegur þolir hins vegar ekki mikið álag og hann liggur í gegnum hlaðið á núverandi bæjarstæði Stóruvalla.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa nokkuð notkunargildi. Fremur auðvelt aðgengi er að þeim og hvorki minjarnar né umhverfið eru mjög viðkvæm. Ákjósanlegur staður til að kynna byggðasögu svæðisins, ekki síst með tilliti til áhrifa uppblásturs á hana.



Mynd 32: Bæjarhóll Stóru-Valla, horft til austurs.

Rangárvallasýsla

Rangárþing ytra Hét: Landmannahreppur (árið 1990)

86004602 Stóru-Vellir *Stóru-Vellir eldri* Friðlýst sem kirkja, kirkjugarður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"...kirkju-, og kirkjugarðsminjar, á Stóru-Völlum eldri."

Frumtexti:
"Bæjar-, kirkju-, og kirkjugarðsminjar, á Stóru-Völlum eldri. Sbr. Árb. 1898: 2. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Kirkjugarðurinn er afgirtur með vírgirðingu, þar er steinn með nafni kirkjunnar og ártalinu 1887, þá var kirkjan lögð niður. Kirkjan var rifin og sést ekki á yfirborði en járnrör standa upp úr sverði og sýna legu hennar. Hið sama má segja um kirkjugarðinn, ekki sér til leiða innan hans. Kirkjugarðsveggurinn sést að utan en að innan er hann horfinn, mögulega var svæðið fyllt upp innan veggjar og sléttað yfir. Niðurgröftur sést á einum stað, í suðausturhorni. Nánari minjalýsing er í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Kirkjan er horfin af yfirborði. Kirkjugarðsveggurinn sést að utan en innri brúnin er horfin, vegna fyllingar eða áfoks. Fyrir vestan kirkjugarðinn er óljós tóft, gerði eða kálgarður sem tilheyrði bænum.

Þinglýsing, 1927-06-11
Undirritun, 1927-04-20 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhólinn, kirkjan, kirkjugarðurinn og aðrar mannvistarleifar á Stóru-Völlum eru hluti af fornu menningarlandslagi sem er að stórum hluta horfið á jörðinni. Þetta svæði umturnaðist í gríðarlegum uppblæstri á 18.-19. öld sem líkja má við náttúruhamfarir. Allt landslagið breyttist líka og þessar minjaheildir sem og landslagið hafa gríðarlega rannsóknarmöguleika.

Upplifun:
Kirkjan er horfin af yfirborði, öll leiðin og einungis útveggir kirkjugarðsins sjást. Minjarnar eru á kafi í sinu og mosa.

Táknrænt gildi:
Kirkjan og kirkjugarðurinn hafa lítið táknrænt gildi ein og sér. Gildi þeirra felst fyrst og fremst í samhengi við hinn mikla uppblástur svæðisins.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er gott, vegslóði liggur að þeim og er fær öllum bílum. Ekkert er vitað um hug landeigenda varðandi heimsóknir.

Notkunargildi:
Minjarnar á Stóru-Völlum hafa mikið notkunargildi. Þar er stór sumarhúsabyggð, sem og á nærliggjandi jörðum, og staðurinn kjörin til alls kyns kynningar.



Mynd 33: Kirkjugarðurinn á Stóru-Völlum, horft til austurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000201 Efri-Gegnishólar *Efri-Gegnishólar* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; einn er heyhellir mikill fyrir austan bæ, í túninu ..."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; einn er heyhellir mikill fyrir austan bæ, í túninu, annar er fjárhellir mikill í nátthaga fyrir austan túnið; hinn þriðji er nú að mikli leyti hruninn; hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Heimildir benda til þess að tóft hafi verið framan við hellinn. Nú sér þess ekki merki þar sem hesthús hefur verið reist framan við hellinn. Innangengt er úr húsinu inn í hellinn. Annað op var á hellinum til norðurs en hlaðið var fyrir það um miðja síðustu öld. Engin ummerki sjást um það að utan. Stór strompur er á hellinum, steinsteyptur. Þar var hey látið síga ofan í hann. Mikið af ristum er í hellinum, m.a. kross sem ábúandi telur vera fornan. Í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands er samantekt á heimildum. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Hellirinn er uppistandandi. Gengið er inn í hann úr hesthúsi. Tröppur niður í hellinn eru hrundar að hluta, vel er þó fært ofan í hellinn. Á síðustu öld var mikið rist í hellisveggina.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Margir hellar eru í holtinu sem Efri-Gegnishólar standa á. Saman mynda þeir ágætis minjaheild. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu.

Upplifun:
Hellirinn er mjög stór og tilkomumikill, hátt er til lofts og ristur á veggjum. Strompur veitir birtu inn í hellinn. Greinilega má sjá hvar hlaðið hefur verið fyrir op á honum sem snéri til norðurs.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi felst fyrst og fremst í þeirri sunnlensku hefð að klappa út hella og nýta og samhengi við aðra helli á svæðinu. Kanna þyrfti betur uppruna rista á hellisveggjum, þá sérstaklega krossins, og gera ítarlegri heimildakönnun.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott en fara þarf í gegnum hesthús og niður tröppur sem þarfnast lagfæringar. Ábúandi lýsti yfir áhuga á að bæta aðgengi.

Notkunargildi:
Notkunargildi er mjög mikið og er ábúandi jákvæður fyrir nýtingu. Gildið felst fyrst og fremst í upplifuninni en nánari heimildakönnun eða rannsókn gæti leitt í ljós aukið táknrænt gildi. Aðgengi takmarkast af því að fara þarf í gegnum hesthús.



Mynd 34: Inni í hellinum, horft til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000202 Efri-Gegnishólar *Efri-Gegnishólar* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; ... annar er fjárhellir mikill í nátthaga fyrir austan túnið ..."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; einn er heyhellir mikill fyrir austan bæ, í túninu, annar er fjárhellir mikill í nátthaga fyrir austan túnið; hinn þriðji er nú að mikli leyti hruninn; hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn féll saman í kjölfar jarðskjálfta árið 2008 og inngangurinn er lokaður. Hægt er að fara inn í hellinn í gegnum strompinn en þá þarf langa stiga. Hellirinn er í grónu túni nýttu til hrossabeitar. Ítarleg lýsing á hellinum er í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. er samantekt á heimildum.

Ástand:
Hellirinn er uppistandandi að mestu en hlutar hans eru fallnir, m.a. inngangurinn. Hellirinn þarfnast lagfæringa til að fyrirbyggja frekari skemmdir.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn, ásamt öllum hinum hellunum á jörðinni mynda sterka minjaheild. Á nærliggjandi bæjum eru fleiri hellar sem eykur enn frekar á gildi þeirra. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu.

Upplifun:
Það er lítil upplifun að fara í hellinn, það er ekki hægt að fara þar inn að svo stöddu. Stromparnir eru steinsteyptir og sjást á yfirborði, annað ekki. Ekki hefur verið farið oft ofan í hellinn frá jarðskjálftanum árið 2008, þegar hlutar hans féllu niður.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. En sé hann settur í samhengi við aðra hella á svæðinu þá mynda þeir sterka minjaheild og eru hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er erfitt. Það er 2-5 mín gangur að hellinum frá bænum eftir grónu túni. Ein girðing er á leiðinni. Ekki er hægt að fara inn í hellin nema niður strompinn í stiga. Landeigandi var jákvæður gangvart heimsóknum svo framarlega sem hellirinn væri lagfærður.

Notkunargildi:
Hellirinn er stór og hefur mikið notkunargildi. Þó þarf að hreinsa hann fyrst, leikmaður áttar sig ekki á umfanginu nema að fara þar inn.



Mynd 35: Tveir steinsteyptir strompar eru einu opin ofan í hellinn, horft er til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000203 Efri-Gegnishólar *Efri-Gegnishólar* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; ... hinn þriðji er nú að mikli leyti hruninn; hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; einn er heyhellir mikill fyrir austan bæ, í túninu, annar er fjárhellir mikill í nátthaga fyrir austan túnið; hinn þriðji er nú að mikli leyti hruninn; hann er fyrir vestan nátthagann, sunnan við götuna til bæjar. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er í sléttu túni, skammt norðan við bæinn. Þar er lág sandsteinsbrún og hellirinn sést ekki fyrr en að er komið. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand: Hellirinn er lítið annað er gjögur en tóftin framan við hann er horfinn. Gjögrið hefur fyllst af jarðvegi á síðustu árum og er 0,2-0,3 m hátt.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn, ásamt öllum hinum hellunum á jörðinni mynda sterka minjaheild. Á nærliggjandi bæjum eru fleiri hellar sem eykur enn frekar á gildi þeirra. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu.

Upplifun:
Það er lítil upplifun að fara í hellinn, það er ekki hægt að fara þar inn að svo stöddu enda er hann fullur af jarðvegi.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. En sé hann settur í samhengi við aðra hella á svæðinu þá mynda þeir sterka minjaheild og eru hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Það er 1 mín gangur að hellinum frá bænum eftir grónu túni. Ein girðing er á leiðinni. Landeigandi var jákvæður gangvart heimsóknum svo framarlega sem hellirinn væri lagfærður.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur lítið sem ekkert notkunargildi nema í tengslum við hina hellana á jörðinni.



Mynd 36: Op hellisins er ekki mikið meira en geil í túninu, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000301 Fljótshólar *Bátsmelur* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Leifar Elstu-Fljótshóla, grjótbrúða þar sem Bátsmelur heitir ..."

Frumtexti:
"Leifar Elstu-Fljótshóla, grjótbrúða þar sem Bátsmelur heitir, og leifar Fornu-Fljótshóla, uppgróin rúst, suður frá túninu, í stefnu á Bátsmel, en hálfu nær bænum. Sbr. Árb. 1907: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Samkvæmt heimildamanni er Bátsmelur á svonefndri Flutningseyri, sem er grýttur sandmelur sunnan við Fljótshóla, skammt frá ósum Þjórsár. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Ekki er fullljóst hvað átt er við með "grjótbrúðu" í friðlýsingartextanum. Gæti mögulega verið átt við grjótbúðir? Engar minjar fundust á melnum og heimildamaður mundi ekki eftir minjum þar. Staðsetning er áætluð út frá örnefninu Bátsmel með tilsögn heimildamanns.

Ástand:
Á Flutningseyri er gróinn sandmelur og nokkuð um sandhóla. Fyrir hálfri öld var þarna sandur en unnið hefur verið að því að græða upp landið.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjastaðurinn er stakstæður og ekki tengur öðrum nærliggjandi minjum.

Upplifun:
Upplifun er lítil þar sem ekki sést til minjanna.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er lítið. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta það til fulls.

Aðgengi:
Jeppafær slóði liggur niður á melinn frá bænum. Vaða þarf yfir Rásina, vatnsveituskurð, til að komast yfir á Flutningseyri þar sem minjastaðurinn mun vera.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið þar sem minjarnar eru ekki sýnilegar og táknrænt gildi takmarkað. Aðgengi er nokkuð erfitt og landið þolir illa ágang.



Mynd 37: Horft yfir Flutningseyri til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000302 Fljótshólar *Fornu-Fljótshólar* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Leifar ... Fornu-Fljótshóla, uppgróin rúst, suður frá túninu, í stefnu á Bátsmel, en hálfu nær bænum."

Frumtexti:
"Leifar Elstu-Fljótshóla, grjótbrúða þar sem Bátsmelur heitir, og leifar Fornu-Fljótshóla, uppgróin rúst, suður frá túninu, í stefnu á Bátsmel, en hálfu nær bænum. Sbr. Árb. 1907: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Bæjarhóllinn er í grónu túni, fast norðan við sandvarnargirðingu. Bæjarhóllinn er utan hennar en túnið er ekki nýtt. Malarslóði liggur fast vestan við hólinn en raskar honum ekki.

Ástand:
Bæjarhóllinn sést ennþá, er ílangur og hækkar til suðurs. Hann er sléttur og grasivaxinn. Hvönn vex á norðurhluta hans. Ekki sér til tófta, veggja eða annars sem gefur nánari legu bæjarhúsanna til kynna.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhóllinn sker sig lítið frá öðrum hólum á svæðinu. Í landslaginu er mikið um sandhóla en þessi er þó einna umfangsmestur. Sandfok hefur eflaust átt sinn þátt í móta hólinn.

Upplifun:
Þegar komið er á staðinn er fátt sem segir leikmönnum að um bæjarhól sé að ræða. Hóllinn er stór, grasivaxinn og sléttur en engar búsetuminjar sjást á yfirborði. Erfitt er að átta sig á umfangi minjanna án frekari rannsókna.

Táknrænt gildi:
Bæjarhóllinn er einn af elstu byggðu stöðum innan gamla Gaulverjabæjarhrepps. Hann hefur gildi sem hluta af byggðasögu svæðisins.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er gott. Malarvegur liggur frá bænum að hólnum og er 2 mín akstur þangað. Landeigendur voru fremur hlutlausir þegar kom að umræðu um heimsóknir á staðinn. Þó töldu þeir að um ágang væri að ræða enda slétt tún sem eru nýtt til sláttar og beitar allt umhverfis bæjarhólinn.

Notkunargildi:
Bæjarhóllinn hefur lítið notkunargildi. Hann er í túni og þar sem lítið annað en hólinn er að sjá.



Mynd 38: Hóllinn á Fornu-Fljótshólum, horft til austurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000401 Gegnishólapartur *Gegnishólapartur* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellir forn, manngerður, fyrir norðan bæinn, í túninu."

Frumtexti:
"Hellir forn, manngerður, fyrir norðan bæinn, í túninu. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er vel varðveittur og blasir við þegar komið er að bænum. Tveir tréstigar liggja niður í hellinn sem er djúpur og munni hans stór. Nýtt íbúðarhús er uppi á hólnum. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn er ennþá uppistandandi og vel varðveittur. Fyrir framan hann er grasivaxið svæði að malarvegi að bænum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn er hluti af gamla heimatúni bæjarins. Á nærliggjandi bæjum eru fleiri hellar sem eykur enn frekar á gildi þeirra. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu og aðlagaðist aðstæðum.

Upplifun:
Það er gaman að fara í hellinn enda er hann afar bjartur sökum hins stóra munna sem þar er. Leikmenn eiga auðvelt með að sjá nýtingu hellisins fyrir sér.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. En sé hann settur í samhengi við aðra hella á svæðinu þá mynda þeir sterka minjaheild og eru hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Hellirinn er nánast í bæjarhlaðinu og malarvegur liggur fast að

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er stór og hátt til lofts. Það þyrfti að bæta aðkomu að hellinum enda ekki á allra færi að fara niður stigann og inn í hellinn. Ekki er vitað hver hugur landeigenda er varðandi heimsóknir á staðinn.



Mynd 39: Hellirinn á Gegnishólaparti, horft til norðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000501 Gegnishólar *Timburhóll* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Rústir Timburhóls, eyði-hjáleigu norður í heiðinni, ásamt fornum túngarði þar ["Jafnað út með jarðýtu í júlí 1976, vegna ókunnugleika ábúenda." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]."

Frumtexti:
"Rústir Timburhóls, eyði-hjáleigu norður í heiðinni, ásamt fornum túngarði þar ["Jafnað út með jarðýtu í júlí 1976, vegna ókunnugleika ábúenda." (Þjms. Drög að spjaldskrá um friðlýstar fornleifar).]. Sbr. Árb. 1905: 4. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Timburhóll er í túni á móti skógræktarreit við veginn frá Selfossi. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Samantekt heimilda er að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Minjarnar hafa verið sléttaðar líkt og túnið umhverfis. Þó sést móta óljóst fyrir bæjarhólnum. Vestan við hólinn er sigið garðlag sem liggur vestnorðvestur-austsuðaustur meðfram Flóðinu.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjaheildin er mikið röskuð þar sem búið er að slétta úr bæjarhólnum. Einu minjarnar sem sjást greinilegar eru garðlagið sem líklega hefur tilheyrt býlinu.

Upplifun:
Upplifun af minjastaðnum er takmörkuð að því að lítið sem ekkert sést til minjanna.

Táknrænt gildi:
Heimildir herma að á Timburhól hafi eitt sinn verið prestssetur. Bærinn var kominn í eyði á 17. öld og hófust þá þrætur um eignarhald hennar. Ein sögn kveður bærinn hafi lagst í eyði vegna afturgangna, drauga eða galdra. Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur aftur á móti fram að ekki væri ráðlegt að byggja þar aftur "nema jörðinni til meins og skaða".

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er gott. Bílastæði eru við skógræktarreitinn og þaðan er gengið yfir veginn og inn á afgirt túnið. Hlið er á girðingunni til móts við skógræktina. Þaðan er um 2 mínútna gangur að hólnum.

Notkunargildi:
Notkunargildi staðarins er lítið og helgast fyrst og fremst af því að lítið sést til minjanna. Hugsanlega mætti þó gera meira úr táknrænu gildi með ítarlegri heimildakönnun.



Mynd 40: Túnið þar sem Timburhóll stóð, horft til vesturs. Móta sést fyrir hólum á miðri mynd.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000601 Haugur/Dalbær *Heyhellir* Friðlýst sem hellir, hlaða

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; er einn norðvestanvert við bæjarhúsin, heyhellir ..."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; er einn norðvestanvert við bæjarhúsin, heyhellir; annar er austur á túninu, í hól í hinu svonefnda Norðurtúni; var sá fjárhellir; hinn þriðji er fyrir sunnan hann í hól í Austurtúninu og er fjárhellir. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert minjaskilti er á staðnum. Haugur er í eyði en þessi hluti jarðarinnar, þ.e. gamla heimatúnið er komið undir lögbýlið Dalbæ sem er aðliggjandi jörð. Hellirinn er í grónu túni, norðvestan við bæjahólinn. Hellirinn er enn uppistandandi en forskálinn horfinn. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn er í góðu ástandi en mokað var frá opi hans á 20. öld til að auðvelda aðgengi fyrir dráttarvélar. Hellirinn er vel varðveittur en ekki nýttur til neins. Hellirinn liggur undir miklum ágangi hrossa sem beitt er á túninu.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellarnir þrír á gömlu eyðijörðinni Haugi mynda sterka minjaheild, innan gamla heimatúnsins. Auk þess er nálægð við aðra manngerða hella í Gaulverjabæjarhreppi mikil og saman mynda þeir sterka heild. Auk þess er þetta hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Upplifun:
Það er gaman að koma í þennan helli. Hann er stór, hátt til lofts og mikil saga er hér á bak við. Andlitsmyndin sem klöppuð er í veggina gefur sérstöðu og eftirminnilega upplifun. Fólk á auðvelt með að gera sér grein fyrir notkun hellisins þrátt fyrir að forskálanum hafi verið raskað.

Táknrænt gildi:
Hellarnir hafa ekki mikið táknrænt gildi nema fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar sem og landsvæðisins.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Malarvegur liggur að gamla heimatúni Haugs en ganga verður síðasta spölinn yfir túnið. Það er eitt hlið á leiðinni. Heimatúnið er gróið og slétt. Um 1-2 mín gangur er að hellunum. Ekki er vitað um hug landeigenda varðandi heimsóknir í hellana.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er stór, lofthæðin mikil og gaman að sjá ristur, meitilför og klappaða andlitsmynd á veggjunum. Hellirinn hefur verið nýttur til mannamóta af núverandi landeigendum.



Mynd 41: Heyhellir, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000602 Haugur/Dalbær *Norðurtún* Friðlýst sem hellir, fjárhús

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; ... annar er austur á túninu, í hól í hinu svonefnda Norðurtúni; var sá fjárhellir ..."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; er einn norðvestanvert við bæjarhúsin, heyhellir; annar er austur á túninu, í hól í hinu svonefnda Norðurtúni; var sá fjárhellir; hinn þriðji er fyrir sunnan hann í hól í Austurtúninu og er fjárhellir. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert minjaskilti er á staðnum. Haugur er í eyði en þessi hluti jarðarinnar, þ.e. gamla heimatúnið tilheyrir lögbýlinu Dalbæ sem er skammt frá. Hellirinn er í grónu túni, norðaustan við bæjahól Haugs. Hann er enn uppistandandi og forskálin varðveittur. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildaúttekt er Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Gamla heimatún Haugs er nýtt til beitar og mikill ágangur hrossa er á svæðinu.

Ástand:
Hellirinn er ennþá uppistandandi og tóftir forskálans þar við. Önnur tóft, líklega yngri var framan við forskálann en einungis undirstöður þeirra veggja sjást. Hellirinn er ekki nýttur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellarnir þrír á gömlu eyðijörðinni Haugi mynda sterka minjaheild, innan gamla heimatúnsins. Auk þess er nálægð við aðra manngerða hella í Gaulverjabæjarhreppi mikil og saman mynda þeir sterka heild. Auk þess er þetta hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella. Sú staðreynd að þarna eru þrír hellar í sama túni gerir þetta afar áhugaverðan stað og menningarlandslagið hefur mikið rannsóknargildi.

Upplifun:
Það er gaman að koma í þennan helli. Mikil saga er hér á bak við mannvirkið og fólk á auðvelt með að gera sér grein fyrir notkun hellisins. Hellarnir þrír í túninu gera mikið fyrir staðinn og hvernig fólk upplifir sig þar.

Táknrænt gildi:
Hellarnir hafa ekki mikið táknrænt gildi nema fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar sem og landsvæðisins. Táknræna gildi staðarins eykst ef hugsað er um alla hellana í hreppnum sem eina heild.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Malarvegur liggur að gamla heimatúni Haugs en ganga verður síðasta spölinn yfir túnið. Það er eitt hlið á leiðinni. Heimatúnið er gróið og slétt. Um 1-2 mín gangur er að hellunum. Ekki er vitað um hug landeigenda varðandi heimsóknir í hellana.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Hann er stór, lofthæðin mikil og gaman að koma þarna inn. Þó þurfti að laga forskálann og gera hann upp. Járnhurð sem var fyrir hellinum liggur í innganginum og bárujárn úr þakinu þar yfir.



Mynd 42: Fjárhellir í Norðurtúni, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000603 Haugur/Dalbær *Austurtún* Friðlýst sem hellir, fjárhús

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar þrír manngjörvir; ...hinn þriðji er fyrir sunnan hann í hól í Austurtúninu og er fjárhellir."

Frumtexti:
"Hellar þrír manngjörvir; er einn norðvestanvert við bæjarhúsin, heyhellir; annar er austur á túninu, í hól í hinu svonefnda Norðurtúni; var sá fjárhellir; hinn þriðji er fyrir sunnan hann í hól í Austurtúninu og er fjárhellir. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert minjaskilti er á staðnum. Haugur er í eyði en þessi hluti jarðarinnar, þ.e. gamla heimatúnið tilheyrir lögbýlinu Dalbæ sem er skammt frá. Hellirinn er í grónu túni, skammt austan við bæjarhólinn í stakstæðum hól. Hann er enn uppistandandi sem og tóftir forskálans. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildaúttekt er Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Gamla heimatún Haugs er nýtt til beitar og mikill ágangur hrossa er á svæðinu. Hellirinn var m.a. nýttur sem kartöflugeymsla, íshús og fjárhús.

Ástand:
Hellirinn er ennþá uppistandandi og tóftir forskálans þar við. Bárujárn er í tröppunum inn í hellinn en inni í honum er mikið af jarðvegi sem m.a. hefur fallið í gegnum strompinn.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellarnir þrír á gömlu eyðijörðinni Haugi mynda sterka minjaheild, innan gamla heimatúnsins. Auk þess er nálægð við aðra manngerða hella í Gaulverjabæjarhreppi mikil og saman mynda þeir sterka heild. Auk þess er þetta hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella. Sú staðreynd að þarna eru þrír hellar í sama túni gerir þetta afar áhugaverðan stað og menningarlandslagið hefur mikið rannsóknargildi.

Upplifun:
Það er gaman að koma í þennan helli. Mikil saga er hér á bak við mannvirkið og fólk á auðvelt með að gera sér grein fyrir notkun hellisins. Hellarnir þrír í túninu gera mikið fyrir staðinn og hvernig fólk upplifir sig þar.

Táknrænt gildi:
Hellarnir hafa ekki mikið táknrænt gildi nema fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar sem og landsvæðisins. Táknræna gildi staðarins eykst ef hugsað er um alla hellana í hreppnum sem eina heild.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Malarvegur liggur að gamla heimatúni Haugs en ganga verður síðasta spölinn yfir túnið. Það er eitt hlið á leiðinni. Heimatúnið er gróið og slétt. Um 1-2 mín gangur er að hellunum. Ekki er vitað um hug landeigenda varðandi heimsóknir í hellana.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikið notkunargildi. Þó þurfti að laga forskálann og gera hann upp og hreinsa innan úr hellinum. Hellirinn er minnstur af hellunum á Haugi en notkunargildið er hið sama.



Mynd 43: Hellir í Austurtúni, horft til suðurs. Leifar forskála eru framan við hellinn.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000701 Hellahjáleiga/Eystri-Hellur Friðlýst sem hellir

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellir manngerður, suðvestur frá bænum, í túninu."

Frumtexti:
"Hellir manngerður, suðvestur frá bænum, í túninu. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er í sandsteinsholti fyrir vestan bæinn. Gróin tún eru allt umhverfis hellinn en hann sést vel þegar komið er að bænum. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir eru m.a. í gangagrunninum Ísleifu.

Ástand:
Forskáli hellisins er enn uppistandandi en hrun í opi hellisins. Ekki er hægt að fara þar inn af þeim sökum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Í ritheimildum er ruglingur hvor bærinn er Hellar og hvor Hellahjáleiga. Það er misjafn jafnvel innan sömu heimildar. Þetta verður að hafa í huga.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Allir hellarnir á Eystri- og Vestari-Hellum mynda saman sterka minjaheild. Fleiri hellar eru á jörðunum sem ekki eru friðlýstir og ástand þeirra var ekki skoðað. Saman mynda allir þessir hellar ásamt mörgum hellum í Gaulverjabæjarhreppi spennandi landslag og hefur gríðarlega rannsóknarmöguleika.

Upplifun:
Erfitt er fyrir leikmann að átta sig á minjunum og umfangi þeirra. Hellirinn er lokaður.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur ekki táknrænt gildi nema ef vera skyldi fyrir sögu jarðarinnar. Telja verður líklegt að nafn bæjarins sé dregið af fyrrnefndum hellum.

Aðgangur:
Mjög gott aðgengi er að minjunum, að þeim er um 1 mín gangur frá bænum yfir slétt tún. Landeigandi er ekki hrifinn af umferð manna á svæðinu.

Notkunargildi:
Hægt væri að nýta þessar minjar til að kynna sögu hellagerðar og nýtingu þeirra á svæðinu. Notkunargildið er lítið sem ekkert meðan ekkert er gert til að viðhalda honum.



Mynd 44: Hellirinn á Eystri-Hellum er lokaður. Horft er til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000801 Hellar/Vestari-Hellur Friðlýst sem hellir, fjárhús

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar tveir, fjárhellar, í hól suðaustur frá bænum."

Frumtexti:
"Hellar tveir, fjárhellar, í hól suðaustur frá bænum. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert minjaskilti er á staðnum. Vestari hellirinn stendur enn sem og forskáli hans. Hellirinn er í góðu ástandi. Eystri hellirinn er hruninn, tvenn jarðföll bera honum vitni. Hellarnir eru innan skógræktargirðingu, í sama sandsteinshól og hellirinn á Eystri-Hellum. Stutt er á milli þeirra. Ítarleg lýsing á hellunum er í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir í Ísleifu, gangagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Annar hellirinn er í góðu ástandi. Nokkrar tröppur liggja niður í hellinn sem er nýttur sem geymsla og er fullur af rusli. Forskálinn er óraskaður og hurð þar fyrir. Hinn hellirinn er hruninn.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Í ritheimildum er ruglingur hvor bærinn er Hellar og hvor Hellahjáleiga. Það er misjafn jafnvel innan sömu heimildar. Þetta verður að hafa í huga.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Allir hellarnir á Eystri- og Vestari-Hellum mynda saman sterka minjaheild. Fleiri hellar eru á jörðunum sem ekki eru friðlýstir og ástand þeirra var ekki skoðað á vettvangi. Saman mynda allir þessir hellar ásamt mörgum hellum í Gaulverjabæjarhreppi spennandi landslag og hefur gríðarlega rannsóknarmöguleika.

Upplifun:
Það er gaman að koma inn í vestari hellinn. Fólk á auðvelt með að átta sig á nýtingu hellisins og enn má sjá ummerki um gerð hans í berginu. Erfitt er fyrir leikmann að átta sig á minjunum og umfangi þess hellis sem er lokaður og hruninn.

Táknrænt gildi:
Hellarnir hafa ekki táknrænt gildi nema ef vera skyldi fyrir sögu og nýtingu jarðarinnar. Telja verður líklegt að nafn bæjarins sé dregið af fyrrnefndum hellum.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. 2 mín gangur frá bænum yfir slétt tún. Eitt hlið er á leiðinni. Taka verður fram að bratt er niður í hellinn.

Notkunargildi:
Vestari hellirinn hefur mikið notkunargildi. Laga þar tröppurnar fyrst og hreinsa til. Ábúendur eru jákvæðir gagnvart nýtingu hellisins.



Mynd 45: Vestari hellirinn, horft til norðurs.



Mynd 46: Jarðföllin í eystri hellinum, horft til suðausturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87000901 Hólshús *Hólshús* Friðlýst sem hellir, geymsla

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellir manngerður; notaður nú að nokkru leyti til að geyma í jarðepli."

Frumtexti:
"Hellir manngerður; notaður nú að nokkru leyti til að geyma í jarðepli. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er vel varðveittur og blasir við þegar komið er að bænum, skammt frá íbúðarhúsinu. Hellirinn sjálfur sést ekki á yfirborði, einungis forskálinn sem er vel varðveittur og hellirinn ennþá í notkun. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn er ennþá uppistandandi og vel varðveittur. Forskáli er fyrir framan hellinn og bárujárn í þakinu. Malarplan er framan við hellinn sem er nýttur sem geymsla.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn er hluti af gamla heimatúni bæjarins. Á nærliggjandi bæjum eru fleiri hellar sem eykur enn frekar á gildi þeirra. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu og aðlagaðist aðstæðum.

Upplifun:
Það er gaman að fara í hellinn enda eru nokkurs konar göng þar inn í gegnum forskálann. Leikmenn eiga auðvelt með að sjá nýtingu hellisins fyrir sér.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. En sé hann settur í samhengi við aðra hella á svæðinu þá mynda þeir sterka minjaheild og eru hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Aðgengi:
Hellirinn er í bæjahlaðinu og malarplan við hann. Hægt er að leggja við hellinn.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur töluvert notkunargildi. Hann er vel varðveittur g tröppurnar niður í hann líka. Ekki er vitað hver hugur landeigenda er varðandi heimsóknir á staðinn en þau nýta hellinn sem geymslu.



Mynd 47: Veglegur forskáli er við hellinn, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87001001 Ragnheiðarstaðir *Strýtu-Ragnheiðarstaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Strýtu-Ragnheiðarstaðir ... bæjarrústaleifar, frammi á sandöldunni ..."

Frumtexti:
"Strýtu-Ragnheiðarstaðir og Fornu-Ragnheiðarstaðir, tvennar bæjarrústaleifar, frammi á sandöldunni og í uppblæstrinum fyrir ofan ölduna. Sbr. Árb. 1905: 3. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Í örnefnaskrá Ragnheiðarstaða segir að grjóthleðslur sjáist á minjastaðnum. Ekki sést til þeirra nú en nokkuð grýtt er þó efst á hólnum. Steyptur stólpi er efst á hólnum og heimildamaður kveður hann vera landmælingavörðu. Stólpinn er grafinn ofan í þúst efst á hólnum sem líklega er tóftarleifar. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Minjarnar eru á grýttum og sendnum melhól, lítið sést til tófta nú.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Melhóllinn rís hærra en aðrir hólar í kring. Lítið sjónrænt samhengi er á milli minjanna og annarra á svæðinu. Hér er um að ræða eldra, ef ekki elsta, þekkta bæjarstæði Ragnheiðarstaða, en bærinn hefur verið fluttur a.m.k. tvisvar.

Upplifun:
Mögulegar tóftir eru ógreinilegar og afmyndaðar af sandblæstri og raski. Upplifun markast af því.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi felst fyrst og fremst í því að Strýtu-Ragnheiðarstaðir munu vera fyrsta bæjarstæðið af a.m.k. þremur á Ragnheiðarstöðum, en bærinn hefur ítrekað verið fluttur innar í landið. Gera má ráð fyrir að það hljótist af rofi vegna ágangs Þjórsár og sjávar. Sagan segir að bærinn beri nafn Ragnheiðar Þorláksdóttur, konu Lofts Þórarinssonar, sem var sonarsonur Lofts Ormssonar landnámsmanns í Gaulverjabæjarhreppi.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er gott þar sem malarvegur liggur að hólnum. Aka þarf í gegnum hlið en það er ólæst.

Notkunargildi:
Notkunargildi felst fyrst og fremst í táknrænu gildi staðarins. Á hólnum sjálfum er þó ekki mikið að sjá. Landið er mikið rofið en tilraunir hafa verið gerðar til uppgræðslu. Það þolir því illa mikinn ágang. Ekki náðist í landeigendur til að kanna hug þeirra gegnvart nýtingu minjanna.



Mynd 48: Strýtu-Ragnheiðarstaðir, horft til austurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87001002 Ragnheiðarstaðir *Fornu-Ragnheiðarstaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"... Fornu-Ragnheiðarstaðir, ... bæjarrústaleifar... í uppblæstrinum fyrir ofan ölduna."

Frumtexti:
"Strýtu-Ragnheiðarstaðir og Fornu-Ragnheiðarstaðir, tvennar bæjarrústaleifar, frammi á sandöldunni og í uppblæstrinum fyrir ofan ölduna. Sbr. Árb. 1905: 3. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Fornu-Ragnheiðarstaðir eru um 400 m norðan við Strýtu-Ragnheiðarstaði. Hóllinn er hæstur til norðvesturs og hefur bærinn líklega staðið þar. Á hólnum norðanverðum sést í dreifða hleðslusteina í rofi, þó að engin skýr hleðsla sjáist. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Á minjastaðnum er sendinn melhóll, nokkuð gróinn. Engar greinilegar tóftir eru á honum. Hóllinn er hæðóttur og afmyndaður af sandblæstri. Tvær mögulegar grjóthleðslur sáust á hólnum, hvor í framhaldi af annarri.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Melhóllinn rís hærra en aðrir hólar í kring. Lítið samhengi er á milli minjanna og annarra á svæðinu nema þá helst Strýtu-Ragnheiðarstaði. Heimildir herma að bæjarstæðið hafi verið flutt þaðan að þessum minjastað.

Upplifun:
Ekkert sést til tófta fyrir utan mögulegar grjóthleðslur. Umhverfis hólinn er gámur og ýmis konar drasl. Skammt frá er vinusvæði þar sem efni er tekið í vegagerð.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi felst fyrst og fremst í því að Strýtu-Ragnheiðarstaðir munu vera fyrsta bæjarstæðið af a.m.k. þremur á Ragnheiðarstöðum, en bærinn hefur ítrekað verið fluttur innar í landið. Gera má ráð fyrir að það hljótist af rofi vegna ágangs Þjórsár og sjávar. Sagan segir að bærinn beri nafn Ragnheiðar Þorláksdóttur, konu Lofts Þórarinssonar, sem var sonarsonur Lofts Ormssonar landnámsmanns í Gaulverjabæjarhreppi.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er gott þar sem malarvegur liggur að hólnum. Aka þarf í gegnum hlið en það er ólæst.

Notkunargildi:
Notkunargildi felst fyrst og fremst í táknrænu gildi staðarins. Á hólnum sjálfum er þó ekki mikið að sjá og umhverfi hans hefur verið að nokkru spillt vegna efnistökunnar. Landið er mikið rofið en tilraunir hafa verið gerðar til uppgræðslu. Það þolir því illa mikinn ágang. Ekki náðist í landeigendur til að kanna hug þeirra gegnvart nýtingu minjanna.



Mynd 49: Fornu-Ragnheiðarstaðir, horft til norðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87001101 Seljatunga *Seljatunga* Friðlýst sem hellir, fjárhús

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellir, manngerður fjárhellir, í suður frá bæjarhúsum."

Frumtexti:
"Hellir, manngerður fjárhellir, í suður frá bæjarhúsum. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er á grónu svæði, milli afgirtra túna til allra átta. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir eru í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn er ennþá vel varðveittur. Forskálinn er þó horfinn, steinsteypt kartöflugeymsla var byggð þar á 20. öld. Þak hennar er tekið að síga og ábúendur vilja gjarnan rífa steyptu bygginguna sökum slysahættu. Steypta byggingin er að hluta grafinn í sand.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn í Seljatungu er hluti af minjaheild jarðarinnar. Hann gerir mikið fyrir jörðina. Saman myndar hellirinn, ásamt mörgum hellum í Gaulverjabæjarhreppi, spennandi landslag og hefur gríðarlega rannsóknarmöguleika.

Upplifun:
Það er gaman að koma inn í hellinn og sjá hann leynast á bakvið kartöflugeymsluna. Fólk á auðvelt með að átta sig á nýtingu hellisins og enn má sjá ummerki um gerð hans í berginu.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur ekki táknrænt gildi nema ef vera skyldi fyrir sögu og nýtingu jarðarinnar.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. 2-3 mín gangur er eftir malarslóða frá bænum. Næst hellinum er gróið tún.

Notkunargildi:
Hellirinn sjálfur hefur mikið notkunargildi. Tryggja þarf þó öryggi á staðnum með lagfæringu á 20. aldar byggingunni eða niðurrifi. Hellirinn er ekki stór en landeigendur voru fremur jákvæðir gagnvart heimsókn ferðamanna.



Mynd 50: Inni í hellinum á Seljatungu, horft er til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Gaulverjabæjarhreppur (árið 1990)

87001202 Syðri-Gegnishólar *Syðri-Gegnishólar* Friðlýst sem hellir, fjárhús
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellir manngerður í hólrana fyrir norðan bæinn."

Frumtexti:
"Hellir manngerður í hólrana fyrir norðan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hellirinn er vel varðveittur og blasir við þegar komið er að bænum, í holtsbrún norðan við bæinn. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) og frekari heimildir er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Hellirinn er ennþá uppistandandi og vel varðveittur. Forskáli er fyrir framan hellinn og bárujárn í þakinu. Hellirinn er djúpur og þarfnast viðhalds. Þak forskálans er sigið og hlutar að hruni komnir.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn er hluti af gamla heimatúni bæjarins. Á nærliggjandi bæjum eru fleiri hellar sem eykur enn frekar á gildi þeirra. Hellarnir sýna vel hvernig fólk nýtti umhverfið í sína þágu og aðlagaðist aðstæðum.

Upplifun:
Það er gaman að fara í hellinn enda eru nokkurs konar göng þar inn í gegnum forskálann. Leikmenn eiga auðvelt með að sjá nýtingu hellisins fyrir sér, sérstaklega ef hann yrði lagfærður.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. En sé hann settur í samhengi við aðra hella á svæðinu þá mynda þeir sterka minjaheild og eru hluti af hinni sunnlensku hefð að klappa út hella.

Aðgengi:
Um 2 mínútna gangur er að hellinum frá bænum. Hellirinn er í brekku og er nokkuð bratt að honum. Það þarf að fara í gegnum eitt hlið og yfir óræktað tún áður en komið er að hellinum.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur töluvert notkunargildi ef hann er lagfærður. Ekki er vitað hver hugur landeigenda er varðandi heimsóknir á staðinn en þau virtust fremur jákvæð og töldu að hann þarfnaðist viðgerða áður en fólki yrði hleypt þar að.



Mynd 51: Hellirinn á Syðri-Gegnishólum, horft til norðvesturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Stokkseyrarhreppur (árið 1990)
87001301 Skipar *Hásteinshaugur* Friðlýst sem haugur, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Leifar Hásteins-haugs ...við Barnaness-vað (áður Haugavað)."

Frumtexti:
"Leifar Hásteins-haugs, Ölvis-haugs, Atla-haugs og Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað). Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Hásteinshaugur er einn fjögurra hauga sem ganga undir nafninu Vaðhólar. Þeir eru við vað á Skipavatni sem nefnist Haugavað. Um þessa hauga er ritað í Kuml og haugfé og Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1882, 1888-92 og 1900. Austan (eða norðan, heimildum ber ekki saman) götunnar sem þar lá er Hrafnshaugur en vestan (eða sunnan) hennar hinir þrír, Hásteinshaugur, Ölvishaugur og Atlahaugur. Árið 1880 rannsakaði Sigurður Vigfússon haugana og voru þeir þá sýnilegir, toppmyndaðir en nokkuð blásnir. Eftir að Sigurður gróf í þá spilltust haugarnir mjög og árið 1897 voru ummerki um haugana þrjá vestan götunnar horfin. Brynjúlfur Jónsson gerði þá riss af haugasvæðinu og mun því vera nokkuð vel treystandi, en hann hafði séð þá uppistandandi árið 1859. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Einn haugur er greinilegur á minjasvæðinu. Samkvæmt heimildum er það Hrafnshaugur sem er austan við gömlu reiðgötuna. Hinir haugarnir þrír sjást ekki og er staðsetning þeirra hér getgáta metin út frá landslaginu. Gatan sem lá að vaðinu sést ekki en norðan haugsins er grjóthlaðið garðlag sem liggur í norðaustur-suðvestur í átt að vaðinu.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hásteinshaugur er einn af Vaðhólum, fjórum haugum við gamla götu og vað yfir Skipavatn. Haugarnir bera nafn af vaðinu og vaðið sömuleiðis af þeim og því má ætla að þeir hafi verið þekkt kennileiti áður fyrr. Gatan og vaðið eru ekki sýnileg í dag sem og þrír af fjórum haugum og hafa haugarnir því misst sýnilegt samhengi sitt við leiðina.

Upplifun:
Aðeins einn haugur, Hrafnshaugur, er sýnilegur en hann er nokkuð greinilegur og sést glöggt hvar Sigurður Vigfússon gróf í hann árið 1880. Haugarnir eru á hraunholti sem er umvafið blautu og grýttu mólendi sem er mikið beitt og uppblásið. Sigurður lýsti aðstæðum þannig árið 1880 að haugarnir væru á klapparhæðum og grasi gróið á milli. Það þarf því að beita hugarfluginu til að ímynda sér hvernig haugarnir stóðu þarna upphlaðnir og gnæfðu yfir götunni og graslendinu í kring. Landið er fremur uppblásið og bitið. Stutt er niður úr gróðurþekju og því nokkuð forugt í votviðri.

Táknrænt gildi:
Haugarnir hafa verið tengdir við frásögn í Landnámu og bera nöfn þaðan. Þeir hafa því töluvert táknrænt gildi. Einnig eru þeir táknrænir fyrir upphaf íslenskra fornleifarannsókna enda var rannsókn Sigurðar Vigfússonar barn síns tíma. Sömuleiðis mætti tengja haugana við nýjar kenningar í íslenskum kumlarannsóknum.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Malarvegur liggur að minjasvæðinu en engin bílastæði eru þó nálægt. Landið er nýtt undir beit. Hrossin eru ekki innan sérstakrar girðingar og eru nokkuð ágeng á faratæki og menn. Landið er mjög blautt, mikið bitið og uppblásið.

Notkunargildi:
Notkunargildi er töluvert og felst aðallega í táknrænu gildi minjastaðarins. Nýta mætti tengingu staðarins við Landnámu og tilkomu hans eins og sagt er frá henni þar og sögu rannsókna þar til að endurskapa minjastaðin í gegnum aldirnar. Hafa ber þó í huga að bæta þyrfti aðgengi og hugsanlega breyta núverandi notkun landsins að einhverju leyti.



Mynd 52: Líkleg staðsetning Hásteinshaugs, horft til norðurs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Stokkseyrarhreppur (árið 1990)
87001302 Skipar *Ölvishaugur* Friðlýst sem haugur, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Leifar ... Ölvis-haugs ... (áður Haugavað)."

Frumtexti:
"Leifar Hásteins-haugs, Ölvis-haugs, Atla-haugs og Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað). Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Hásteinshaugur er einn fjögurra hauga sem ganga undir nafninu Vaðhólar. Þeir eru við vað á Skipavatni sem nefnist Haugavað. Um þessa hauga er ritað í Kuml og haugfé og Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1882, 1888-92 og 1900. Austan (eða norðan, heimildum ber ekki saman) götunnar sem þar lá er Hrafnshaugur en vestan (eða sunnan) hennar hinir þrír, Hásteinshaugur, Ölvishaugur og Atlahaugur. Árið 1880 rannsakaði Sigurður Vigfússon haugana og voru þeir þá sýnilegir, toppmyndaðir en nokkuð blásnir. Eftir að Sigurður gróf í þá spilltust haugarnir mjög og árið 1897 voru ummerki um haugana þrjá vestan götunnar horfin. Brynjúlfur Jónsson gerði þá riss af haugasvæðinu og mun því vera nokkuð vel treystandi, en hann hafði séð þá uppistandandi árið 1859. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Einn haugur er greinilegur á minjasvæðinu. Samkvæmt heimildum er það Hrafnshaugur sem er austan við gömlu reiðgötuna. Hinir haugarnir þrír sjást ekki og er staðsetning þeirra hér getgáta metin út frá landslaginu. Gatan sem lá að vaðinu sést ekki en norðan Hrafnshaugs er grjóthlaðið garðlag sem liggur í norðaustur-suðvestur í átt að vaðinu.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Ölvishaugur er einn af Vaðhólum, fjórum haugum við gamla götu og vað yfir Skipavatn. Haugarnir bera nafn af vaðinu og vaðið sömuleiðis af þeim og því má ætla að þeir hafi verið þekkt kennileiti áður fyrr. Gatan og vaðið eru ekki sýnileg í dag sem og þrír af fjórum haugum og hafa haugarnir því misst sýnilegt samhengi sitt við leiðina.

Upplifun:
Aðeins einn haugur, Hrafnshaugur, er sýnilegur en hann er nokkuð greinilegur og sést glöggt hvar Sigurður Vigfússon gróf í hann árið 1880. Haugarnir eru á hraunholti sem er umvafið blautu og grýttu mólendi sem er mikið beitt og uppblásið. Sigurður lýsti aðstæðum þannig árið 1880 að haugarnir væru á klapparhæðum og grasi gróið á milli. Það þarf því að beita hugarfluginu til að ímynda sér hvernig haugarnir stóðu þarna upphlaðnir og gnæfðu yfir götunni og graslendinu í kring. Landið er fremur uppblásið og bitið. Stutt er niður úr gróðurþekju og því nokkuð forugt í votviðri.

Táknrænt gildi:
Haugarnir hafa verið tengdir við frásögn í Landnámu og bera nöfn þaðan. Þeir hafa því töluvert táknrænt gildi. Einnig eru þeir táknrænir fyrir upphaf íslenskra fornleifarannsókna enda var rannsókn Sigurðar Vigfússonar barn síns tíma. Sömuleiðis mætti tengja haugana við nýjar kenningar í íslenskum kumlarannsóknum.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Malarvegur liggur að minjasvæðinu en engin bílastæði eru þó nálægt. Landið er nýtt undir beit. Hrossin eru ekki innan sérstakrar girðingar og eru nokkuð ágeng á faratæki og menn. Landið er mjög blautt, mikið bitið og uppblásið.

Notkunargildi:
Notkunargildi er töluvert og felst aðallega í táknrænu gildi minjastaðarins. Nýta mætti tengingu staðarins við Landnámu og tilkomu hans eins og sagt er frá henni þar og sögu rannsókna þar til að endurskapa minjastaðin í gegnum aldirnar. Hafa ber þó í huga að bæta þyrfti aðgengi og hugsanlega breyta núverandi notkun landsins að einhverju leyti.



Mynd 53: Líkleg staðsetning Ölvishaugs, horft til norðurs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Stokkseyrarhreppur (árið 1990)
87001303 Skipar *Atlahaugur* Friðlýst sem haugur, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta
Lýsing:
"Leifar ... Atla-haugs ... við Barnaness-vað (áður Haugavað)."

Frumtexti:
"Leifar Hásteins-haugs, Ölvis-haugs, Atla-haugs og Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað). Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Hásteinshaugur er einn fjögurra hauga sem ganga undir nafninu Vaðhólar. Þeir eru við vað á Skipavatni sem nefnist Haugavað. Um þessa hauga er ritað í Kuml og haugfé og Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1882, 1888-92 og 1900. Austan (eða norðan, heimildum ber ekki saman) götunnar sem þar lá er Hrafnshaugur en vestan (eða sunnan) hennar hinir þrír, Hásteinshaugur, Ölvishaugur og Atlahaugur. Árið 1880 rannsakaði Sigurður Vigfússon haugana og voru þeir þá sýnilegir, toppmyndaðir en nokkuð blásnir. Eftir að Sigurður gróf í þá spilltust haugarnir mjög og árið 1897 voru ummerki um haugana þrjá vestan götunnar horfin. Brynjúlfur Jónsson gerði þá riss af haugasvæðinu og mun því vera nokkuð vel treystandi, en hann hafði séð þá uppistandandi árið 1859. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Einn haugur er greinilegur á minjasvæðinu. Samkvæmt heimildum er það Hrafnshaugur sem er austan við gömlu reiðgötuna. Hinir haugarnir þrír sjást ekki og er staðsetning þeirra hér getgáta metin út frá landslaginu. Gatan sem lá að vaðinu sést ekki en norðan Hrafnshaugs er grjóthlaðið garðlag sem liggur í norðaustur-suðvestur í átt að vaðinu.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Atlahaugur er einn af Vaðhólum, fjórum haugum við gamla götu og vað yfir Skipavatn. Haugarnir bera nafn af vaðinu og vaðið sömuleiðis af þeim og því má ætla að þeir hafi verið þekkt kennileiti áður fyrr. Gatan og vaðið eru ekki sýnileg í dag sem og þrír af fjórum haugum og hafa haugarnir því misst sýnilegt samhengi sitt við leiðina.

Upplifun:
Aðeins einn haugur, Hrafnshaugur, er sýnilegur en hann er nokkuð greinilegur og sést glöggt hvar Sigurður Vigfússon gróf í hann árið 1880. Haugarnir eru á hraunholti sem er umvafið blautu og grýttu mólendi sem er mikið beitt og uppblásið. Sigurður lýsti aðstæðum þannig árið 1880 að haugarnir væru á klapparhæðum og grasi gróið á milli. Það þarf því að beita hugarfluginu til að ímynda sér hvernig haugarnir stóðu þarna upphlaðnir og gnæfðu yfir götunni og graslendinu í kring. Landið er fremur uppblásið og bitið. Stutt er niður úr gróðurþekju og því nokkuð forugt í votviðri.

Táknrænt gildi:
Haugarnir hafa verið tengdir við frásögn í Landnámu og bera nöfn þaðan. Þeir hafa því töluvert táknrænt gildi. Einnig eru þeir táknrænir fyrir upphaf íslenskra fornleifarannsókna enda var rannsókn Sigurðar Vigfússonar barn síns tíma. Sömuleiðis mætti tengja haugana við nýjar kenningar í íslenskum kumlarannsóknum.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Malarvegur liggur að minjasvæðinu en engin bílastæði eru þó nálægt. Landið er nýtt undir beit. Hrossin eru ekki innan sérstakrar girðingar og eru nokkuð ágeng á faratæki og menn. Landið er mjög blautt, mikið bitið og uppblásið.

Notkunargildi:
Notkunargildi er töluvert og felst aðallega í táknrænu gildi minjastaðarins. Nýta mætti tengingu staðarins við Landnámu og tilkomu hans eins og sagt er frá henni þar og sögu rannsókna þar til að endurskapa minjastaðin í gegnum aldirnar. Hafa ber þó í huga að bæta þyrfti aðgengi og hugsanlega breyta núverandi notkun landsins að einhverju leyti.



Mynd 54: Líkleg staðsetning Atlahaugs , horft til norðurs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Stokkseyrarhreppur (árið 1990)
87001304 Skipar *Hrafnshaugur* Friðlýst sem haugur, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta
Lýsing:
"Leifar ... Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað)."

Frumtexti:
"Leifar Hásteins-haugs, Ölvis-haugs, Atla-haugs og Hrafns-haugs við Barnaness-vað (áður Haugavað). Sbr. Árb. 1882: 47-52; Árb. 1900: 29. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Hásteinshaugur er einn fjögurra hauga sem ganga undir nafninu Vaðhólar. Þeir eru við vað á Skipavatni sem nefnist Haugavað. Um þessa hauga er ritað í Kuml og haugfé og Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1882, 1888-92 og 1900. Austan (eða norðan, heimildum ber ekki saman) götunnar sem þar lá er Hrafnshaugur en vestan (eða sunnan) hennar hinir þrír, Hásteinshaugur, Ölvishaugur og Atlahaugur. Árið 1880 rannsakaði Sigurður Vigfússon haugana og voru þeir þá sýnilegir, toppmyndaðir en nokkuð blásnir. Eftir að Sigurður gróf í þá spilltust haugarnir mjög og árið 1897 voru ummerki um haugana þrjá vestan götunnar horfin. Brynjúlfur Jónsson gerði þá riss af haugasvæðinu og mun því vera nokkuð vel treystandi, en hann hafði séð þá uppistandandi árið 1859. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Einn haugur er greinilegur á minjasvæðinu. Samkvæmt heimildum er það Hrafnshaugur sem er austan við gömlu reiðgötuna. Hinir haugarnir þrír sjást ekki og er staðsetning þeirra hér getgáta metin út frá landslaginu. Gatan sem lá að vaðinu sést ekki en norðan Hrafnshaugs er grjóthlaðið garðlag sem liggur í norðaustur-suðvestur í átt að vaðinu.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hrafnshaugur er einn af Vaðhólum, fjórum haugum við gamla götu og vað yfir Skipavatn. Hrafnshaugur er sá eini sem enn sést til. Skammt norðan við hauginn er einnig garðlag. Ekkert er minnst á það í heimildum um haugana svo líklega er það frá 20. öld. Haugarnir bera nafn af vaðinu og vaðið sömuleiðis af þeim og því má ætla að þeir hafi verið þekkt kennileiti áður fyrr. Gatan og vaðið eru ekki sýnileg í dag sem og þrír af fjórum haugum og hafa haugarnir því misst sýnilegt samhengi sitt við leiðina.

Upplifun:
Aðeins einn haugur, Hrafnshaugur, er sýnilegur en hann er nokkuð greinilegur og sést glöggt hvar Sigurður Vigfússon gróf í hann árið 1880. Haugarnir eru á hraunholti sem er umvafið blautu og grýttu mólendi sem er mikið beitt og uppblásið. Sigurður lýsti aðstæðum þannig árið 1880 að haugarnir væru á klapparhæðum og grasi gróið á milli. Það þarf því að beita hugarfluginu til að ímynda sér hvernig haugarnir stóðu þarna upphlaðnir og gnæfðu yfir götunni og graslendinu í kring. Landið er fremur uppblásið og bitið. Stutt er niður úr gróðurþekju og því nokkuð forugt í votviðri.

Táknrænt gildi:
Haugarnir hafa verið tengdir við frásögn í Landnámu og bera nöfn þaðan. Þeir hafa því töluvert táknrænt gildi. Einnig eru þeir táknrænir fyrir upphaf íslenskra fornleifarannsókna enda var rannsókn Sigurðar Vigfússonar barn síns tíma. Sömuleiðis mætti tengja haugana við nýjar kenningar í íslenskum kumlarannsóknum.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Malarvegur liggur að minjasvæðinu en engin bílastæði eru þó nálægt. Landið er nýtt undir beit. Hrossin eru ekki innan sérstakrar girðingar og eru nokkuð ágeng á faratæki og menn. Landið er mjög blautt, mikið bitið og uppblásið.

Notkunargildi:
Notkunargildi er töluvert og felst aðallega í táknrænu gildi minjastaðarins. Nýta mætti tengingu staðarins við Landnámu og tilkomu hans eins og sagt er frá henni þar og sögu rannsókna þar til að endurskapa minjastaðin í gegnum aldirnar. Hafa ber þó í huga að bæta þyrfti aðgengi og hugsanlega breyta núverandi notkun landsins að einhverju leyti.



Mynd 55: Hrafnshaugur, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Eyrarbakkahreppur (árið 1990)

87001401 Óseyrarnes *Drepstokkur* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hin gömlu bæjarstæði Drepstokks ...sem standa ... norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá."

Frumtexti:
"Hin gömlu bæjarstæði Drepstokks og Óseyrarness, sem standa nærri hvert öðru norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá. Skjal undirritað af ÞM 28.07.1981. Þinglýst 12.08.1981." Á austanverðum bakka Ölfusár, norðan við Óseyrarbrúna, standa býlin Drepstokkur og Óseyrarnes. Í heimildum segir að árið 1708 hafi sami maður haldið báðar jarðirnar Nes (Óseyrarnes) og Refstokk (Drepstokk) og tuttugu árum síðar, árið 1729, hafi Nesbærinn verið fluttur í fimmta sinn og þá í Refstokkstún. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hins vegar er þar upplýsingaskilti um staðinn fyrir ferðamenn. Minjarnar eru sex talsins á sendnu svæði og melgróður er á hólunum.

Ástand:
Minjastaðurinn er allur gróinn grasi. Sem heild er hann frekar greinilegur en hólfaskipan er ógreinileg.

Þinglýsing, 1981-08-12
Undirritun, 1981-07-28 Þór Magnússon

Menningarlandslag/Minjaheild:
Býlið Drepstokkur virðist hafa varðveist sem heild og landið umhverfis það einnig. Annað býli, Óseyrarnes, sem er skammt hjá hefur einnig varðveist sem heild. Gildi þessarar minjaheildar til frekari rannsókna er því mjög mikil.

Upplifun:
Allar minjarnar eru á kafi í grasi sem og allt umhverfi þeirra, sennilega eru túnin nokkuð blaut. Útsýn er góð af bæjarhólnum.

Táknrænt gildi:
Drepstokkur er sögð landnámsjörð og þar á Herjólfur frændi Ingólfs Arnarsonar að hafa búið. Staðurinn mun því hafa sögulegt gildi en hann hefur einnig mikið rannsóknargildi sem gæti stuðlað að enn frekara kynningargildi.

Aðgengi:
Aðgengi er gott, bæjarhóllinn er stutt frá þjóðvegi.

Notkunargildi:
Engin íbúabyggð er í næsta nágrenni við minjastaðinn og því er ekkert því til fyrirstöðu að nota staðinn til frekari kynningar þar sem slíkar heimsóknir ættu ekki að hafa truflandi áhrif.



Mynd 56: Býlið Drepstokkur, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Eyrarbakkahreppur (árið 1990)

87001402 Óseyrarnes *Óseyrarnes* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hin gömlu bæjarstæði ... Óseyrarness, sem standa ... norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá."

Frumtexti:
"Hin gömlu bæjarstæði Drepstokks og Óseyrarness, sem standa nærri hvert öðru norðvestur frá kauptúninu Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá. Skjal undirritað af ÞM 28.07.1981. Þinglýst 12.08.1981." Á austanverðum bakka Ölfusár, norðan við Óseyrarbrúna, standa býlin Drepstokkur og Óseyrarnes. Í heimildum segir að árið 1708 hafi sami maður haldið báðar jarðirnar Nes (Óseyrarnes) og Refstokk (Drepstokk) og tuttugu árum síðar, árið 1729, hafi Nesbærinn verið fluttur í fimmta sinn og þá í Refstokkstún. Það er líklega sú staðsetning þar sem nú sjást leifar bæjarins. Í heimildum segir enn fremur að öll bæjarhús á jörðinni hafi farið í eyði árið 1931 þegar bærinn fór í eyði. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum en sett hefur verið upp upplýsingaskilti um býlið Drepstokk.

Ástand:
Minjastaðurinn er á mörkum votlendis og túns. Bæjarhóllinn er auðgreinanlegur og tóftirnar á honum eru flestar sýnilegar. Utan um hólinn liggur garðlag að hluta. Útihús utan garðlagsins eru síður greinileg og hlaupin í þúfur. Heybaggar eru geymdir á norðverðum bæjarhólnum.

Þinglýsing, 1981-08-12
Undirritun, 1981-07-28 Þór Magnússon

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hér er um að ræða nokkuð heildstæðar minjar sem sjást vel. Bæjarhús eru nokkuð flókin, sá hluti sem snýr inn á bæjarhóllin (til suðurs) stendur vel en utanverður hluti þeirra er síður skýr. Hátt og mikið garðlag liggur utan um bæjarhólinn að hluta, mögulega til að verja hann vatni frá ánni.

Upplifun:
Minjarnar standa enn fremur skýrar svo auðvelt er að átta sig á flestum þáttum þeirra.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er fremur lítið. Ekki er vitað til þess að neinar sögur séu þekktar um býlið og það er ekki táknrænt fyrir ákveðna tegund búsetu. Hugsanlega mætti tengja það við nálægðina við Ölfusá en heimildir benda til að bærinn hafi einnig gengið undir nafninu Ferjunes. Nánari heimildakönnunar er þörf.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Sandslóðar liggja frá veginum austan við Óseyrarbrúna að býlunum tveimur. Þar er þó fremur votlent og illfært í leysingum. Upplýsingaskilti um býlið Drepstokk er sýnilegt frá veginum þó að bæta mætti aðgengi að því til að auðvelda lestur þar sem það stóð í ökkladjúpu vatni þegar vettvangskönnun fór fram. Norðvestan við bæjarhólinn er afgirt tún.

Notkunargildi:
Í ljós þess hversu heildstæðar minjarnar eru möguleikar til nýtingar góðir. Eins mætti gera meira úr nálægðinni við býlið Drepstokk sem virðist vera þekktara en Óseyrarnes, þó minna sjáist til þess. Nú þegar er upplýsingaskilti sem vísar á Drepstokk en bæta mætti við upplýsingar og bæta þyrfti aðgengi og merkingar.



Mynd 57: Bæjarhóll Óseyrarness, horft til norðnorðvesturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Árborg Hét: Eyrarbakkahreppur (árið 1990)

87001501 Skúmsstaðir *Gónhóll* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu."

Frumtexti:
"Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu. Sbr. Árb. 1905: 13. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Á minjastaðnum er greinilegur hóll, u.þ.b. 25x15 m að stærð. Friðlýsingarskilti er á honum.

Ástand:
Minjastaðurinn er vel þekktur og er staðurinn merktur. Hóllinn er grasi gróinn, mjög greinilegur og stendur milli byggðar og sjóvarnargarðs. Vestasta hluta hólsins hefur mögulega verið raskað.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hóllinn er inni í byggðinni á Eyrarbakka, þétt upp við sjóvarnargarðinn. Ekki sést til annarra minja á svæðinu en nánari heimildakönnun gæti leitt fleiri minjar, horfnar og sýnilegar, í ljós.

Upplifun:
Hóllinn er greinilegur sem upphækkun í landinu, ferköntuð í laginu og skýrt mótuð. Ógreinilegt garðlag liggur þvert yfir hólinn. Ekki eru aðrir þættir minjanna greinanlegir.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi felst fyrst og fremst í tengingu við sögu Eyrarbakka. Nánari heimildakönnun þarf til að meta eðli þess.

Aðgengi:
Gott aðgengi er að minjastaðnum. Hann er nálægt Byggðasafni Árnesinga en þó falinn á bak við íbúðarhús svo bæta mætti merkingar frá götunni. Göngustígur liggur upp á sjóvarnargarðinn við hlið hólsins.

Notkunargildi:
Miklir möguleikar eru á að tengja minjastaðinn við sögu þorpsins og styrkja tengingu við byggðasafnið. Bæta þyrfti merkingar og upplýsingar um staðinn.



Mynd 58: Gónhóll, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Hraungerðishreppur (árið 1990)

87001601 Miklaholtshellir *Hellir* Friðlýst sem hellir, hlaða, bústaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn, heyhellir nú, ..."

Frumtexti:
"Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn, heyhellir nú, hinn suður frá bænum, nú fjárhellir. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Þetta er heyhellirinn við bæinn sem hér er skráður. Honum er lýst nákvæmlega á bls. 112-113 í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Nánari heimildaúttekt um minjastaðinn er að finna í skýrslunni FS444-07171 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla I (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010). Ekkert friðlýsingarskilti er við hellinn.

Ástand:
Hellirinn er 10-15 m vestan við íbúðarhúsið á bænum og sést ekki á yfirborði. Allt umhverfis hann er slétt grasflöt og hann innan bakgarðs íbúðarhússins. Hellirinn er ennþá í notkun, ofan í honum er kyndiklefi, rör og leiðslur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Báðir hellarnir á jörðinni mynda saman skemmtilegt menningarlandslag og gefa mikla innsýn inn í sögu svæðisins. Hellirinn sést ekki á yfirborði og óneitanlega skemmtilegt og mikil upplifun að fara niður í gegnum kyndihúsið og geta kveikt ljós.

Upplifun:
Hellirinn er upplýstur og þar inni er hægt að sjá hvar hlaðið var upp í opið til vesturs. Það er afar skemmtilegt þegar kemur að hellum og það varpar ljósi á veggina. Það hefur sterk áhrif að sjá allt erfiðið sem býr að baki. En vegna alls rasksins sem orðið hefur á minjastaðnum er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir hvernig minjarnar litu út eða voru nýttar.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur táknrænt gildi þegar horft er til hinnar sunnlensku hefðar að klappa út hella. Einnig hefur hellirinn mikið gildi fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar og hann nýttur allt frá upphafi ábúðar, allt frá búsetu og til kyndiklefa

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Hann er vestan við íbúðarhúsið og farið þar inn í gegnum kyndiklefa, lítið hvítt hús. Brattur stigi er niður í sjálfan hellinn. Slétt grasflöt allt umhverfis hellinn og ofan á honum.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur takmarkaða nýtingarmöguleika eins og staðan er nú. Þar eru leiðslur, rör og tæki tengd hitun bæjarins. Það hefur verið tekið á móti hópum í hellinum þó heyrir það til undantekninga og háð leyfi ábúenda. Hellirinn er greinilega nýttur til einhverra mannamóta, m.a. er búið að klappa út syllur fyrir kerti. Hellirinn er í eigu Nesbúsins, sem líklega er dánarbú eða tengist hænsnabúi sem er á jörðinni.



Mynd 59: Kyndihúsið ofan á hellinum, horft til norðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Hraungerðishreppur (árið 1990)

87001602 Miklaholtshellir *Hellir* Friðlýst sem hellir, fjárhús, bústaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellar tveir manngjörvir, ... hinn suður frá bænum, nú fjárhellir."

Frumtexti:
"Hellar tveir manngjörvir, annar við bæinn, heyhellir nú, hinn suður frá bænum, nú fjárhellir. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Hér er verið að skrá fjárhellinn. Þegar bókin Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) kom út árið 1991 var hellirinn lokaður. Umfjöllun um hellinn er á bls. 113 í bókinni. Nánari heimildaúttekt um minjastaðinn er að finna í skýrslunni FS444-07171 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla I (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010). Eftir að skýrslan kom út hefur strompur hellisins verið opnaður. Það var gert um 2013 af Margréti Hallmundsdóttur og syni síðasta ábúanda. Ekkert friðlýsingarskilti er við hellinn.

Ástand:
Hellirinn er í grónu túni, vestan í holti. Hann er í aflíðandi brekku, innan svæðis sem nýtt er til beitar og sést ekki á yfirborði fyrir utan strompinn. Strompurinn er opinn en yfir honum er timburbretti. Hellirinn hefur ekki verið skoðaður á vettvangi.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Báðir hellarnir á jörðinni mynda saman skemmtilegt menningarlandslag og gefa mikla innsýn inn í sögu svæðisins. Hellirinn sést ekki á yfirborði, einungis strompurinn ber honum merki þegar að er komið.

Upplifun:
Upplifun fólks af hellinum er takmörkuð. Hann er fullur af jarðvegi og sést ekki á yfirborði. Nánari upplýsingar um hellinn vantar enda 1-2 ár síðan hann var opnaður aftur. Nánari rannsóknir þarf á þessum stað.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur mikið táknrænt gildi þegar horft er til hinnar sunnlensku hefðar að klappa út hella. Einnig hefur hellirinn mikið gildi fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar og hann nýttur lengi.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er erfitt. Það er 5-10 mín gangur frá bænum að hellinum og yfir eina girðingu að fara. Einungis strompurinn er opinn og hellisþakið 2 m þykkt. Ekki sést hversu mikil lofthæð er inni í hellinum eða neitt um innri gerð hans. Líklega þarf kaðal eða stiga niður í hellinn. Ekki náðist í landeigendur til að kanna hug þeirra varðandi hellinn.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur ekkert notkunargildi í núverandi ástandi.



Mynd 60: Strompur hellisins, horft til vesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87001801 Kampholt *Kampholt* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Í ritinu Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) segir að norðan túnsins hafi verið þrír hellar hlið við hlið. Við vettvangskönnun fundust aðeins tveir þeirra. Þeir eru í holti undir bakka sem snýr til vesturs. Hér er um að ræða nyrðri hellinn. Líklega hefur verið innangengt á milli hellanna um tóft sem stóð framan við þá. Ógreinilegt garðlag liggur meðfram brún bakkans ofan við hellana. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Hellirinn er samfallinn. Opið snýr til norðvesturs. Sigin tóft er framan við hann. Minjarnar eru vaxnar grasi, mosa og hvönn.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarstæði Kampholts er lítt greinanlegt vegna sléttunar. Hellarnir hafa líklega þjónað hlutverki útihúsa. Þar sem bæjarhúsin eru ekki greinanleg í dag standa þeir sem slíkir einir og sér og ekki í samhengi við önnur bæjarhús.

Upplifun:
Hellarnir norðan við túnið eru fallnir saman en vel greinanlegir. Sigin tóft er framan við þá. Sá nyrðri, sem hér um ræðir, er líklega fremur nýlega fallinn saman. Minjarnar eru því vel sýnilegar og auðvelt er að gera sér grein fyrir því hvernig þær hafa litið út áður en hellarnir hrundu.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi hellanna í Kampholti er fremur lítið. Heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Aðgengi að hellunum er lélegt. Aka þarf í gegnum sumarbústaðaland upp jeppafæran slóða. Fara þarf í gegnum læst hlið. Eigandi kærir sig ekki um átroðning óviðkomandi aðila.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið, einkum í ljósi þess að aðgengi er slæmt og landeigandi er ekki hlynntur nýtingu. Ekki er hægt að tala um heildstæða minjaheild á staðnum þar sem bæjarhúsin eru ekki greinileg og táknrænt gildi er sömuleiðis rýrt.



Mynd 61: Nyrsti hellirinn í Kampholti, horft til austurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87001802 Kampholt *Kampholt* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Í ritinu Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) segir að norðan túnsins hafi verið þrír hellar hlið við hlið. Við vettvangskönnun fundust aðeins tveir þeirra. Þeir eru í holti undir bakka sem snýr til vesturs. Hér er um að ræða syðri hellinn. Líklega hefur verið innangengt á milli hellanna um tóft sem stóð framan við þá. Ógreinilegt garðlag liggur meðfram brún bakkans ofan við hellana. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Hellirinn er samfallinn. Opið snýr til norðvesturs. Sigin tóft er framan við hann. Minjarnar eru vaxnar grasi, mosa og hvönn.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarstæði Kampholts er lítt greinanlegt vegna sléttunar. Hellarnir hafa líklega þjónað hlutverki útihúsa. Þar sem bæjarhúsin eru ekki greinanleg í dag standa þeir sem slíkir einir og sér og ekki í samhengi við önnur bæjarhús.

Upplifun:
Hellarnir norðan við túnið eru fallnir saman en vel greinanlegir. Sigin tóft er framan við þá. Sá nyrðri er líklega fremur nýlega fallinn saman. Minjarnar eru því vel sýnilegar og auðvelt er að gera sér grein fyrir því hvernig þær hafa litið út áður en hellarnir hrundu.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi hellanna í Kampholti er fremur lítið. Heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Aðgengi að hellunum er lélegt. Aka þarf í gegnum sumarbústaðaland upp jeppafæran slóða. Fara þarf í gegnum læst hlið. Eigandi kærir sig ekki um átroðning óviðkomandi aðila.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið, einkum í ljósi þess að aðgengi er slæmt og landeigandi er ekki hlynntur nýtingu. Ekki er hægt að tala um heildstæða minjaheild á staðnum þar sem bæjarhúsin eru ekki greinileg og táknrænt gildi er sömuleiðis rýrt.



Mynd 62: Syrði hellirinn í Kampholti, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét:Villingaholtshreppur (árið 1990)
87001803 Kampholt *Kampholt* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Hellirinn er í rananum suðvestan við bæinn. Ekki fundust leifar fleiri hella þar. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Hellirinn er fallinn saman. Op hans hefur snúið til vestsuðvesturs. Minjarnar eru grasi grónar og mjög þýft er framan við þær. Mögulegt er að tóft hafi verið framan við hellinn en erfitt er að meta það vegna þýfisins.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarstæði Kampholts er lítt greinanlegt vegna sléttunar. Hellarnir hafa líklega þjónað hlutverki útihúsa. Þar sem bæjarhúsin eru ekki greinanleg í dag standa þeir sem slíkir einir og sér og ekki í samhengi við önnur bæjarhús.

Upplifun:
Hellirinn er samfallinn og gróinn en lag hans sést greinilega. Eins er augljóst að hátt hefur verið til lofts þó að langt sé síðan hann féll saman. Því er auðvelt að gera sér í hugalund stærð og umfang hans.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi hellanna í Kampholti er fremur lítið. Heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Aðgengi að hellunum er lélegt. Aka þarf í gegnum sumarbústaðaland upp jeppafæran slóða. Fara þarf í gegnum læst hlið. Eigandi kærir sig ekki um átroðning óviðkomandi aðila.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið, einkum í ljósi þess að aðgengi er slæmt og landeigandi er ekki hlynntur nýtingu. Ekki er hægt að tala um heildstæða minjaheild á staðnum þar sem bæjarhúsin eru ekki greinileg og táknrænt gildi er sömuleiðis rýrt.



Mynd 63: Samanfallinn hellir í rananum suðvestan við bæinn í Kampholti, horft til austurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87001901 Kolsholt *Kolsholt* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Hellir manngjörður, austan í holti því, sem er fyrir austan túnið."

Frumtexti:
"1. Hellir manngjörður, austan í holti því, sem er fyrir austan túnið. 2. Leifar af helli fornum, manngerðum, er kallast Dimmi-hellir; er hann að sumu leyti hruninn og bergloft tvö eftir, en að sumu leyti luktur. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Hér er verið skrá helli sem merktur er 1 í friðlýsingarskránni. Hann er í gróinni brekku sem hallar mót suðri. Svæðið umhverfis hellinn er ekkert nýtt. Skógræktargirðing er skammt austan við hellinn en raskar honum ekki að svo komnu. Nánari lýsing á hellinum er í bókinni (Haraldur Sigurðsson et al., 1991) á Íslandi. Frekar heimildir um minjastaðinn verða birtar í skýrslunni Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla III sem kemur út árið 2016 (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, væntanleg). Ekkert friðlýsingarskilti er við hellinn.

Ástand:
Hellirinn er í gróinni brekku sem hallar til suðurs, niður svokallað Kolsholt. Hann er opin mót suðri en lítið sést til forskála að framan. Strompur hellisins er opinn en er hulin með vagnhjóli að utan til að varna fólki og búfénaði falli. Að innan sjást meitilför og ristur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn hefur mikið gildi fyrir hina sunnlensku hefð að klappa út hella. Einnig mynda þessir hellar á Kolsholti og Kolsholtshelli sterka minjaheild saman.

Upplifun:
Hellirinn, sem og aðrir hellar á Kolsholti og Kolsholtshelli, mynda saman sterka minjaheild sem vert er að skoða sem saman. Það er sterk upplifun að koma inn í hellinn og sjá öll meitilförin, risturnar og annað sem sýnir hversu gríðarleg vinna er á bak við hellinn sem og saga.

Táknrænt gildi:
Hér er hægt að vísa aftur í þá hefð að búa til hella á Suðurlandi. Sú saga er sérstök fyrir sögu svæðisins. Einnig er hægt að setja hellana í samhengi við Kolsbæli, þar sem landnámsmaðurinn Kolur á að vera heygður.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er ágætt. Það er um 5 mín gangur yfir slétt tún og niður brekku að fara. Það er ein girðing á leiðinni. Ekki náðist í landeigendur.

Notkunargildi:
Hellirinn hefur mikla möguleika. Hann er uppistandandi og opið vítt til vesturs. Ekki er vitað til þess að hópar hafi fengið að fara þar inn.



Mynd 64: Hellir í Kolsholti, horft til norðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87001902 Kolsholt *Dimmihellir* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Leifar af helli fornum, manngerðum, er kallast Dimmi-hellir; er hann að sumu leyti hruninn og bergloft tvö eftir, en að sumu leyti luktur."

Frumtexti:
“1. Hellir manngjörður, austan í holti því, sem er fyrir austan túnið. 2. Leifar af helli fornum, manngerðum, er kallast Dimmi-hellir; er hann að sumu leyti hruninn og bergloft tvö eftir, en að sumu leyti luktur. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.” Dimmihellir er skammt vestan við helli 1. Hann er í gróinni brekku sem hallar mót suðri. Hellirinn sjálfur er hruninn en tóft fjárhúsa sést vestan hans. Svæðið umhverfis hellinn er ekkert nýtt. Nánari lýsing á hellinum er í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Frekari heimildir um minjastaðinn verða birtar í skýrslunni Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla III sem kemur út árið 2016 (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, væntanleg). Ekkert friðlýsingarskilti er við hellinn.

Ástand:
Dimmihellir er í gróinni brekku sem hallar til suðurs, niður svokallað Kolsholt. Hellirinn er hrunin og einungis smá skúti til austurs að hluta undir þaki. Fyrir sunnan hellinn er fjárhústóft sem var sambyggð honum. Ekki er ljóst hvort að hún sé friðlýst.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Athugasemdir:
Stundum ruglingur í heimildum hvor hellanna á jörðinni er Dimmihellir. Þriðji manngerði hellirinn, Gapi, er ekki friðlýstur.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn hefur mikið gildi fyrir hina sunnlensku hefð að klappa út hella. Einnig mynda þessir hellar á Kolsholti og Kolsholtshelli sterka minjaheild saman.

Upplifun:
Hellirinn er nánast horfinn og upplifunin því ekki sterk.

Táknrænt gildi:
Hér er hægt að vísa aftur í þá hefð að búa til hella á Suðurlandi. Sú saga er sérstök fyrir sögu svæðisins. Einnig er hægt að setja hellana í samhengi við Kolsbæli, þar sem landnámsmaðurinn Kolur á að vera heygður.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er ágætt. Það er um 5 mín gangur yfir slétt tún og niður brekku að fara. Það er ein girðing á leiðinni. Ekki náðist í landeigendur.

Notkunargildi:
Hellirinn sjálfur hefur litla notkunarmöguleika. Það eru einna helst fjárhústóftin sem hægt væri að nýta en hreinsa þarf nánasta umhverfi.



Mynd 65: Dimmihellir, horft til norðnorðvesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002001 Kolsholtshellir *Kolsholtshellir* Friðlýst sem hellir
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hellir manngjörður norður frá bænum, í hól í túninu."

Frumtexti:
"Hellir manngjörður norður frá bænum, í hól í túninu. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Hellirinn er ennþá uppistandandi en er undir miklum ágangi nautgripa. Hann fullur af rusli en ennþá má sjá einhverjar minjar inni í hellinum, m.a. timburjötu. Hellinum er lýst ítarlega í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi (Haraldur Sigurðsson et al., 1991). Frekari heimildir um minjastaðinn munu birtast í skýrslunni Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla III sem kemur út árið 2016 (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, væntanleg). Ekkert friðlýsingarskilti er við hellinn. Tvær fornleifarannsóknir hafa verið gerðar í og við hellinn, önnur af Antoni Holt og hin af Guðmundi Ólafssyni.

Ástand:
Hellirinn sést ennþá í holti vestan við bæinn. Hellirinn er austan í holtinu og op hans sést þegar horft er þar yfir. Grasivaxið, ræktað tún er umhverfis hellinn og þar er nautgripum beitt allt árið með tilheyrandi ágangi.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn hefur mikið gildi fyrir hina sunnlensku hefð að klappa út hella. Einnig mynda þessir hellar á Kolsholti og Kolsholtshelli sterka minjaheild saman.

Upplifun:
Það er ákveðin upplifun að koma að hellinum, sjá mjóan innganginn og þurfa að klöngrast þar inn. Staðurinn veitir innsýn inn í hvernig hellarnir voru nýttir.

Táknrænt gildi:
Hér er hægt að vísa aftur í þá hefð að búa til hella á Suðurlandi. Sú saga er sérstök og ómetanleg fyrir sögu svæðisins. Jafnframt hafa tvær fornleifarannsóknir farið hér fram sem sýna fram á notkun hans, líklega allt til landnáms.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott. Það er 2-3 mín gangur yfir slétt tún. Einungis eitt hlið er á leiðinni. Hins vegar er erfitt að komast inn í hellinn, forskálinn er hruninn og steinar í innganginum. Inni í hellinum er einnig fullt að spýtum og öðru rusli.

Notkunargildi:
Ekki er ljóst hversu mikið notkunargildi hellirinn hefur fyrr en hreinsað hefur verið úr honum allt rusl.



Mynd 66: Kolsholtshellir, horft til norðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002101 Skálmholt *Dælaréttir* Friðlýst sem rétt
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Dælaréttir hinar fornu."

Frumtexti:
“Dælaréttir hinar fornu. Skjal undirritað af ÞM 25.02.1975. Þinglýst 16.06.1977.” Dælaréttir eru innan afgirts landsvæðis og merktar með skilti við Þjóðveg 1. Minjastaðurinn samanstendur af einni skilarétt og stakstæðu næturhólfi. Tvær yngri tóftir eru skammt vestan við réttina. Frekari heimildir um minjastaðinn eru í skýrslunni FS519-07172 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla I (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010). Ekkert friðlýsingarskilti er við minjastaðinn.

Ástand:
Réttin er ennþá uppistandandi. Veggirnir eru byrjaðir að falla og þarfnast viðhalds. Sem fyrr segir er þetta ein skilarétt með yfir 20 dilkum, stakstætt næturhólf og tvær minni réttir.

Þinglýsing, 1927-06-16
Undirritun, 1975-02-25 Þór Magnússon

Menningarlandslag/Minjaheild:
Gildi minjanna er mikið, réttin sést vel og stakstætt næturhólf þar við. Réttin sker sig ekki út nánasta umhverfi enda í grónu hrauni. Vel er hægt að gera sér grein fyrir notkun minjastaðarins.

Upplifun:
Ástand og umfang minjastaðarins gerir leikmönnum auðvelt að gera sér grein fyrir nýtingu minjanna. Einnig liggja þekktar þjóðleiðir að réttinni sem sýna mikilvægi þeirra fyrir sveitina. Réttin er lágreist í nánasta umhverfi en gaman að ganga um minjarnar og fá þannig upplifunina af staðnum.

Táknrænt gildi:
Réttirnar hafa mikið táknrænt gildi. Þær sýna vel búskaparhætti svæðisins og hvernig samfélagið nýtti þær. Stærð dilkanna getur t.d. sagt til um stærð bæja, fjölda fjár og staðsetningin er miðsvæðis innan sveitarinnar.

Aðgengi:
Aðgengi að réttinni er gott. Malarvegur liggur að réttinni frá þjóðvegi og í gegnum eitt hlið að fara. Merkingum er þó ábótavant og fólk gerir sér ekki grein fyrir að um áhugaverðan minjastað sé að ræða fyrr en að er komið. Friðlýsingarskilti vantar sem og upplýsingaskilti um staðinn.

Notkunargildi:
Staðurinn býður upp á mikla nýtingarmöguleika. Það er bílastæði við réttina en upplýsingaskilti vantar. Einnig þyrfti að laga réttina sem tekin er að hrynja. Ekki er ljóst hver landeigandi er, líklega Flóahreppur.



Mynd 67: Dælarétt, horft til suðvesturs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002201 Urriðafoss *Virkisvarða* Friðlýst sem virki
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum."

Frumtexti:
"1. Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum. 2. Garðlag fornt, er liggur suðureftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár.
3. Rústabunga austan í Virkis-brekkunni. Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Virkisvarða er á norðurenda holts, svokallaðs Fossvirkis. Hún er í grýttum móa en bílslóði liggur þar skammt vestar. Varðan er áberandi og sést víða að. Frekari heimildir um minjastaðinn eru í skýrslunni FS519-07172 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla II (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2013). Ekkert friðlýsingarskilti er við minjastaðinn.

Ástand:
Minjastaðurinn samanstendur af einni vörðu. Víðsýnt er þaðan og varðan er áberandi kennileiti í umhverfinu.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Virkisvarða sést víða að. Hún er norðarlega á náttúrulegu holti og lá þjóðleið skammt vestan hennar. Ekki eru fleiri minjar nærri vörðunni. Varðan er mikilvæg í landslaginu, sama hvort um virki eða vegvísi á leið er að ræða.

Upplifun:
Upplifun af því að koma að Virkisvörðu er mikil þó ekki sé hægt að sjá fyrir sér virkið. Varðan sést vel, líklega ofan á eldra mannvirki. Staðurinn er forvitnilegur og minjarnar eru greinilegar.

Táknrænt gildi:
Varðan er stór og haft mikið táknrænt gildi í gegnum tíðina. Hún er gjarnan sett í samhengi við landnám svæðisins og leysingja Böðvars sem var landnámsmaður á svæðinu.

Aðgengi:
Aðgengi að vörðunni er gott. Malarborin túnslóði liggur að holtinu og síðan tekur við erfiðari vegur sem bara er jeppafær. Allt umhverfis er mói sem nýttur er til beitar og því um nokkurn ágang að ræða ef ferðamönnum yrði heimilaður aðgangur. Um 10 mín akstur er frá bænum að vörðunni og tvö hlið eru á leiðinni. Ekki var rætt við ábúanda um viðhorf hans.

Notkunargildi:
Notkunargildið er óljóst, hér er um fallega vörðu að ræða sem líklega var vegvísir á þjóðleið eða virki. Notkunargildi hans felst einkum í gildi hans sem áfangastaðar á þjóðleið.



Mynd 68: Virkisvarða, horft til suðurs.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002202 Urriðafoss *Leynir* Friðlýst sem garðlag
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Garðlag fornt, er liggur suðureftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár. Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"1. Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum. 2. Garðlag fornt, er liggur suðureftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár. 3. Rústabunga austan í Virkis-brekkunni. Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Garðlagið er horfið og nákvæm staðsetning þess óþekkt. Skriður hafa fallið niður holtið, til austurs þar sem garðlagið lá. Frekari heimildir um minjastaðinn eru í skýrslunni FS519-07172 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla II (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2013). Ekkert friðlýsingarskilti er við minjastaðinn.

Ástand:
Minjastaðurinn var garðlag sem nú er horfið og nákvæm staðsetning óþekkt.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Slétt tún eru uppi á holtinu en til austurs er brekka þar sem skriður hafa fallið og svæðið allt breyst mikið. Garðlagið hefði haft mikið táknrænt gildi, þau eru ekki mörg í Flóanum af þessum toga.

Upplifun:
Á ekki við

Táknrænt gildi:
Á ekki við

Aðgengi:
Á ekki við

Notkunargildi:
Ekkert.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002203 Urriðafoss *Virkisbrekka* Friðlýst sem býli
Staða: lokið
Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"3. Rústabunga austan í Virkis-brekkunni. Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"1. Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum. 2. Garðlag fornt, er liggur suðureftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu, hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár. 3. Rústabunga austan í Virkis-brekkunni. Sbr. Árb. 1900: 29-31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."
Staðsetning rústanna er óþekkt. Frekari heimildir um minjastaðinn eru í skýrslunni FS59-07172 Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla II (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2013). Ekkert friðlýsingarskilti er við minjastaðinn.

Ástand:
Minjastaðurinn var mögulega býli sem nú er horfið og nákvæm staðsetning óþekkt.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á ekki við.

Upplifun:
Á ekki við.

Táknrænt gildi:
Á ekki við.

Aðgengi:
Á ekki við.

Notkunargildi:
Á ekki við.

Árnessýsla

Flóahreppur Hét: Villingaholtshreppur (árið 1990)
87002301 Önundarholt *Önundarleiði* Friðlýst sem leiði, legstaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Önundarleiði, svo nefnt og svipaðar þúfur umhverfis, á móabrún við mýri fyrir norðaustan túnið. Sbr. Árb. 1882: 55; Árb. 1905: 23. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927."

Frumtexti:
"Önundarleiði, svo nefnt og svipaðar þúfur umhverfis, á móabrún við mýri fyrir norðaustan túnið. Sbr. Árb. 1882: 55; Árb. 1905: 23. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Önundarleiði var sléttað út um miðja síðustu öld. Nákvæm staðsetning þess er ókunn en svæðið afmarkast við heilt tún sem nú tilheyrir nýbýlinu Breiðholti. Frekari heimildir um minjastaðinn birtast í skýrslunni Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla III sem kemur út árið 2016 (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, væntanleg). Ekkert friðlýsingarskilti er við minjastaðinn

Ástand: Horfið og nákvæm staðsetning er óviss.

Þinglýsing, dags.:1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Önundarleiði hafði mikið gildi áður en sléttað var yfir svæðið. Þar sást leiðið ásamt fleiri svipuðum mannvirkjum. Nú eru allar þær minjar horfnar og ekki víst hvar nákvæmlega staðurinn var. Staðurinn hefur lítið gildi fyrir menningarlandslagið og minjaheild.

Upplifun:
Upplifunin er lítil sem engin, engar minjar.

Táknrænt gildi:
Meðan Önundarleiði sást og var óraskað hafði það mikið táknrænt gildi fyrir svæðið. Þar átti Önundur Bíldur að vera heygður. Staðurinn fær ennþá meira gildi sé hann settur í samhengi við sögu jarðarinnar og nánasta umhverfi. Þjóðleið lá skammt frá leiðinu, túngarðurinn sést enn þar skammt suðvestar og kirkjugarður er þar skammt frá. Umhverfið er fallegt. Allt þetta hefur hins vegar minnkað við sléttun leiðisins.

Aðgengi:
Um 2 mín ganga yfir slétt tún frá malarvegi að bænum. Yfir eina girðingu að fara. Ekki var talað við landeiganda, svæðið tilheyrir nýbýlinu Breiðaholti og er til sölu.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur ekkert notkunargildi þar sem allar minjar eru horfnar.



Mynd 69: Túnið þar sem Önundarleiði var, horft til suðausturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Skeiðahreppur (árið 1990)

87002501 Fjall *Hofklettar* Friðlýst sem hof

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"I) Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hofklettar."

Frumtexti:
"I) Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hofklettar. Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) Gvendarhaugur [Beytt í Gvendarhóll á eint. Þjms. af skjali. Þinglýst sem Gvendarhaugur, sbr. ljósrit af eint. sýslum.] svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Uppi á Hofklettum eru a.m.k. fjögur útihús og óljóst hvert þeirra er friðlýst. Neðan við klettana eru einnig útihús en klettarnir voru innan gamla heimatúnsins. Ítarleg heimildaúttekt er í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Tóftirnar eru allar svipaðar, þær eru grónar en í veggjum glittir í grjóthleðslur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Staðurinn sem slíkur hefur kannski ekki mikið menningarsögulegt gildi nema vegna þess að hann er einn þeirra staða sem vöktu sérstaka athygli manna sem heillaðir voru af rómantískum hugmyndum um hof, hörga og glæsta forsögulega fortíð Íslands. Þó að klettarnir heiti Hofklettar er ekkert sem bendir til þess að tóftin hafi verið hof.

Upplifun:
Minjastaðurinn er á klettabrún skammt norðan við bæ og er gott útsýni til suðurs, suðvesturs og vesturs. Neðan við klettana eru gömul fjárhús sem eru ekki lengur í notkun.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn er minnismerki um upphafsár fornleifafræði á Íslandi en hefur ekki meira gildi en aðrar fornleifar sem finnast á Íslandi. Þörf er á ítarlegri heimildaúttekt til að meta þennan þátt til fulls.

Aðgangur:
Aðgengi að staðnum er frekar gott, léttur gangur upp í móti skammt ofan við bæ. Að bænum liggur góður akvegur.

Notkunargildi:
Ábúandi er ekki hlynntur opinberri kynningu á staðnum en setur sig ekki á móti heimsóknum.



Mynd 70: Útihústóft við Hofkletta, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Skeiðahreppur (árið 1990)

87002502 Fjall *Gvendarhóll* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"II) Gvendarhaugur [Beytt í Gvendarhóll á eint. Þjms. af skjali. Þinglýst sem Gvendarhaugur, sbr. ljósrit af eint. sýslum.] svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk."

Frumtexti:
"I) Hoftóftar-leifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hafklettar. Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.II) Gvendarhaugur [Breytt í Gvendarhóll á eint. Þjms. af skjali. Þinglýst sem Gvendarhaugur, sbr. ljósrit af eint. sýslum.] svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966." Friðlýsingarskilti er á staðnum en það er máð og erfitt að lesta á það.

Ástand:
Á hólnum eru 2-4 tóftir en greinilegt að fleiri minjar eru undir sverði, beinir bakkar eru víða.

Þinglýsing, 1966-10-26
Undirritun, 1966-10-18 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjastaðurinn virðist að stærstum hluta vera heill en einhverjar túnasléttanir hafa þó verið gerðar í nágrenninu. Sem heild hefur staðurinn mikið rannsóknargildi þar sem engar heimildir eru til um búsetu en mannvist greinileg.

Upplifun:
Gvendarhóll er frekar greinilegur tilsýndar en sjálfar tóftirnar eru allar hlaupnar í þúfur og eru illgreinilegar. Landið umhverfis minjastaðinn er mjög blautt.

Táknrænt gildi:
Gildi staðarins er frekar óljóst þar sem hlutverk hans er svo til alveg óþekkt. Hafi hlutverk hans aftur á móti verið sel eins og hægt væri að ímynda sér af tóftum og staðsetningu hans væri gildi hans aftur á móti mikið þar sem mjög fá sel eru þekkt á þessu svæði.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er frekar auðvelt og er einungis um slétt land að fara.

Notkunargildi:
Ábúandi er ekki hlynntur opinberri kynningu á staðnum en setur sig ekki á móti heimsóknum. Staðurinn hefur ekki mikið notkunargildi.



Mynd 71: Tóftasvæðið við Gvendarhól, horft til norðnorðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87002801 Ásólfsstaðir *Stórólfshlíð* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Rústir Stórólfshlíðar ... í Þjórsárdal."

Frumtexti:
"Rústir Stórólfshlíðar og Skallakots í Þjórsárdal. Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Stórólfshlíð er innan landsvæðis sem tilheyrir Skógrækt ríkisins og þar er umfangsmikil skógrækt. Austan tóftarinnar er mikið af greni- og furutrjám en í tóftinni sjálfri eru einnig birkitré. Erfitt er að átta sig á umfangi minjanna vegna trjánna sem þekja hana alla og svæðið umhverfis. Ekki er ljóst hvort að skrásetjarar voru á réttum stað en það er líklegt miðað við þekkt hnit af staðnum. Nánari upplýsingar og heimildasamantekt eru í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Óljós ummerki uppgraftarins frá 1939 sjást meðfram tóftinni. Uppmokstri var hent út fyrir veggina sem sjást lítið sem ekkert. Lag tóftarinnar sést ennþá en er óljóst vegna trjárætkar. Að innan er slétt svæði þar sem grafið var 1939.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Stórólfshlíð er hluti af hinni fornu byggð í Þjórsárdal og var hluti af þeim minjum sem rannsakaðar voru 1939. Þjórsárdalurinn allur myndar sterka heild sem vert er að rannsaka betur og hefur mikið varðveislugildi.

Upplifun:
Það er fremur dapurlegt að koma á þennan stað, skógræktin hefur raskað honum mikið og rofið allt samhengi.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér. Þær öðlast hins vegar meira vægi þegar horft er til byggðarinnar í Þjórsárdal og þeirra möguleika sem þær fela í sér.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er ágætt, það liggur vegslóði að þeim sem notaður er við skógrækt. Hins vegar sést tóftin afar illa, jafnvel þótt staðið sé í henni.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa lítið notkunargildi í núverandi ástandi. Það er sem fyrr segir helst í samhengi við aðra minjastaði í Þjórsárdal sem hægt væri að nýta hann.



Mynd 72: Minjasvæðið er innan skógræktar og eru tóftirnar huldar birkitrjám. Horft er til norðurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87002901 Fossnes *Garðabrekka* Friðlýst sem akurgirðingar

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft."

Frumtexti:
"1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. 2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. 3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Garðabrekka er gróin en blásin til norðvesturs og suðausturs. Akurgarðarnir hafa raskast af þeim sökum en jafnframt vegna girðingar sem liggur þvert yfir vesturhluta þeirra. Garðarnir eru útflattir og algrónir.

Ástand:
Garðlögin sjást enn en tóftirnar eru horfnar vegna túnasléttunar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Samkvæmt lýsingu á staðnum sem lesa má í Árbók hins íslenska fornleifafélags (1905:34) má gera ráð fyrir því að hluti minjastaðarins hafi verið sléttaður undir tún og að þar hafi aflangur hringur og smá tóft orðið undir. Það sem enn er sjáanlegt á yfirborði eru garðlög í brekku austan við túnið, þ.e. meintir akrar og tóftir sem eru fast upp við læk sem taldar eru vera sel (sjá: Árbók HÍF; 1905:34). Mikið rof er komið í norðanverðan hólinn þar sem hinar meintu seltóftir standa og mátti þar sjá í rofinu steinhleðslur, torfhleðslur og kolamola.

Upplifun:
Minjastaðurinn er í opnum hvammi umhverfis tún sem hefur verið sléttað og eru víða opin rofabörð í nágrenninu.

Táknrænt gildi:
Staðurinn tengist ekki neinum sögulegum viðburðum og sem slíkur hefur hann kannski lítið táknrænt gildi en sem heild hefur staðurinn mikið rannsóknargildi þar sem engar heimildir eru til um búsetu þarna en mannvist er greinileg.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er frekar erfitt en þangað liggur grófur jeppaslóði.

Notkunargildi:
Kynningargildi staðarins er óljóst því til þess að geta kynnt staðinn frekar þyrfti að gera frekari rannsóknir og setja niðurstöður þeirra rannsókna í víðara samhengi. Viðhorf ábúenda til frekari kynninga er óþekkt.



Mynd 73: Garðlögin sjást á minjasvæðinu, horft til austnorðausturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87002902 Fossnes *Skorhóll* Friðlýst sem akurgirðingar

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti."

Frumtexti:
"1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. 2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. 3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ábúandi þekkti til friðlýsingarinnar en nefnir hólinn Akurhól, ekki Skorhól. Nyrsti hluti hans er í sléttuðu heimatúni. Trjárækt er í suðurhlíð hans sem er fremur brött. Þar mun akurreiturinn hafa verið. Neðan við hólinn er yngri kálgarður og túngarður við suðurfót hans. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Ekkert sést til minjanna og er þar nú trjáræktarreitur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Lítil tengsl eru við aðrar minjar.

Upplifun:
Upplifun er lítil þar sem ekki sést til minjanna.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur ekkert augljóst táknrænt gildi. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta það til fulls.

Aðgengi:
Aðgengi er sæmilegt. Minjastaðurinn er innan girðingar í um þriggja mínútna göngufjarlægð frá bæ.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið þar sem upplifun er takmörkuð og minjarnar ekki sýnilegar. Á Fossnesi er rekin ferðaþjónusta. Möguleiki væri á að kynna betur minjarnar á jörðinni og nýta í samstarfi við reksturinn.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87002903 Fossnes *Goðatóft* Friðlýst sem goðatóft

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu."

Frumtexti:
"1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. 2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. 3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Samkvæmt ábúanda ber hóll á milli fjárhúss og gljúfurs nafnið Goðatóft. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Sléttaður hóll í litlu túni.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Lítil tengsl eru við aðrar minjar.

Upplifun:
Upplifun er lítil þar sem aðeins er um sléttaðan hól að ræða. Útsýni frá honum er þó fagurt yfir gilið.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur ekkert augljóst táknrænt gildi. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta það til fulls.

Aðgengi:
Aðgengi er sæmilegt. Hóllinn er innan girðingar í litlu túni bak við fjárhúsin.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið þar sem upplifun er takmörkuð og minjarnar ekki sýnilegar. Á Fossnesi er rekin ferðaþjónusta. Möguleiki væri á að kynna betur minjarnar á jörðinni og nýta í samstarfi við reksturinn.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003001 Hagi *Snjáleifartóftir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir."

Frumtexti:
"Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir. Sbr. Árb. 1884-1885: 46. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Margt hefur verið ritað um tóftina og má finna samantekt heimilda í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Tóftin var rannsökuð árið 1939. Í ljós kom bæjarhús sem fellur vel að gerð annarra miðaldabæja í Þjórsárdal og undir því skáli. Haugarnir frá uppgreftrinum sjást enn á bökkum uppgraftarsvæðisins, einkum ofan (vestan) og neðan (austan) við það. Í miðjunni er tóftin slétt í botninn og þar hefur víkingaaldarskálinn verið en til endanna og í afhýsinu er jörð ójafnari og á síðarnefnda staðnum sést grjót í grasrótinni sem hrunið hefur úr veggjum. Ekki er sýnilegt að rústin hafi neitt fyllst eins og getið er í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1954. Um 70 m ANA við bæjarrústina er bunga á flötinni sem gæti verið rúst. Norðan við lækjargilið, talsvert ofar en rústin, er nú fjárhús úr torfi og grjóti. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Ekki er um eiginlegar tóftir að ræða heldur leifar uppgraftar á rústunum sem gerður var árið 1939. Minjarnar eru í túni og eru undir miklu álagi vegna beitar og aksturs. Svæðið sem var innan veggja tóftarinnar er nú drullusvað vegna ágangs.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjasvæðið hefur sterk tengsl við aðrar minjar í Þjórsárdal og er saga Snjáleifartófta samtvinnuð þeim. Skammt frá eru útihús sem ekki hafa verið rannsökuð en samhengi þeirra við minjastaðinn er óljóst sem og aldur þeirra.

Upplifun:
Um er að ræða minjastað sem hefur verið raskað með fornleifarannsókn en ekki ósnertar minjar. Lega minjanna gefur því nokkuð villandi sýn á minjastaðinn og erfitt getur verið fyrir leikmenn að gera greinarmun á eiginlegum tóftarveggjum og uppmokstursbaugum. Sé vel að gáð sést þó vel lag tóftanna sem þarna voru. Séu minjarnar settar í samhengi við sögu staðarins og þeirra rannsókna sem hafa farið þar fram mætti auka gildi upplifunarinnar og sjónrænt virði hennar. Núverandi umgengni um staðinn dregur úr upplifun þar.

Táknrænt gildi:
Snjáleifartóftir hafa mikið táknrænt gildi í ljósi tengsla þeirra við aðrar minjar í Þjórsárdal og byggðina sem lagðist af í kjölfar náttúruhamfara í upphafi 12. aldar. Gildi staðarins liggur enn fremur í sögu íslenskra fornleifarannsókna, þ.e. sögu rannsókna á fyrri hluta 20. aldar og kenninga um þróun gangnabæjarins.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er sæmilegt. Tóftarleifarnar eru skammt frá vegnum inn eftir Þjórsá. Túnið sem minjarnar eru í er afgirt og fara þarf í gegnum rammlega lokað hlið eða klofa yfir girðingu. Hægt er að leggja bíl við hliðið og þaðan er um 5 mín gangur að minjunum.

Notkunargildi:
Minjasvæðið býður upp á ýmsa notkunarmöguleika. Þeir felast sérstaklega í upplifun og táknrænu gildi staðarins. Eigi að nýta svæðið þarf þó að breyta núverandi notkun þess þar sem umgengni dregur úr upplifun af staðnum og snyrta umhverfi hans. Eins þarf að merkja staðinn og setja upp upplýsingarskilti um sögu staðarins og niðurstöður rannsókna þar sem minjarnar eru ekki auðskiljanlegar og þeim hefur verið raskað.



Mynd 74: Snjáleifartóftir, horft til norðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003101 Hamarsheiði *Lómsstaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaða-læk."

Frumtexti:
"1. Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaða-læk. 2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Á síðari árum hefur staðsetning Lómsstaða færst til í þekkingu fólks og ekki er vitað með vissu hvar bærinn stóð. Samkvæmt samtali við tvo heimildamenn telja þeir Lómsstaði vera rétt norðan við Ásasel en það kemur ekki heim og saman við örnefnaskrár né texta friðlýsingarskjalsins. Þær minjar sem nú teljast Lómsstaðir eru nyrðri þyrpingin í Ásaseli sem var notað fram til 1953. Skrásetjarar áttuðu sig ekki á þessu fyrr en búið var að fara á vettvang og niðurstaðan sú að Ásasel var mælt upp en ekki Lómsstaðir. Sá staður sem er friðlýstur sem Lómsstaðir er skammt suðaustar, hinu megin við holtið sem Ásasel er vestan undir. Lómsstaðir eru líklega horfnir sökum uppblásturs, ekki mótar fyrir neinum minjum þar á loftmynd. Ekki var gengið yfir þetta svæði og stað þyrfti að skoða aftur með tilliti til þessa. Ítarleg heimildasamantekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Ekki er vitað hvert ástand Lómsstaða er. Líklega er bæjarstæðið blásið, ekki sér til minja á líklegum stað á loftmynd. Í Ásaseli sér til tveggja tóftaþyrpinga og samtals eru þar um10 mannvirki.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Lómsstaðir ásamt Gamlaseli sem einnig er friðlýstur staður í landi Hamarsheiðar mynda sterka minjaheild. Á jörðinni eru einnig tvö önnur sel, Ásasel og ónefndar tóftir, og mikið magn af tóftum og öðrum mannvirkjum. Saman mynda allir þessir staðir menningarlandslag sem hefur mikið rannsóknargildi og er hluti af horfnum búskaparháttum.

Upplifun:
Það er gaman að ganga að Ásaseli. Landslagið er fjölbreytt og kemur verulega á óvart að svo djúp gil séu á þessum slóðum og háir ásar. Lómsstaðir voru líklega skammt frá Ásaseli og landslagið svipað.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn hefur lítið táknrænt gildi nema fyrir sögu jarðarinnar.

Aðgengi:
Um 30-50 mín gangur er að minjunum. Fara þarf yfir ása, meli og þýfðan móa til að komast þangað. Einnig eru nokkrir lækir og gil á leiðinni. Ganga þarf frá bænum.

Notkunargildi:
Lómsstaðir hafa lítið notkunargildi fyrr en ástand þeirra og staðsetning er kunn. Það er einna helst sem hluti af hesta- eða gönguferðum sem hægt væri að nýta minjarnar.



Mynd 75: Tóftir sem tilheyra því sem heimildamenn kalla Lómsstaði, horft til austurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003102 Hamarsheiði *Gamlasel / (Ásasel)* Friðlýst sem sel

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná."

Frumtexti:
"1. Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaða-læk. 2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Hér hafa verið gerð mistök þegar staðurinn var friðlýstur árið 1927. Texti friðlýsingarskjalsins kemur ekki heim og saman við Ásasel og ekki er verið að friðlýsa þann stað enda er hann um 1 km austar. Gamlasel er hins vegar þar sem Lómsstaðalækur fellur í Tungná. Hér er því verið að friðlýsa Gamlasel sem einnig gekk undir nafninu Hamarsheiðarsel. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. í Ísleifu, gagnagrunni

Ástand:
Gamlasel er á gróinni tungu, austan við Lómsstaðalæk sem fellur þarna í Tungná. Hér eru þrjár tóftir auk þústar. Yngra garðlag liggur fast norðan við tóftirnar og vírgirðing var þar á einhverjum tímapunkti. Snjór var fast austan við tóftirnar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Gamlasel ásamt Lómsstöðum sem einnig er friðlýstur staður í landi Hamarsheiðar mynda sterka minjaheild. Á jörðinni eru einnig tvö önnur sel, Ásasel og ónefndar tóftir, og mikið magn af tóftum og öðrum mannvirkjum. Saman mynda allir þessir staðir menningarlandslag sem hefur mikið rannsóknargildi og er hluti af horfnum búskaparháttum.

Upplifun:
Það er gaman að ganga að Gamlaseli. Það er hægt að fylgja Tungná að mestu og gömlum slóða sem þar er. Landslagið er fjölbreytt og minjarnar fallegar.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn hefur lítið táknrænt gildi nema fyrir sögu jarðarinnar.

Aðgengi:
Um 30-50 mín gangur er að minjunum. Fara þarf yfir ása, meli og þýfðan móa til að komast þangað. Einnig eru nokkrir lækir og gil á leiðinni. Ganga þarf frá bænum.

Notkunargildi:
Gamlasel hefur lítið notkunargildi en kynningargildi þess og rannsóknargildi er mikið. Það er einna helst sem hluti af hesta- eða gönguferðum sem hægt væri að nýta minjarnar.



Mynd 76: Gamlasel, horft til vestsuðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003202 Hof *Minna-Hof* Friðlýst sem óskilgreint

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi."

Frumtexti:
"1. Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árnesþingstað hinum forna. 2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. 3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofanfrá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. 4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekki er vitað með vissu hvar þessar fornu tóftir eru, þó þær hafi líklega verið vestan í heimatúninu. Mikið rask er í túninu, leifar af útihúsum frá 20. öld sýnilegar og túnið sléttað. Örnefnaskrám ber ekki saman um örnefni í túninu sem gerir staðsetningu erfiðari. Hnit var tekið í túninu en taka skal þeirri staðsetningu með fyrirvara. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Minjarnar eru horfnar og staðsetning þeirra óljós.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar hafa verið í túni gamla bæjarins að Minna-Hofi. Leifar hans sjást enn greinilega en búið er að raska flestum öðrum minjum nálægt bæ. Ekki er hægt að meta þennan þátt að fullu þar sem staðsetning minjanna er óþekkt.

Upplifun:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem staðsetning minjanna er óþekkt.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn hefur lítið táknrænt gildi. Gera þyrfti ítarlega heimildakönnun til að meta þennan þátt til fulls.

Aðgengi:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem staðsetning minjanna er óþekkt.

Notkunargildi:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem staðsetning minjanna er óþekkt.



Mynd 77: Túnið vestan við gamla bæjarstæðið að Minna-Hofi. Hlaðbrekka var hugsanlega á því svæði. Horft er til vesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003203 Hof *Minna-Hof* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofanfrá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli."

Frumtexti:
"1. Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árnesþingstað hinum forna. 2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. 3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofanfrá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. 4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Innan gerðis sem er samtengt vestara garðlaginu eru þrjár útihúsatóftir. Austara garðlagið er ekki eins greinilegt. Hluti þess virðist hafa verið byggður upp sem túngarður og er þar greinilegur. Skammt austan við túngarðinn er óljóst garðlag sem sameinast túngarðinum fyrir honum miðjum. Það er mun breiðara, lægra og fornlegra og líklega leifar garðlagsins sem hér er friðlýst. Við enda þessa garðlags er stutt garðbrot sem liggur frá austri til vesturs í átt að túngarðinum. Norðan við garðlagið og utan við túngarðinn er tóft og önnur þúst, líklega leifar útihúsa. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Vestara garðlagið er greinilegt, 0,2-0,6 m á hæð, en nokkuð rofið og sums staðar hlaupið í þúfur. Hið austara er síður greinilegt, mjög útflatt, um 0,2-0,4 m á hæð. Syðsti hluti þess hefur líklega verið byggður upp og sameinaður yngri túngarði.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjaheildin er nokkuð sterk. Leifar gamla bæjarins standa einn. Garðlögn tvö ásamt tóftum sjást sæmilega, sérstaklega vestara garðlagið. Sléttuð tún eru þó á milli sem hafa breytt ásýnd svæðisins að einhverju leyti.

Upplifun:
Garðlögin sjást sæmilega þó hluti þeirra sé rofinn, hlaupinn í þúfur eða útflattur. Gerðið við vestara garðlagið er afar skýrt og tóftirnar innan þess skapa ágæta heild sem hægt er að skoða saman. Garðlögin ná yfir nokkuð stórt svæði sem gerir yfirsýn erfiða.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er lítið. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun.

Aðgengi:
Aðgengi er sæmilegt. Hægt er að aka að Minna-Hofi. Þaðan er um 10 mín gangur yfir tún að garðlögunum. Fara þarf yfir a.m.k. eina girðingu. Túnin eru nýtt á sumrin og þá má gera sér í hugarlund að aðgengi sé erfiðara. Ekki náðist í landeiganda til að ræða um viðhorf hans til aukinnar umferðar fólks. Hún samræmist þó ekki núverandi notkun landsins.

Notkunargildi:
Notkunargildi er nokkuð og felst aðallega í þeim heildum sem garðlögin og tóftirnar við þau mynda. Gera þyrfti ítarlegri heimildaúttekt til að meta aldur og samhengi minjanna. Núverandi notkun og afstaða landeiganda hefur mikið að segja um notkunarmöguleika.



Mynd 78: Gerðið sem er áfast vestari túngarðinum, horft til norðnorðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003204 Hof *Litla-Hraunsnef* Friðlýst sem vatnsveita

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni."

Frumtexti:
"1. Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árnesþingstað hinum forna. 2. Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. 3. Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofanfrá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. 4. Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2008, 30-31) hafa áður skráð rennuna. Hún ræddi þá við heimildamann sem sagði að rutt hafi verið ofan í hana. Hún er þó enn sýnileg á yfirborði sem grunn dæld. Syðst liggur hún í gegnum sléttað tún en norðar og austar í gegnum móa og votlendi. Þar er nokkuð um kjarr og tré og er hún skorin í tvennt af skurði á einum stað. Blautt er ofan í rennunni nema í túninu. Sunnan við túnið hverfur rennan en mögulegt er þó að hún hafi legið lengra í þá átt þó ekki sé hægt að slá því föstu. Ekkert friðlýsingarskilti er á svæðinu.

Ástand:
Rutt hefur verið ofan í stokkinn og er hann aðeins greinilegur sem grunn lægð í landinu, u.þ.b. 5-10 cm að dýpt.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samhengi við aðrar minjar er lítið og ekki augljóst. Syðri hluti stokksins liggur þó skammt frá gamla bænum en er þó að mestu í hverfi frá bæjarstæðinu.

Upplifun:
Upplifun af minjunum er lítil. Rennan sést sæmilega í túni en ekki er augljóst um hvað ræðir nema þekkt sé. Í móanum er þýft og er erfiðara að greina stokkinn þar þó að ummerki um hann séu vissulega til staðar. Tré og runnar byrgja nokkuð sýn.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi felst helst í þeirri framtakssemi sem bygging stokksins hefur verið, aldri hans og stærð, en hann hefur náð frá Kálfá að Stóra-Hofi. Jafnframt mætti kanna betur söguna á bak við val á bæjarstæðinu og þörfina fyrir stokkinn í landi sem er umvafið straumvötnum. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta táknrænt gildi minjastaðarins nánar.

Aðgengi:
Aðgengi er sæmilegt. Hægt er að leggja við Stóra-Hof og ganga um 5 mín að stokknum. Þó þarf að fara niður nokkurn halla.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið þar sem stokknum hefur verið raskað og sanngildi hans minnkað við þá aðgerð. Eins er upplifun af staðnum lítil þar sem minjarnar eru ekki mikilfenglegar að sjá.



Mynd 79: Leifar vatnsveitustokksins sjást best í suðri í sléttuðu túninu, horft til suðurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003301 Laxárdalur *Miðfell* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Rústir Miðfells. Þær eru í flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnanundir Miðfelli, fast við það."

Frumtexti:
"Rústir Miðfells. Þær eru í flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnanundir Miðfelli, fast við það. Sbr. Árb. 1896: 2. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Sunnan við gilið er grasbali en ekki sér til minja. Fyrir suðvestan Miðfell eru hins vegar tvær tóftir og óljóst garðlag sem tilheyra þessu býli að öllum líkindum. Vegslóði sem liggur að veiðistöðum við Stóru-Laxá liggur fast við tóftirnar.

Ástand:
Tóftirnar eru útflattar og signar í þýfðum móa. Sunnan við gilið eru hins vegar grasbalar á milli lækjardraga.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Staðurinn og tóftirnar eru hluti af jaðarbyggðum á Hrunamannaafrétti. Þekkt eru nokkur býli á þessum slóðum sem öll eru farin í eyði. Þessir staðir eru áhugaverðir þegar horft er til staðsetningar þeirra og landkosta.

Upplifun:
Þetta býli er á fallegum stað við hið sérstaka Miðfell. Allt umhverfis eru fallegir klettaásar og gróin svæði inn á milli.

Táknrænt gildi:
Býlið hefur lítið táknrænt gildi eitt og sér. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er gott ef farið er á jeppa. Þá er 15 mín akstur eftir malarvegi þar til komið er að tóftunum. Á leiðinni er óbrúuð á en hún er lítil. Það er hins vegar um tveggja tíma gangur að staðnum frá bænum.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur lítið notkunargildi. Frekari rannsóknir þarf til þess að gestir og gangandi átti sig á þeim.



Mynd 80: Minjasvæðið við Miðfell, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003401 Núpur *Hátún* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vestur á við. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Aðalgarðurinn er sýndur á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar og lá þá austur-vestur norðan við Hátún, sveigði til suðurs og endaði við Þjórsá. Hann afmarkaði stórt svæði og var langur. Garðurinn er ennþá varðveittur norðan við Hátún og í móa við Þjórsá. Aðrir hlutar garðsins eru horfnir, aðallega vegna túnasléttunar og framkvæmda á 20. öld. Ítarleg heimildaúttekt er í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Þetta var líklega vörslugarður sem aðskildi tún og engjar.

Ástand:
Garðurinn sést vel sunnan við núverandi þjóðveg og nær allt að Þjórsá. Hann er torfhlaðinn og útflattur. Í Hátúni (holtinu) sést garðurinn fyrir norðan tóftirnar. Hann verður ógreinilegri í brekku til vesturs og fjarar þar út.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps, þar af eru fimm við bæina. Minjaheildin er sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi sem er ítarlega skrásett, m.a. í örnefnaskrá.

Upplifun:
Það er fremur dapurlegt að skoða þennan minjastað, stór hluti hans er horfinn vegna framkvæmda á 20. öld. Ábúendur voru ekki meðvitaðir um að þau garðlög sem ennþá sjást séu friðlýst og hluti af þessum mikla túngarði.

Táknrænt gildi:
Þessi garður hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri hægt að gefa garðinum táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Aðgengi að garðinum er ágætt. Það er hægt að skoða suðurhlutann frá þjóðveginum en yfir eina girðingu er að fara. Þar er þýfður mói en hann er auðveldur yfirferðar. Til norðurs þarf að ganga frá fjósinu og upp á Hátún. Þar er mói og brekka.

Notkunargildi:
Garðurinn hefur lítið notkunargildi. Stór hluti hans er horfinn og hinir liggja undir miklum ágangi hrossa.



Mynd 81: Hluti Aðalgerðs, horft til vesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003402 Núpur *Núpur* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vestur á við. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Ekki er hægt að hnitsetja staðinn án frekari upplýsinga um nákvæma legu hans. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Þetta var líklega sambyggt hólf, utan við aðalgarðinn (sjá 87003401) og er sýnt á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar. Uppdrátturinn er of ónákvæmur til þess að hægt sé að áætla nákvæma staðsetningu mannvirkisins. Á þessum slóðum er nú slétt, framræst tún.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps. Þar er minjaheildin sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi en því miður hefur þekking um þá glatast að einhverju leiti.

Upplifun:
Það er fremur dapurlegt að skoða þennan minjastað, öll ummerki um hann eru horfin af yfirborði vegna framkvæmda á 20. öld.

Táknrænt gildi:
Þessi staður hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri hægt að gefa garðinum táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Slétt tún eru á þessum slóðum. Aðgengi er því gott.

Notkunargildi:
Ekkert, minjarnar eru horfnar.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003403 Núpur *Minna-Núpstún* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vestur á við. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Garðurinn er ennþá varðveittur og sést í gróinni heiði. Umfang hans er mun minna en Aðalgarðs (87003401) og líkist einna helst girðingarundirstöðu á köflum. Lega hans er sýnd á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar. Ítarlega heimildaúttekt er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands. Garðurinn liggur beggja vegna við fornan vagnveg og núverandi þjóðvegur rýfur hann í tvennt.

Ástand:
Umfang garðsins er ekki mikið og hann hefur rofnað hér og þar. Hann er torfhlaðinn og sést liggja eins og á teikningu Brynjúlfs. Garðurinn sker sig vel úr nánasta umhverfi en virkar ekki mjög forn.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps. Þar er minjaheildin sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi sem ennþá sést

Upplifun:
Garðurinn sést vel þegar ekið er eftir núverandi þjóðvegi. Erfitt er þó að sjá hvers vegna hann er friðlýstur, umfang hans er ekki mikið.

Táknrænt gildi:
Þessi garður hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri hægt að gefa garðinum táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Aðgengi að garðinum er ágætt. Það er hægt að skoða hann frá þjóðveginum en yfir eina girðingu að fara. Þar er þýfður mói en hann er auðveldur yfirferðar.

Notkunargildi:
Garðurinn hefur lítið sem ekkert notkunargildi nema sem hluti af stærri heild.



Mynd 82: Garðlagið, horft til suðsuðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003404 Núpur *Minna-Núpstún* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Ekki er vitað með vissu hvar þessi garðlög voru en lega þeirra er líklega sýnd á uppdrætti Brynjúlfs Jónssonar. Það syðra er horfið en það var á milli garðlaga 87003401 og 87003403. Nyrðri garðurinn er sambyggður garðlagi 87003403 og sést að hluta. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Umfang garðsins er ekki mikið og hann hefur rofnað hér og þar. Hann er torfhlaðinn og sést liggja eins og á teikningu Brynjúlfs, fyrir austan garð 87003403. Garðurinn sker sig vel úr nánasta umhverfi en virkar ekki mjög forn.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps. Þar er minjaheildin sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi en því miður hefur þekking um þá glatast að einhverju leiti.

Upplifun:
Það er fremur dapurlegt að skoða þennan minjastað, stór hluti hans er horfinn vegna framkvæmda á 20. öld.

Táknrænt gildi:
Þessi garður hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri hægt að gefa garðinum táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Aðgengi að garðinum er ágætt. Það er hægt að skoða hann frá þjóðveginum en yfir eina girðingu að fara. Þar er þýfður mói en hann er ekki erfiður yfirferðar.

Notkunargildi:
Garðurinn hefur lítið sem ekkert notkunargildi nema sem hluti af stærri heild.



Mynd 83: Yfirlit yfir svæðið sem garðlögin liggja yfir, horft til suðvesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003405 Núpur *Ólafsgerði* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Ólafsgerði var fyrir ofan Minni-Núp, fyrir ofan svo kallaða Túngjóstu. Samkvæmt örnefnaskrá er Ólafsgerði flöt hvilft og óljóst hvar mörkin við Efragerði eru. Illa varðveitt gerði er uppi á ásnum og var það mælt upp. Ekki er vitað með vissu hvort að það er Ólafsgerði en veggirnir sjást ekki fyrr en að er komið. Ábúendur töldu að Ólafsgerði væri garðlag sem liggur þvert yfir land fjallið ofan við bæina en svo er ekki. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Raflína liggur eftir meintu gerði og fast sunnan þess. Veggirnir eru útflattir, grasivaxnir og horfnir á köflum. Gerðið er uppi á hjalla fyrir ofan Minni-Núp og er sýnt á örnefnauppdrætti Brynjúlfs Jónssonar.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps. Þar er minjaheildin sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi en því miður hefur þekking um þá glatast að einhverju leiti, sbr. Ólafsgerði. Staðurinn er hluti af minjaheild gamla heimatúnsins á Minna-Núpi.

Upplifun:
Það er gaman að ganga upp á hjallann ofan við Minni-Núp. Gangan er fremur auðveld en erfitt fyrir leikmenn að átta sig á gerðinu og minjaheildinni á þessum stað. Víðsýnt er frá gerðinu.

Táknrænt gildi:
Þessi garður hefur lítið táknrænt gildi einn og sér. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri hægt að gefa garðinum táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Aðgengi að gerðinu er ágætt. Það er nokkurra mínútna gangur frá bænum, upp gróna brekku. Tvær girðingar eru á leiðinni. Brekkan er brött en gróin. Minjarnar eru fremur óljósar.

Notkunargildi:
Ólafsgerði hefur lítið sem ekkert notkunargildi nema sem hluti af stærri heild.



Mynd 84: Meint Ólafsgerði, horft til norðurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003406 Núpur *Dofrastaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu."

Frumtexti:
"1. Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, endar í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. 3. Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minna-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. 4. Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. 5. Girðing stór, nefnd Ólafsgerði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. 6. Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Dofrastaðir eru við suðausturhorn Þjósárholts, uppi á gróinni hraunbrún. Yngri fjárhústóft er 100 m norðar og landamerkjagirðing milli Stóra-Núps og Þjórsárholts er fast vestan við tóftirnar. Tóftirnar eru vel varðveittar og stórmerkilegur vitnisburður um búsetufyrirkomulag frá fyrstu öldum byggðar á landinu. Ítarleg heimildaúttekt er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Samtals eru fimm tóftir sem tilheyra Dofrastöðum. Þar eru tvö langhús, tvö hringlaga gerði og stakstæð tóft. Tóftirnar eru allar grasivaxnar og vel varðveittar. Þær sjást vel þegar að er komið.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Samtals eru sex friðlýstir staðir í landi Stóra- og Minni-Núps. Þar er minjaheildin sterk og örnefni vel þekkt. Allir þessir staðir eru jafnframt hluti af merku menningarlandslagi. Dofrastaðir eru stórbrotinn minjastaður, þar má ennþá sjá búsetufyrirkomulag frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og lítið jarðrask átt sér stað. Það er fáheyrt að býli séu svona vel varðveitt í uppsveitum Árnessýslu.

Upplifun:
Tóftirnar eru afar sjónrænar og auðvelt að sjá nýtingu þeirra fyrir sér. Staðurinn hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Tóftirnar raðast á gróna hraunbrún og eru allar vel varðveittar. Óljóst mótar fyrir heimreið sunnan við þær. Það er afar gaman að koma á þennan stað.

Táknrænt gildi:
Dofrastaðir hafa lítið táknrænt gildi. Brynjúlfur Jónsson, sem er stór þáttur af sögu íslenskrar fornleifafræði, var frá Minni-Núpi og í því samhengi væri að gefa býlinu táknrænt gildi ásamt fleiri stöðum á svæðinu.

Aðgengi:
Það er 15-30 mín gangur að býlinu frá núverandi þjóðvegi. Kindastígur, meðfram landamerkjagirðingu Stóra-Núps og Þjórsárholts, liggur alveg að tóftunum. Allt umhverfis er gróin, þýfð heiði með lágum hólum og lautum.

Notkunargildi:
Tóftirnar henta afar vel til kynningar enda vel varðveittar. Þær eru ekki í alfaraleið en fremur auðvelt er að ganga þangað frá þjóðveginum. Ekki er vitað hver hugur landeigenda er varðandi heimsóknir á staðinn.



Mynd 85: Dofrastaðir, horft til austurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003501 Sandlækur Friðlýst sem hof

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu."

Frumtexti:
"Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu. Sbr. Árb. 1884 [leiðr. 1894]: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09. 1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Að sögn ábúenda á Sandlæk eru tvær goðalágir þekktar á Sandlæk, Efri- og Neðri Goðalág. Sú efri er friðlýst og þar sést niðurgrafin tóft. Allt umhverfis tóftina er slétt, grasivaxið tún en á síðustu áratugum var stór vatnstankur settur niður fast við hliðina á tóftinni. Neðri Goðalág er 30 m suðvestan við tóftina og þar sést móta fyrir lág í túninu sambærilegri við efri tóftina.

Ástand:
Efri-Goðalág er niðurgrafin, skálalaga tóft. Hún sést eingöngu að innan og lágin dregur eflaust nafn af því. Það sést móta fyrir forskála syðst í tóftinni en veggirnir sjást ekki að utan. Tóftin er stór og áhugaverð. Neðri- Goðalág er slétt dæld í túninu.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Goðalág er hluti af minjaheild gamla heimatúnsins á Sandlæk. Sú staðreynd að lágirnar eru tvær gerir minjastaðinn sem og –heildina ennþá sterkari. Tóftirnar eru hluti af menningarlandslaginu en töluvert hefur verið sléttað innan túnsins og umhverfið raskað.

Upplifun:
Ekki ber mikið á minjunum innan túnsins. Þær eru lágreistar og erfitt fyrir leikmenn að átta sig á gerð og legu þeirra. Vatnstankurinn er hins vegar gríðarstór og ekki mátti miklu muna að óbætanlegt tjón hefði verið unnið á minjunum.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi en rannsóknargildið er mikið. Þörf er á ítarlegri heimildakönnun til að meta þennan þátt til fulls.

Aðgengi:
Um 1-2 mín ganga er að minjunum frá bæjarhlaðinu. Þær eru í sléttu túni og ekkert girt umhverfis þær.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa lítið notkunargildi. Landeigendur voru hins vegar jákvæðir fyrir heimsóknum.



Mynd 86: Efri-Goðalág, vatnstankurinn til hægri við tóftina. Horft til norðurs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003601 Skaftholt *Þjórsárholt* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru."

Frumtexti:
"1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. 2. Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Garðlagið afmarkar stórt svæði og var eflaust landamerkjagarður að hluta. Garðlagið er ekki fornt að öllum líkindum. Ítarlegri upplýsingar eru í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Garðurinn er úr torfi og grjóti. Skjólbelti er meðfram honum vestan við félagsheimilið Árnes og vírgirðing alls staðar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Staðurinn sem slíkur hefur lítið sem ekkert menningarsögulegt gildi.

Upplifun:
Minjastaðurinn liggur á milli túna og er um 2 km að lengd og liggur austur - vestur. Aldur garðlagsins er ekki þekktur en það kæmi ekki á óvart að hann væri í yngra lagi.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn er ekki tengdur neinum sögulegum atburðum og hefur þannig séð lítið táknrænt gildi en garðlagið hefur gildi fyrir ábúendur sökum þess að það er á merkjum. Einnig hefur það töluvert upplýsingagildi um skiptingu jarða hvort sem hún er upphafleg eða breyting á eldri landamerkjum.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er mjög gott.

Notkunargildi:
Kynningargildi staðarins eða minjanna er lítið. Margir eiga land að garðinum og álit þeirra á frekari kynningu ekki þekkt.



Mynd 87: Garðlagið, horft til vesturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003602 Skaftholt *Skaftholt* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: hætta.

Lýsing:
"2. Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar."

Frumtexti:
"1. Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. 2. Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekki er vitað hvar þessi minjastaður var staðsettur enda ábúendaskipti verið tíð þarna á seinnihluta 20. aldar. Rætt var við þrjá heimildamenn en enginn kannaðist við örnefnin né minjar sem passa við lýsinguna. Nánari heimildir þarf til þess að finna staðinn.

Ástand:
Ekki er vitað hvar minjastaðurinn er.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem minjastaðurinn er týndur.

Upplifun:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem minjastaðurinn er týndur.

Táknrænt gildi:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem minjastaðurinn er týndur.

Aðgengi:
Ekki er hægt að meta þennan þátt þar sem minjastaðurinn er týndur.

Notkunargildi:
Ekkert þar sem staðsetning minjastaðarins er óþekkt og hann líklega horfinn.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003801 Steinsholt *Ófeigsstaðir* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Ófeigsstaðarúst, neðarlega í vesturtúni hjáleigunnar Bala."

Frumtexti:
"Ófeigsstaðarúst, neðarlega í vesturtúni hjáleigunnar Bala. Sbr. Árb. 1905: 31. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Bæjarhóllinn og tóft á honum er innan gamla heimatúns Steinsholts. Þar er nú tún nýtt til beitar. Minjarnar eru á hól sem skagar til suðurs og sjást vel þegar komið er að Steinsholti. Fyrir vestan hólinn er djúpt gil.

Ástand:
Bæjarhóllinn sést vel en tóftin er sigin. Veggirnir eru útflattir og þýfðir. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir nákvæmu lagi minjanna af þessum sökum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Bæjarhóllinn er hluti af minjaheild Steinsholts. Þar var áður kirkja og fleiri hjáleigur.

Upplifun:
Það er gaman að koma á bæjarhólinn og leikmenn geta gert sér í hugarlund hvað fór þar fram. Bæjarstæðið er fallegt og víðsýnt er til suðurs.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi nema fyrir sögu jarðarinnar. Ítarleg heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er ágætt. Um 1-2 mín ganga í sléttu túni. Eitt hlið og skurður eru á leiðinni. Í Steinsholti er rekin ferðaþjónusta og ábúendur vor jákvæðir gagnvart umferð ferðafólks í samráði við þau.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa töluvert notkunargildi. Nálægð við ferðamenn og bæinn skipta þar mestu máli.



Mynd 88: Ófeigsstaðarústir, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hét: Gnúpverjahreppur (árið 1990)

87003901 Þjórsárholt *Alviðra* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu."

Frumtexti:
"Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu. Sbr. ÁRv. 19005: 32. Skjal undirritað af MÞ 15.04.1929. Þinglýst 30.06.1938." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Tóftin er ofarlega í grónum hvammi, norðvestarlega í Þjórsárholti. Garðlagið lokar hvamminum til vesturs. Reiðgötur sjást liggja yfir garðinn og að tóftinni. Frekari heimildasamantekt um minjastaðinn er m.a. að finna í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Tóftin er ofarlega í brekku og sést vel þegar að er komið. Að sögn ábúenda í Þjórsárholti breyttist ástand tóftarinnar þegar ekki var beitt þar í tvö ár, mosi varð ríkjandi og veggirnir lækkuðu. Tóftirnar eru signar sem og garðlagið.

Þinglýsing, 1938-06-30
Undirritun, 1929-04-15 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Alviðra er ekki hluti af stærri minjaheild, nema ef horft er til jarðarinnar Þjórsárholts. Þrátt fyrir það er staðurinn áhugaverður hluti menningarlandslagsins og myndar sterka minjaheild einn og sér. Staðurinn hefur mikið rannsóknargildi.

Upplifun:
Alviðra er skemmtilegur minjastaður. Þrátt fyrir að tóftirnar láti lítið yfir sér er auðvelt að sjá nýtingu þeirra fyrir sér. Víðsýnt er frá tóftinni en erfitt að koma auga á hana úr fjarlægð.

Táknrænt gildi:
Alviðra hefur lítið táknrænt gildi ein og sér. Ítarleg heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Minjarnar eru innan afgirts beitarhólfs, skammt sunnan við landamerki Þjórsárholts og nýbýlis þar norðar, í fyrrum landi Skaftholts. Það er nokkurra mínútna akstur eftir jeppafærum slóða að beitarhólfinu en ganga þarf síðasta spölinn yfir þýfðan móa. Það eru nokkur hlið á leiðinni og brekka upp að tóftinni. Ekki er vitað hver hugur landeigenda er gagnvart heimsóknum á staðinn.

Notkunargildi:
Tóftirnar hafa ekki mikið notkunargildi og þá er einna helst sem áfangastaður í göngu- eða hestaferðum. Minjastaðurinn lætur lítið yfir sér og þolir ekki mikinn ágang.



Mynd 89: Alviðra, horft til suðurs.

Árnessýsla

Hrunamannahreppur Hét: Hrunamannahreppur (árið 1990)

87004201 Hrepphólar *Laxahjallur* Friðlýst sem þurrkhjallur

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Laxahjalls-tóft forn uppi á Hjallaási."

Frumtexti:
"Laxahjalls-tóft forn uppi á Hjallaási. Sbr. Árb. 1905: 34. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ábúandi mundi eftir friðlýsingarskilti í tóftinni en var ekki viss hvort það væri þar enn. Ekkert skilti fannst við vettvangskönnun.

Ástand:
Tóftin er efst á stapa á mosagróinni flöt. Hún er grjóthlaðin úr fremur stóru hellugrjóti. Hleðslurnar eru grónar mosa og skófum og eru nokkrar víðihríslur innan tóftarinnar. Mögulegt op snýr til vesturs. Hrunin varða er skammt suðvestan við tóftina.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Um er að ræða stakstæða tóft.

Upplifun:
Tóftin er greinileg en tilgangur hennar er óljós. Auðvelt er að gera sér í hugarlund stærð hennar og lögun. Staðsetningin þykir óvenjuleg fyrir þurrkhjall.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi minjastaðarins er lítið. Gera þyrfti ítarlega heimildakönnun til að meta það til fulls.

Aðgengi:
Aðgengi er fremur slæmt. Hægt er að aka áleiðis að stapanum sem tóftin stendur á. Klífa þarf upp bratta og stórgrýtta hlíð stapans.

Notkunargildi:
Notkunargildi er fremur lítið. Þó að tóftin sjáist greinilega er hlutverk hennar óljóst, táknrænt gildi lítið og aðgengi ekki á allra færi.



Mynd 90: Tóftin efst á stapanum, horft til norðausturs.

Árnessýsla

Hrunamannahreppur Hét: Hrunamannahreppur (árið 1990)

87004301 Hörgsholt *Árfell* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Forn bæjarrúst suðvestan í Árfelli ásamt fornlegum túngarðsspotta hjá. Á síðari tímum hefir hjer verið stekkur og stekkjar-tún um."

Frumtexti:
"Forn bæjarrúst suðvestan í Árfelli ásamt fornlegum túngarðsspotta hjá. Á síðari tímum hefir hjer verið stekkur og stekkjar-tún um. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Ekki hefur verið föst ábúð í Hörgsholti í nokkra áratugi og jörðin nýtt til sláttar og beitar frá næsta bæ, Þverspyrnu. Frá bænum í Hörgsholti er hægt að aka túnslóða áleiðis að minjunum eða ganga í um 30-50 mín yfir móa og lækjardrög. Minjarnar eru sunnan við Árfell, í gróum hvammi. Þar sést túngarður og um 10 tóftir, bæði utan og innan hans. Að sögn heimildamanns var grjót tekið úr minjunum þegar stekkurinn og síðar fjárhús voru reist skammt sunnan við býlið. Uppblástur er fast norðan og austan tóftanna og mögulega hafa einhverjar minjar horfið af þeim sökum. Ítarleg heimildaúttekt er í Ísleifu, gagnagrunni Forleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Tóftirnar eru allar signar og útflattar. Ein þeirra er uppi á uppblástursbrún og grjót í veggjum hennar. Hún ásamt túngarðinum er einna greinilegust. Hinar minjarnar eru lágreistari og sjást verr. Ein tóftin er á blásnum hraunhól og líklega yngri.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á þessum stað er mikið af minjum frá mismunandi tímum. Býlið er líklega elst og þær tóftir signar og algrónar. Stekkurinn er skammt sunnar og þar var síðar reist fjárhús. Garðlag er umhverfis þær minjar og var líklega vírgirðing á því. Þessar tóftir og staður eru hluti af jaðarbyggðum inn á Hrunamannaafrétti. Það eru þekkt nokkur býli á þessum slóðum sem öll eru farið í eyði. Þessir staðir eru allir áhugaverðir þegar horft er til staðsetningar þeirra og landkosta.

Upplifun:
Það er gaman að koma á þennan stað, tóftirnar er á nokkuð stóru svæði og sjást vel. Landslagið er stórbrotið og setur sterkan svip á upplifunina.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er erfitt. Það þarf að ganga að þeim yfir þýfðan móa og lækjardrög.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur mikið notkunar- og rannsóknargildi. Hann er tilvalin áningarstaður í hestaferðum sem eru vinsælar á þessum slóðum.



Mynd 91: Minjasvæðið við Árfell, horft til norðurs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004601 Helludalur *Goðatóftir* Friðlýst sem goðatóft, hof

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"1. Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu."

Frumtexti:
"1. Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu. Sbr. Árb. 1908: 34-37. 2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið. 3. Þingbúðatóftir margar, fornar, í Laugartorfu. Sbr. Árb. 1894: 8; Árb. 1905: 50-51; Árb. 1908: 38. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Á minjastaðnum eru fjórar tóftir í túni suðaustur af gamla bænum. Á milli þeirra liggur renna sem samkvæmt heimildamanni var slegin áður fyrr. Þrjár tóftir eru ofan við rennuna en ein neðan hennar. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Tóftirnar eru í stórþýfi neðst í túni. Þeim hefur verið raskað að einhverju leyti og hefur skurður verið grafinn í gegnum syðsta hluta minjanna. Tóftirnar eru mjög signar og hlaupnar í þúfur. Útlínur þeirra eru greinanlegar en hólfaskiptin er óljós.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson


Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftirnar standa fjórar saman í klasa en eru ekki í tengslum við aðrar minjar á jörðinni. Þær bera þess þó skýr merki að þeim hafi veri hlíft við túnasléttun og slætti áður fyrr.

Upplifun:
Minjarnar eru í túnfætinum og hafa fengið að standa þar að mestu óhreyfðar. Fyrir leikmenn líta þær þó fyrst og fremst út sem stórþýfi. Sé vel að gáð má þó greina tóftirnar fjórar.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er lítið en ítarlegri heimildakönnun gæti leitt frekara gildi í ljós, t.d. varðandi hið meinta hof.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er ágætt. Gengið er yfir tún spottakorn frá gamla bænum að tóftunum, um fjórar mínútur.

Notkunargildi:
Notkunargildi er ekki mikið í ljósi þess að upplifun af minjunum er fremur lítil, minjaheildin er veik og táknrænt gildi er lítið.



Mynd 92: Horft yfir Goðatóftir til suðsuðausturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004602 Helludalur *Helludalur* Friðlýst sem garðlag

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið."

Frumtexti:
"1. Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu. Sbr. Árb. 1908: 34-37. 2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið. 3. Þingbúðatóftir margar, fornar, í Laugartorfu. Sbr. Árb. 1894: 8; Árb. 1905: 50-51; Árb. 1908: 38. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Vestur-tún er einnig nefnt Aukatún samkvæmt heimildamanni. Á minjastaðnum eru a.m.k. fjögur garðlög, líklega mismunandi byggingarstig af sama garðlagi og hefur legu þess verið breytt í gegnum tíðina. Sambyggðar tóftir eru við hluta þess. Upprunalega garðlagið er tæplega greinanlegt og er líklega búið að byggja það upp aftur og breyta legu þess. Öll þessi garðlög eru hluti af túngarðinum umhverfis heimatúnið.

Ástand:
Garðlögin eru efst í túni sem hallar til suðurs, neðan við trjálund sem stendur efst á holtinu. Erfitt er að skera úr um hvaða hluta garðlaganna er átt við í friðlýsingartextanum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Garðlagið er ekki hluti af minjaheild nema ef til væru taldar Goðatóftir sem eru sunnan við bæinn. Þær eru þó ekki í augljósu samhengi við garðlagið.

Upplifun:
Upplifun af minjastaðnum er lítil. Glöggt má þó greina að garðlagið var hluti af túngarði. Síðari byggingarskeið villa þó nokkuð sýn á upprunalega legu þess.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi er lítið. Ítarleg heimildakönnun gæti þó breytt því mati.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er ágætt. Gengið er frá gamla bænum yfir tún upp á holtið, u.þ.b. 5 mínútna gangur.

Notkunargildi:
Notkunargildi er lítið í ljósi þess að upplifun og táknrænt gildi staðarins eru í lágmarki.



Mynd 93: Horft til austurs, í átt að garðlögunum.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004603 Helludalur *Laugatorfa* Friðlýst sem þingstaður, búðir

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"3. Þingbúðatóftir margar, fornar, í Laugartorfu."

Frumtexti:
"1. Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu. Sbr. Árb. 1908: 34-37. 2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið. 3. Þingbúðatóftir margar, fornar, í Laugartorfu. Sbr. Árb. 1894: 8; Árb. 1905: 50-51; Árb. 1908: 38. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Einungis fundust fjórar tóftir fast norðvestan við sumarbústaði Starfsmannafélags Sláturfélags Suðurlands og líklegt er að bygging þeirra hafi raskað einhverjum tóftum. Syðsta tóftin er 10 m sunnan við syðsta bústaðinn. Á síðustu árum hafa fleiri sumarbústaðir verið byggðir norðvestan við tóftirnar og ekki er ólíklegt að það hafi einnig valdið raski. Svæðið er skógivaxið og grisja þarf svæðið til að leita að fleiri tóftum. Þessi staður er í stórhættu.

Ástand:
Tóftirnar eru illgreinilegar. Þær eru vaxnar náttúrulegum birkiskógi en jafnframt hefur barrtrjám verið plantað í þær. Girðing liggur þvert yfir tvær tóftirnar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftirnar eru sem fyrr segir innan sumarbústaðargirðingar en eru stórmerkilegar. Þær sjást ekki fyrir trjám en saman mynda þær áhugaverða heild sem vert er að rannsaka og um leið stuðla að betri varðveislu. Staðurinn er mikið raskaður sökum byggingarframkvæmda.

Upplifun:
Það er áhugavert að koma á þennan stað. Hér sést vel hvernig minjum hefur verið raskað, bæði vegna bygginga og skógræktar. Staðurinn er stórmerkilegur en ekki verið vel að málum staðið hér.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur lítið táknrænt gildi einn og sér.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er ágætt. Stutt ganga er að minjunum en erfitt að skoða þær vegna trjágróðurs.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa lítið notkunargildi en rannsóknargildi þeirra er því meira.



Mynd 94: Ein af þingbúðatóftunum, nánast hulin trjágróðri. Horft er til norðvesturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004701 Holtakot *í Holtum* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Rústaleifar fornar þar sem enn heitir í Holtum."

Frumtexti:
"Rústaleifar fornar þar sem enn heitir í Holtum. Sbr. Árb. 1905: 49-50. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Minjarnar eru innan afgirts beitarhólfs og liggja undir ágangi hrossa sem þar er gefið. Frekari heimildir um minjastaðinn eru aðgengilegar í gagnagrunninum Ísleifu.

Ástand:
Bæjarhóllinn sést enn og ein greinileg tóft á suðurhlutanum. Bæjarhólnum var raskað mikið um miðja 20. öld þegar fjárhús voru byggð á hólnum og tún sléttað allt umhverfis. Tóftin sem tilheyrir býlinu er óskýr og erfitt að átta sig á nákvæmu lagi hennar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hér ægir saman fornum og nýjum tóftum. Býlinu var raskað á 20. öld þegar steinsteypt fjárhús voru byggð ofan í bæjarhólinn og slétt tún gert þar umhverfis. Vallargarður afmarkar túnið. Enn má sjá eina tóft tilheyrandi býlinu en annars eru 20. aldar mannvirki alls ráðandi. Bæjarhóllinn sést þó enn og má gera ráð fyrir að mikil mannvist sé enn undir sverði.

Upplifun:
Þegar komið er að bæjarhólnum er lítið sem bendir til þess hér hafi verið býli. Raskið sem varð þegar fjárhúsin voru gerð er það mikið. Erfitt er fyrir leikmenn að sjá fyrir sér búsetu á þessum stað. Landið umhverfis er einnig raskað sem spillir fyrir upplifunni.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi nema ef vera skyldi fyrir sögu þessarar tilteknu jarðar.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er slæmt. Ekki er föst ábúð á jörðinni og hún nýtt til hrossabeitar. Við þjóðveginn er hlið og þaðan liggur malarvegur að skemmu. Þaðan þarf að fylgja túnslóða og ganga síðasta spölinn. Gangan tekur 3-5 mín yfir gróinn móa. Rafmagnsgirðing er fast við minjarnar og þarf að fara yfir hana. Ekki er vitað um hug landeigenda varðandi heimsóknir.

Notkunargildi:
Notkunargildi minjanna er lítið. Þær sjást lítið og erfitt fyrir leikmann að átta sig á umfangi þeirra.



Mynd 95: Bæjarhóllinn, horft til vesturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004801 Skálholt *Þorláksbúð* Friðlýst sem búð

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Grafið var í tóft Þorláksbúðar 1954 og hún svo endurhlaðin. Hús í gömlum stíl var byggt ofan á rústinni á fyrstu árum 21. aldar og stendur það nú yfir tóftinni og hylur hana. Ekki er friðlýsingarskilti á minjastaðnum.

Ástand:
Sést ekki, undir húsi

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Þorláksbúð er horfin, hún er undir umdeildu tilgátuhúsi sem líklega raskaði henni.

Upplifun:
Upplifunin er fremur neikvæð. Nýja Þorláksbúð er tilbúningur og sýnir ekki hvernig minjastaðurinn var. Húsið stingur í stúf við önnur mannvirki á svæðinu.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi friðlýstra minja í Skálholti er talsvert, ekki síst í sameiningu einfaldlega vegna þess að þær eru í Skálholti sem er einn sögufrægasti staður landsins. Þorláksbúð er í hópi fleiri staða í Skálholti og víðar sem kenndar eru við Þorlák helga. Deila má um hversu áreiðanleg tengingin við Þorlák biskup er enda mýmörg dæmi um brunna og lindir um allt land sem biskupar og helgir menn áttu að hafa blessað og/eða kallað fram og hvíla sum hver á afar veikum grunni. Óháð því er Þorláksbúð í Skálholti til marks um það vægi sem Þorlákur hefur haft í sögu staðarins og minjastaðurinn hefur ótvírætt gildi sem slíkur. Hin eiginlega tóft er þó horfin og erfitt að gera sér hana í hugarlund með nýja húsið þar nú.

Aðgengi:
Aðgengi er gott, við hlið kirkjunnar.

Notkunargildi:
Gamla Þorláksbúðin hefur ekkert notkunargildi.



Mynd 96: Þorláksbúð hin nýja sem er yfir tóftinni.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004802 Skálholt *Staupasteinn* Friðlýst sem staupasteinn
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"I) ... 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Staupasteinn er á gróinni eyju á malbikuðu bílaplani fyrir framan kirkjuna. Ekkert friðlýsingarskilti er við steininn en hann er ekki á upphaflegum stað og verið færður oftar en einu sinni.

Ástand:
Steinninn er um 1x1 m að stærð, ferkantaður og 0,2 m á hæð. Steinninn er náttúrulegur og hvergi sér til mannaverka á honum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra.

Upplifun:
Þegar komið er að Skálholti er ekkert sem bendir til þess að þessi steinn sé friðlýstur. Hann lætur lítið yfir sér í miðju bílaplani og erfitt að gera sér grein fyrir notkun hans.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi friðlýstra minja í Skálholti er talsvert, ekki síst í sameiningu einfaldlega vegna þess að þær eru í Skálholti sem er einn sögufrægasti staður landsins.

Aðgengi:
Aðgengi að steininum er gott, hann er á bílaplani.

Notkunargildi:
Sjónrænt má þó segja að staðurinn henti enn ágætlega til kynningar en líklegt er að það þyrfti að greina ítarleg frá hlutverki hans og tengja traðir og leiðir Skálholtsstaðar við sögu staðarins almennt til að vekja athygli á honum.



Mynd 97: Staupasteinn, horft í suðvestur.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004803 Skálholt *Þorláksbrunnur* Friðlýst sem brunnur

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"I) ... 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Þarna "kallaði upp vatn úr jörðunni þar sem brunnurinn er," (Guðmundur Magnússon, 1905:217). Brunnurinn var skemmdur árið 1902: "Sama vor (1902) var i vesturbænum i Skálholti lagður vegur niður frá bænum vestur úr túninu. Ræsi var gjört með veginum og var Þorlaksbrunnur þar á leiðinni. Veggerðarmenn grófu hann fram, tóku burt grjót það, er hlaðið hafði verið innan í hann og jöfnuðu hann alveg með ræsinu, svo nú er hann ekki framar til. Þá er þetta var gjört, var húsbóndinn, Skúli læknir Árnason, í Reykjavikurferð, og vissi þetta ekki fyrr en hann kom aftur. Ætlar hann að láta ganga svo frá, að sjá megi ummál brunnsins, að minnsta kosti til endurminningar um hann." (Brynjúlfur Jónsson, 1904:20-22). Ekkert friðlýsingarskilti er við brunninn enda er staðsetning hans nokkuð á reiki.

Ástand:
Sunnan við Kyndluhól er þúst í dokkinni sem þar er og er það líklegasta staðsetning brunnsins sem oftast er merktur beint sunnan hólsins á kort þó að á einum stað hafi hann verið merktur suðaustan hans en þar sjást engin ummerki.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Þorláksbrunnur er við hliðina á Kyndluhóli, öðrum friðlýstum stað og aðeins um 140 m frá Skálholtskirkju og uppbyggðu uppgraftarsvæði. Brunnurinn var skemmdur í upphafi 20. aldar og staðsetning hans er svolítið á reiki þótt líklegast sé hann sunnan undir Kyndluhóli þar sem nú sést upphleypt þúst. Gildi staðarins er talsvert í tengslum við sögu staðarins og aðrar minjar en hann hefur takmarkað gildi einn og sér.

Upplifun:
Þar sem brunnurinn var að stóru leyti skemmdur 1902 eru sýnilegar minjar óverulegar. Meint staðsetning er lág þúst fast sunnan við Kyndluhól og fæst gott útsýni yfir hann frá hólnum. Þústin er hins vegar svo óveruleg að ekki er auðvelt fyrir leikmenn að gera sér nokkra grein fyrir hlutverki hennar.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi friðlýstra minja í Skálholti er talsvert, ekki síst í sameiningu einfaldlega vegna þess að þær eru í Skálholti sem er einn sögufrægasti staður landsins. Þorláksbrunnur er í hópi fleiri staðið í Skálholti og víðar sem kenndar eru við Þorlák helga. Deila má um hversu áreiðanleg tengingin við Þorlák biskup er enda mýmörg dæmi um brunna og lindir um allt land sem biskupar og helgir menn áttu að hafa blessað og/eða kallað fram og hvíla sum hver á afar veikum grunni. Óháð því eru Þorláksbrunnur í Skálholti til marks um það vægi sem Þorlákur hefur haft í sögu staðarins og minjastaðurinn hefur ótvírætt gildi sem slíkur. Nota mætti hann til að fjalla um Þorlák og þátt hans í sögunni sem og önnur örnefni sem við hann eru kennd.

Aðgengi:
Aðgengi að brunninum er býsna gott. Hann er aðeins um 120 m VSV við bílastæði Skálholtsstaðar og er grasivaxin flöt á milli. Göngustígur liggur líka fyrir vestan Kyndluhól skammt frá Þorláksbrunni. Þegar svæðið var skráð (17. mars 2015) seytlaði vatn um dældina sem þústin er í en ekki er ljóst hvort þannig er umhverfis að jafnaði. Sé sú raunin væri þægilegra að kynna brunninn einfaldlega af Kyndluhóli í stað þess að senda áhugasama ofan í dældina.

Notkunargildi:
Staðsetning Þorláksbrunns er háð einhverjum vafa og sökum þess að brunnurinn var skemmdur í upphafi 20. aldar er erfitt að ákvarða staðsetningu hans með fullri vissu nema að undangegnum fornleifauppgreftri. Hina meintu staðsetningu mætti þó vissulega kynna, sér í lagi ef stæði til að kynna friðlýstar minjar í Skálholti og aðrar minjar við bæinn í tengslum við sögu staðarins.



Mynd 98: Þorláksbrunnur, horft til austnorðausturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004804 Skálholt *Skólavarða* Friðlýst sem varða, sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"II) 1. Skólavarðan."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954."

Vörðunni er lýst í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1927 (Sigurður Skúlason, 1927:62): " Skólavarða sú, sem enn sér merki til í Skálholti, er nú orðin ærið hrörleg, og mun mannshöndin hafa gert sitt til að eyðileggja hana, ef satt er, að grjót hafi verið rifið úr henni til húsbygginga. Samkvæmt lýsingu háaldraðs manns, sem nú er látinn fyrir nokkru, var varðan öll hlaðin úr stórgrýti; þess sér enn merki. Hún náði stórum manni í öxl. Uppi á brúnum hennar voru 4 bekkir, og var þar rúm fyrir 12 manns, þrjá á hverjum. Á hornum vörðunnar voru reistir ferhyrndir steinar, nokkru hærri en bekkirnir. En ofan í vörðuna miðja var laut eða skál; hvíldu þar fætur þeirra, er sátu á bekkjunum," Ágústa Edwald (2006) gerði MA ritgerð um Skólapilta í Skálholti og rannsakaði m.a. umhverfi Skólavörðu með könnunarskurðum. Skólavarða var illa farin síðla á 20. öld og var þá endurhlaðin frá grunni. Það mannvirki stendur vel. Ekki er friðlýsingarmerki á minjastaðnum.

Ástand:
Varðan var endurhlaðin 1998 og var þá orðin hrörleg. Sú varða sem nú stendur virðist talsvert frábrugðin eldri vörðu samkvæmt lýsingu í Árbók og talsvert hærri. Varðan stendur á lágu holti sem gróið er grasi og mosa.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Skólavarðan er skemmtilegur minnisvarði um hlutverk Skálholtsstaðar í menntun og uppfræðslu á öldum áður og um menningu og daglegt líf skólapilta. Hún tengist vel fornleifauppgreftri á húsakynnum skólapilta, skólastofu og öðrum vistarverum frá sama skeiði.

Upplifun:
Varðan stendur hátt, er vel hlaðin og nærri þjóðvegi. Staðurinn er fallegur minjastaður þótt að upprunagildi hans sé talsvert takmarkað þar sem varðan var endurhlaðin rétt fyrir 2000 og virðist þú talsvert öðruvísi en hún var áður samkvæmt eldri lýsingum.

Táknrænt gildi:
Varðan hefur talsvert táknrænt gildi sem hluti af því skólahaldi sem var eitt af höfuðhlutverkum Skálholtsstaðar um aldaskeið. Hún er minnisvarði um veru skólapilta á svæðinu en um vera þeirra í Skálholti hefur líklega haft mikil áhrif á daglegt líf á staðnum.

Aðgengi:
Aðgengi að Skólavörðu er gott. Varðan er á holti en vegir eru austan, vestan og norðan þess. Göngustígur sem liggur m.a. að Þorlákssæti liggur um holtið og að Skólavörðu en reyndar er sá hluti hans sem liggur að vörðunni talsvert yfirgróinn og óljós. Varðan er um 450 m NNA við Skálholtskirkju. Ekki er friðlýsingarmerki á minjastaðnum.

Notkunargildi:
Notkunargildi er talsvert. Sú "varða" sem stendur á staðnum í dag er í raun endurbygging og e.t.v.ekki nauðalík upprunalegu vörðunni en talsvert ítarlegar lýsingar eru til að henni. Ágústa Edwards gerði MA ritgerð um skólapilt og Skólavörðuna og gróf þar í kringum vörðuna en hvort tveggja mætti nýta til að miðla upplýsingum um staðinn og um líf skólapilta í Skálholti á fyrri öldum.



Mynd 99: Skólavarðan, horft til norðnorðausturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004805 Skálholt *Eystri-Traðir* Friðlýst sem traðir, sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"II) ... 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Traðirnar liggja frá bæjarhólnum að norðan og eru í halla til suðurs, gegnum tún sem eru slegin austan við traðir en fóðurkál virðist ræktað vestan þeirra. Traðirnar verða óljósar við mýrarjaðarinn neðan túna, en mýrar hafa nú verið ræstar fram.

Ástand:
Traðirnar liggja frá bæjarhólnum að norðan og eru í halla til suðurs, gegnum um tún sem eru slegin austan við traðir en fóðurkál virðist ræktað vestan þeirra. Traðirnar verða óljósar við mýrarjaðarinn neðan túna, en mýrar hafa nú verið ræstar fram.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Traðirnar hafa því talsvert vægi í tengslum við aðrar minjar í Skálholti. Þær mætti líka nota til að draga athygli að hlutverki Skálholts sem valdamiðju stórs svæðis umhverfis og leiðakerfi svæðisins.

Upplifun:
Traðirnar eru mjög greinilegar og fallegur minjastaður og góð yfirsýn fæst yfir hann frá bæjarhólnum. Traðirnar liggja í gegnum tún sem eru slegin (austan þeirra) og fóðurrækt (vestan þeirra) og greinilegt er að umrædd umsvif hafa haft áhrif á varðveislu þeirra. Girðing liggur þvert yfir traðirnar ofarlega og skörð eru í þær á nokkrum stöðum, mest áberandi um miðbik þeirra þar sem 2-3 m breitt skarð er í þær á tveimur stöðum og hefur jarðstrengur verið lagður í gegnum þær á öðrum þeirra. Greinilegt að keyrt er yfir traðirnar á stórum vinnuvélum. Umrætt rask gæti haft áhrif á upplifun staðar, sér í lagi ef haldið verður áfram að höggva skörð í traðirnar.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi sem slíkar, nema sem hluti af sögu Skálholts í heild.

Aðgengi:
Þær taka við um 20 m suðvestan við uppgraftarsvæðið í Skálholti sem hægt er að ganga um og um 65 m suðaustan við Skálholtskirkju. Góð yfirsýn yfir þær fæst þegar staðið er á bæjarhóli Skálholts. Girðing liggur þvert yfir traðirnar ofarlega og gæti það hindrað aðgengi að þeim þó hún liggi niðri á kafla nokkru vestar.

Notkunargildi:
Sjónrænt má þó segja að staðurinn henti enn ágætlega til kynningar en líklegt er að það þyrfti að greina ítarleg frá hlutverki hans og tengja traðir og leiðir Skálholtsstaðar við sögu staðarins almennt til að vekja athygli á honum.



Mynd 100: Eystari-Traðir í Skálholti, horft til norðnorðvesturs.

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)
87004806 Skálholt *Vestari traðir* Friðlýst sem traðir, sögustaður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"II) ... 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnan undir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Einhver ummerki um traðirnar sjást enn. Ekki er friðlýsingarskilti á minjastaðnum.

Ástand:
Illgreinanlegar, einungis einn veggur sést.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Athugasemdir:
Lágu frá bæ, sunnan við Kyndluhól.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Vestari traðir eru mikilvægar sem einn þessara staða og sem hluti af þeirri sögu sem greypt er í landslag Skálholtstaðar. Minjastaðurinn sjálfur lætur lítið yfir sér.

Upplifun:
Traðirnar eru greinilegar til norðurs en aðrar hliðar eru horfnar. Traðirnar liggja frá bæjarhólnum í gegnum óræktuð tún og eru raskaðar að nokkru leyti. Yngri vegur liggur þvert yfir traðirnar ofan við Kyndluhól og túnslóði þar við. Umrætt rask gæti haft áhrif á upplifun staðar, sér í lagi ef haldið verður áfram að höggva skörð í traðirnar.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa ekki táknrænt gildi sem slíkar, nema sem hluti af sögu Skálholts í heild.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er gott. Það er 1 mín gangur yfir slétt tún að tröðunum. Auðvelt er að tengja minjarnar við göngustíga sem fyrir eru og uppgraftarsvæðið.

Notkunargildi:
Sjónrænt má þó segja að staðurinn henti enn ágætlega til kynningar en líklegt er að það þyrfti að greina ítarleg frá hlutverki hans og tengja traðir og leiðir Skálholtsstaðar við sögu staðarins almennt til að vekja athygli á honum.



Mynd 101: Vestari-Traðir, horft til vesturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004807 Skálholt *Kyndluhóll* Friðlýst sem sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"II) ... 3. Kyndluhóll."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Kyndluhóll er hár og áberandi hóll, samsettur úr mannvistarleifum. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Guðmundur Ólafsson (2002) gróf í Kyndluhól á 9. áratug 20. aldar og fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunar í tengslum við rannsóknir á Skálholtsstað 2002-2007. Í hólnum eru umfangsmikil öskulög og torfleifar en ekki fundust afgerandi byggingar. Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2005) gerði MSc ritgerð í örformgerðarfræði sem byggði á sýnum úr hólnum.

Ástand:
Hóllinn er hár og grasi vaxinn og skagar út úr brekkubrún til vesturs. Umhverfis hólinn að austan, vestan og sunnan er deiglent en tún ná að norðurhlið hans. Hóllinn er um 8 m hár þar sem mest er.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Kyndluhóll er sérstakur minjastaður og þrátt fyrir að í hann hafi verið grafið bæði á 9. áratug 20. aldar og á árunum 2002-2007 var ekki endanlega úr því skorið hvaða tilgangi staðurinn þjónaði, þótt nafnið sjálft, nálægð við þekkta smiðju og mikil öskulög og aðrar minjar í nágrenninu bendi helst til að einhvers konar járnvinnslahafi farið þar fram frá a.m.k. 15. öld (sjá Skýrslu Guðmundar Ólafssonar um Skálholtsuppgröft).

Upplifun:
Kyndluhóll hefur klárlega gildi sem hluti stærri minjaheild og sem minnisvarði um þá fjölbreyttu starfsemi sem unnin var innan Biskupsstólsins. Hóllinn er afar afgerandi kennileyti í landslaginu og sést á fjölmörgum uppdráttum og málverkum af staðnum frá fyrri öldum. Hann er að stóru leyti uppsafnaðar mannvistarleifar og geymir mikla sögu.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi friðlýstra minja í Skálholti er talsvert, ekki síst í sameiningu einfaldlega vegna þess að þær eru í Skálholti sem er einn sögufrægasti staður landsins. Kyndluhóll er áhugaverður minjastaður og gæti varpað ljósi á umfang byggðar í Skálholti og þá fjölbreyttu vinnslu sem fór fram innan jarðarinnar.

Aðgengi:
Aðgengi að Kyndluhól er býsna gott. Hann er aðeins um 120 m VSV við bílastæði Skálholtsstaðar og er grasivaxin flöt á milli. Göngustígur liggur líka fyrir vestan Kyndluhól.

Notkunargildi:
Sökum nálægðar við aðrar minjar friðlýstar og friðaðar væri auðvelt að kynna Kyndluhól og tengja hann sögu Skálholts. Aðgengi að hólnum er gott og hann er afgerandi og sérstæður minjastaður.



Mynd 102: Kyndluhóll, horft til vesturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004808 Skálholt *Þorlákssæti* Friðlýst sem sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"II) ... 4. Þorlákssæti."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Engin ummerki sjást lengur um hið klappaða sæti en heimamenn telja að það hafi verið í klettabelti skammt frá minnismerki um Jón Arason og fylgismenn. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Ástand:
Örnefnið á við klettabelti. Svæðið hefur tekið miklum breytingum sökum jarðskjálfta.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Athugasemdir:
Hér eru tvær hraunbrúnir, upp af hvor annarri. Sætið var í efri brúninni en ekki vitað nákvæmlega hvar.

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra.

Upplifun:
Þorlákssæti er nokkuð suðvestan við kirkjuna og bæjarhólinn. Víðsýnt er frá klettunum sem eru lágir. Sætið er horfið en auðvelt að sjá úr hvaða samhengi minjarnar koma. Mikið hrun er neðan við klettana.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi friðlýstra minja í Skálholti er talsvert, ekki síst í sameiningu einfaldlega vegna þess að þær eru í Skálholti sem er einn sögufrægasti staður landsins. Þorlákssæti er áhugaverður minjastaður og tengist Þorláki helga.

Aðgengi:
Aðgengi að Þorlákssæti er gott. Þangað liggur göngustígur sem endar uppi á efri klettunum. Þetta er um 5 mín ganga.

Notkunargildi:
Staðurinn hefur mikið notkunargildi. Þar hefur m.a. verið messað.



Mynd 103: Þorlákssæti, horft til austurs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004809 Skálholt *Íragerði* Friðlýst sem leiði, legstaður, sögustaður,
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"II) ... 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir." Samkvæmt örnefnaskrá voru sveinar Jóns biskups Gerrekssonar dysjaðir í Íragerði 1433.

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954." Umræddur staður er þúfnakragi eða þúst í rennisléttu túni. Ekkert friðlýsingaskilti er á staðnum.

Ástand:
Illa farinn minjastaður í túni sem er í aflíðandi halla til vesturs. Íragerði, eftir því sem nú er best vitað, er óræktarblettur í túninu, nálega miðju.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Íragerði er mikilvægt sem einn þessara staða og sem hluti af þeirri sögu sem greypt er í landslag Skálholtstaðar. Minjastaðurinn sjálfur lætur lítið yfir sér og í raun erfitt að fullyrða hvað kann að leynast undir sverði á þessum bletti í túninu.

Upplifun:
Íragerði lítur nú út eins og óræktarblettur í túninu. Allt umhverfis eru sléttuð tún sem enn eru slegin en sjálfur bletturinn er þýfður. Sjónrænt er ólíklegt að gestir fái mikið út úr því að skoða umræddan minjastað. Séu leifar manna Jóns Gerrekssonar að finna á þessum slóðum eru þær væntanlega langt undir sverði. Saga staðarins og hlutverk hans í sögu Skálholts og þjóðar er það sem gefur honum gildi.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi staðarins er mikið og vegur það líklega þyngst í því gildi sem ljá mætti hinum friðlýsta stað. Tenging við sögu staðar og þjóðar er það sem helst kynni að vekja áhuga gesta á staðnum.

Aðgengi:
Aðgengi að minjastaðnum er mjög gott. Hann er rúmum 200 m NNV við Skálholtskirkju og um 50 m við norðurenda bílastæðis við Skálholtsstað og er sléttað tún milli minjastaðarins og bílastæðisins. Heimreið að Skálholti liggur 20-30 m austan minjastaðinn.

Notkunargildi:
Gildi minjastaðarins felst annars vegar í þeim möguleika að þar leynist legstaður undir sverði en hins vegar í því vægi sem staðurinn hefur í sögu Skálholts/þjóðar. Hann mætti kynna sem slíkan og í tengslum við aðrar minjar en hann er í miðju túni sem enn er slegið og sjónrænt lætur hann lítið yfir sér.



Mynd 104: Íragerði, horft til norðvesturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87004810 Skálholt *Jólavallargarður* Friðlýst sem garðlag, sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"I) ... 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður."

Frumtexti:
"I) 1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan í kirkjugarðinum. 2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Sbr. Árb. 1894: 4. 3. Þorláks-brunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. II) 1. Skólavarðan. 2. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. 3. Kyndluhóll. 4. Þorlákssæti. 5. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. 6. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður. Skjal undirritað af KE 12.05.1954. Þinglýst 14.06.1954."

Í örnefnaskrá Sigurðar Skúlasonar sem birtist í Inn til fjalla (bls. 166) segir: "Að lokum skal þess getið, að mér hefur ekki tekizt að afla öruggrar vitneskju um, hvar örnefnið Jólavallagarð sé að finna í landareign Skálholts. Þetta örnefni kemur fyrir í sögu Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir séra Jón Halldórsson, prófast í Hítardal, í sambandi við viðarflutninga á ísum neðan af Eyrarbakka upp að Skálholti um miðja 17. öld (Biskupasögur Jóns Halldórssonar I, 1903:265). Af þessari frásögn má ráð að Jólavallagarður hafi verið skammt fyrir neðan kirkjugarðinn, sennilega neðst í túninu, þar sem mýrin endar og þar með ísalög, svo að "hestarnir gátu ei dregið leingur áfran". Niðri við túnjaðar, skammt fyrir neðan Kringlu sést enn glöggt móta fyrir fornum ferhyrndum garði. Staðarins vegna gæti þetta verið vel Jólavallagarður hinn forni, en ekkert skal hér fullyrt um, hvort svo muni vera,".

Jólavallagarður hefur verið talið vera sá staður þar sem enn sést ferhyrnt gerði í túninu neðan við Skáholtsstað. Ekkert friðlýsingaskilti er á minjastaðnum. Tveir skurðir voru teknir í garðinn á vegum HÍ (nemendauppgraftar í Skálholti), en ekki tókst að aldursgreina garðinn.

Ástand:
Gerðið er í ágætu ástandi. Rof er þó í það á nokkrum stöðum sunnarlega og gæti jafnvel hafa verið plægt í gegnum það þar. Garðurinn er í aflíðandi halla til suðurs. Umhverfis eru tún og fóðurrækt og neðar (sunnar) eru framræstar mýrar.

Þinglýsing, 1954-06-14
Undirritun, 1954-05-12 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Í Skálholti eru friðlýstir tíu minjastaðir heima við bæ og kirkju og í nánasta nágrenni þeirra. Samanlagt er gildi þessara minjastaða talsvert, þó sérstaklega í tengslum við húsakynni Skálholtsskóla, biskupa og skólapilta og Skálholtskirkju sem grafið var upp 1954 og 2002-2007. Samanlagt hafa því minjar í næsta nágrenni Skálholts talsvert vægi, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægur staðurinn er í sögu þjóðar. Sérhvern af þeim minjastöðum sem skráðir eru í Skálholti má því skoða í þessu ljósi og eykur það á vægi þeirra. Jólavallagarður er mjög vel sýnilegur og gott útsýni er yfir hann frá bæjarhóli Skálholts. Minjastaðurinn er einfaldur en greinilegur.

Upplifun:

Staðarins er getið í Biskupasögu Brynjólfs Sveinssonar. Veggir hans eru signir en gerðið er þó vel greinilegt. Útlit garðsins minnir mest á dæmigerða kálgarða (í aflíðandi halla til suðurs). Hann minnir við fyrstu sýn mest á kálgarða frá 19. öld en vel er mögulegt að hann hafi gegnt öðru hlutverki. Rétt er að minna á að staðsetning Jólavallagarðs er ekki alveg áreiðanleg en sá staður sem hér er skráður er sá staður sem lengst hefur verið bent á.

Táknrænt gildi:
Táknrænt gildi staðarins er þá helst tenging hans við sögu Brynjólfs biskups Sveinssonar og sem slíkur mætti halda því fram að hann væri skemmtilegur minnisvarði um sögu staðarins.
Hvort sá garður sem nú er friðlýstur er í raun sá sami og getið er í sögunni er annað mál og prufuskurðir í gerðisveggina hafa ekki gagnast til að aldursgreina gerðið. Ekki er því hægt að útiloka að gerðið sé yngri kálgarður. Í honum sjást beð og snúa þau allra nyrst norður-suður en í stærstum hluta garðsins eru beð sem snúa austur-vestur.

Aðgengi:
Aðgengi að Jólavallagarði er gott. Garðurinn er um 120 m sunnan við Skálholtskirkju og gott útsýni er yfir hann af bæjarhól Skálholts. Til að komast að garðinum þarf að fara yfir girðingu sem þó er niðurfallinn á kafla. Sjálfur garðurinn er í túni sem enn er nýtt, norðan og austan við garðinn er fóðurkálsrækt en vestan hans tún sem enn eru slegin.

Notkunargildi:
Vel mætti nýta Jólavallagarð til kynningar á sögu Skálholts. Tenging hans við biskupasögu gæti vakið athygli á sögu biskupa á staðnum en vel má minna á að þó að um hversdagslegan kálgarð væri að ræða útilokar það ekki að hægt væri að kynna staðinn og vernda í tengslum við aðrar búsetuminjar á staðnum. Suðurhluti garðsins er nokkuð illa farinn og líklegt að umstang við búskap á svæðinu hafi skemmt hann svolítið.



Mynd 105: Jólavallagarður, horft til suðurs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)
87004901 Úthlíð *Hoftóft* Friðlýst sem hof
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hoftóft fyrir neðan túnið."

Frumtexti:
"Hoftóft fyrir neðan túnið. Sbr. Árb. 1894: 6. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Minjastaðurinn er sunnarlega innan gamla heimatúnsins, fast vestan við malbikaða heimreið að bænum. Allt túnið er sléttað nema tvær tóftir, önnur er hringlaga og hin skálalaga. Hringlaga tóftin er friðlýst sem hof.

Ástand:
Hið meinta hof sést enn greinilega í túninu og önnur skálalaga tóft er fast vestan þess. Tóftirnar eru í sléttu túni neðst í brekku sem hallar til suðurs frá kirkjunni og gamla bæjarhólnum. Tóftirnar eru vel varðveittar, stórþýfðar og grónar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hin meinta hoftóft og hinn meinti skáli mynda saman sterka minjaheild. Þær eru innan gamla heimatúnsins og kirkjugarðurinn er norðar og ofar í brekkunni. Kirkja er á bæjarhólnum og auðvelt er að sjá fyrir sér hvernig búseta var á þessum stað. Minjaheildin er ennþá sterkari þegar hún er tengd við hina löngu sögu jarðarinnar.

Upplifun:
Þegar komið er að minjastaðnum blasa stórþýfðir veggirnir við. Eystri tóftin er greinilegri og hringlaga. Sú vestari er skálalaga og einungis 1-2 m eru á milli þeirra. Hvort að hér er um hof að ræða er óvíst en minjarnar eru fornar og sú upplifun skilar sér vel. Þó verður að hafa í huga að staðurinn þolir ekki mikinn ágang.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa mikið táknrænt gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu. Úthlíð er landnámsjörð og minjarnar gjarnan tengdar þeirri búsetu. Þó er erfitt að sjá notkun þeirra fyrir sér.

Aðgengi:
Mjög gott aðgengi er að minjunum. Þær eru fast vestan við malbikaðan veg og yfir eina girðingu að fara. Ef farið er niður brekkuna frá kirkjunni er einungis yfir slétt tún að fara. En þar er nokkuð

Notkunargildi:
Tóftirnar hafa mikið notkunargildi. Í Úthlíð er nú þegar rekin ferðaþjónusta í miklum mæli, þó aðallega í tengslum við hina miklu sumarhúsabyggð sem þar er. Staðsetning þeirra býður upp á mikla möguleika og aðgengilegar fyrir alla. Tóftirnar hafa jafnframt gríðarlegt rannsóknargildi og líkjast skála og kirkjugarði frá elstu tíð.



Mynd 106: Minjasvæðið í landi Úthlíðar, horft til suðurs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Biskupstungnahreppur (árið 1990)

87005001 Vatnsleysa *Munkagerði* Friðlýst sem gerði, munkaminjar
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Fornleg girðing í túninu fyrir suðvestan bæjarhólinn, nefnd Munkagerði, og fornleg tóft í henni."

Frumtexti:
"Fornleg girðing í túninu fyrir suðvestan bæjarhólinn, nefnd Munkagerði, og fornleg tóft í henni. Sbr. Árb. 1905: 48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Minjarnar voru sléttaðar út um miðja síðustu öld og lítið sem ekkert sést til þeirra á yfirborði.

Ástand:
Minjastaðurinn er horfinn sökum sléttunar. Óljóst sér móta fyrir lágum hrygg í túninu til norðurs, þar var veggur.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Munkagerði er horfið. Gísli Gestsson skoðaði staðinn og gaf í kjölfarið leyfi til þess að slétta það út. Lítil sem engin ummerki þess sjást á yfirborði. Staðurinn hefur lítið áhrif á menningarlandslagið og er ekki hluti af neinni minjaheild.

Upplifun:
Upplifunin er dapurleg. Þarna er malarplan og slétt, grasivaxið tún. Heyrúllur eru geymdar þarna og erfitt að átta sig á nýtingu minjanna og umfangi þeirra enda allt horfið.

Táknrænt gildi:
Minjarnar höfðu lítið táknrænt gildi. Einnig er óljóst hvað var friðlýst í upphafi og hvaða hlutverki staðurinn gegndi.

Aðgengi:
Mjög gott aðgengi. Hægt er að keyra inn á malarplanið sem var í jaðri gerðisins.

Notkunargildi:
Notkunargildið er ekkert.



Mynd 107: Sléttuð tún þar sem Munkagerði var áður, horft til norðnorðausturs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Laugardalshreppur (árið 1990)

87005101 Laugardalshólar Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Bæjarrúst forn austur í túninu, önnur tóft lítil, fornleg, upp og austur frá henni, og fornt garðlag umhverfis, fyrir aftan hin og vestan."

Frumtexti:
"Bæjarrúst forn austur í túninu, önnur tóft lítil, fornleg, upp og austur frá henni, og fornt garðlag umhverfis, fyrir aftan hin og vestan. Sbr. Árb. 1908: 39. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert minjaskilti er á staðnum. Bæjartóftin er ennþá varðveitt í grónu túni en minni tóftin og garðlagið eru ekki sjáanleg á yfirborði né vitað hvar minjarnar voru. Ábúendur á Laugardalshólum könnuðust ekki við garðlagið en bentu skrásetjurum á lítið garðbrot sem einna helst kæmi til greina, það var mælt upp. Einnig var möguleg tóft mæld upp skammt austan við garðlagið.

Ástand:
Bæjartóftin er vel varðveitt. Hún er niðurgrafin í brekku, innan gamla heimatúnsins. Veggirnir sjást ekki mikið að utan, þeir eru mun greinilegri að innan. Tóftin hefur mikið rannsóknargildi.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftin er hluti af gamla heimatúni bæjarins og hluti af þeirri minjaheild. Örnefni á Laugardalshólum eru vel skrásett og sama ættin búið þar a.m.k. frá upphafi 18. aldar ef ekki lengur. Það gerir menningarlandslag jarðarinnar enn áhugaverðara þar sem sagan er vel þekkt.

Upplifun:
Tóftin er gríðarstór og áberandi þegar að er komið. Lag hennar er áhugavert en erfitt er að gera sér grein fyrir notkun hennar, hún er t.d. hvorki lík bæjartóft né útihúsi. Hún minnir einna helst á gríðarstóran skála en um leið er erfitt fyrir leikmenn að gera sér grein fyrir nýtingu staðarins.

Táknrænt gildi:
Staðurinn hefur lítið táknrænt gildi nema fyrir sögu Laugardalshóla.

Aðgengi:
Aðgengi að tóftinni er gott. Fara þarf í gegnum hlið og ganga í 2 mín yfir slétt tún. Túnið er nýtt til beitar.

Notkunargildi:
Tóftin hefur ekki mikið notkunargildi í núverandi ástandi. Ábúandi taldi það vera töluverðan ágang ef fólk fengi að fara þarna yfir án leiðsagnar.



Mynd 108: Bæjarrústin austur í túninu, horft til suðurs.

Árnessýsla

Bláskógabyggð Hét: Laugardalshreppur (árið 1990)

87005201 Laugarvatn *Vígðalaug* Friðlýst sem laug

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Heit laug, nefnd Vígðalaug, niðri við vatnið og stórir steinar hjá, nefndir Líkasteinar."

Frumtexti:
"Heit laug, nefnd Vígðalaug, niðri við vatnið og stórir steinar hjá, nefndir Líkasteinar. Skjal undirritað af ÞM 04.11.1969. Þinglýst 13.01.1970." Upplýsingarskilti fyrir ferðamenn er við Vígðulaug en þess ekki getið að minjarnar séu friðlýstar. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Á skiltinu er stiklað á stóru í sögu laugarinnar og Líkasteina sem eru þar við. Fornleifarannsóknir voru gerðar við laugina af Fornleifastofnun Íslands undir lok síðustu aldar. Umhverfis laugina og Líkasteina er nýlega hlaðinn garður og bílastæði fyrir ferðamenn. Hér er um skipulagðan ferðamannastað að ræða.

Ástand:
Vígðalaug hefur verið endurhlaðin og nánasta umhverfi lagfært svo það þoli betur heimsóknir. Laugin er vel varðveitt og er á mýrlendri tungu milli tveggja lækja. Annar lækurinn rennur í laugina en Líkasteinar eru á milli þeirra, á tungunni sjálfri.

Þinglýsing, 1970-01-13
Undirritun, 1969-11-04 Þór Magnússon

Menningarlandslag/Minjaheild:
Vígðalaug og Líkasteinar eru órjúfanlegur hluti af menningarlandslagi Laugarvatns og sögu hreppsins. Mikið hefur verið gert til þess að staðurinn sé hlut af landslaginu og myndi saman minjaheild þrátt fyrir að saga laugarinnar sé mun lengri.

Upplifun:
Það er gaman að koma á staðinn. Umhverfið er snyrtilegt og allir geta séð fyrir sér hvað hér fór fram.

Táknrænt gildi:
Vígðalaug (Reykjalaug) hefur gríðarlega mikið táknrænt gildi fyrir sögu landsins. Fyrst í tengslum við Kristnitöku og síðar þegar kemur að dauða Jóns Arasonar. Hún samtengd stórum atburðum og er víða getið í heimildum og sögum.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er frábært. Bílaplan og upplýsingaskilti eru á staðnum. Svæðið umhverfis laugina sjálfa er blautt og þolir ekki mikinn umgang.

Notkunargildi:
Minjastaðurinn hefur mikla notkunarmöguleika og er nú þegar nýttur. Þar er skipulagður ferðamannastaður sem víða er getið í ferðabókum sem og á netinu.



Mynd 109: Vígðalaug og Líkasteinar, horft til vestnorðvesturs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005301 Björk *Blótbjörk* Friðlýst sem flóðveitugarðlag

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk."

Frumtexti:
"Flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk. Sbr. Árb. 1905: 41. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Hann sést fyrst skammt austan við heimreiðina að Björk, rétt norðan við sumarbústaðalönd sem þar eru. Hann er mosavaxinn og fornlegur, liggur nánast í Z og svo í sveig til norðausturs um Blótkeldu, sem er moldarflag. Þar töpuðu skrásetjarar honum á vettvangi en af nýlegri loftmynd að dæma virðist mögulegt að það mætti rekja hann mun lengra og þyrfti að kanna það nánar. Þá er mögulegt er að stubbur liggi til suðurs frá megingarðlaginu yfir sumarbústaðalóð. Ekki fundust merki um garðinn vestan við heimreið en þar er þó þýfður mói að hluta, í þeirri stefnu sem hefði mátt vænta hans. Hugsanlega hefur hann horfið í efnisnám að hluta. Ekkert friðlýsingarskilti er á svæðinu.

Ástand:
Garðurinn er í góðu ásigkomulagi.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Garðlagið liggur um óspilltan móa og Blótkeldan er enn sýnileg en það er þó erfitt að tala um minjaheild – kannski því að hlutverk garðlagsins er svo óljóst og þar að auki hefur sennilega enn ekki tekist að rekja það á enda. Því er óljóst hver heildin gæti hafa verið.

Upplifun:
Óræð upplifun, kannski helst sú að þetta er ráðgáta. Ekki mikið af sambærilegum garðlögum í Grímsnesi. Þjóðsagan um Blótbjörk/Blótkeldu skiptir máli og eykur á upplifun – raunar ekki ósennilegt að hún sé ástæða þess að garðlagið var friðlýst upphaflega.

Táknrænt gildi:
Frekar langsótt – þó með fornlegri minjum í Grímsnesi og ábúendur virðast meðvitaðir um það.

Aðgengi:
Mjög gott, liggur nánast rétt við veginn að Björk. Ógirt land en þó virðast hross ganga þar part úr sumri af taði að dæma.

Notkunargildi:
Ekki augljóst að garðlagið veki áhuga almennings – þó mætti hugsa sér að tengja það við gönguleið um svæði sem að öðru leyti gæti virst “sterílt”. Fullt af sumarhúsum rétt við. Væri MJÖG fróðlegt að fá að vita um aldur.



Mynd 110: Flóðveitugarðurinn, horft til austurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005401 Kaldárhöfði *Sogið* Friðlýst sem geymsluhús, ferjustaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Rúst geymsluhúss Skálholtsmanna, við ferjustaðinn yfir Sogið."

Frumtexti:
"Rúst geymsluhúss Skálholtsmanna, við ferjustaðinn yfir Sogið. Sbr. Árb. 1905: 48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekki er friðlýsingarskilti á staðnum.

Ástand:
Friðlýsta tóftin er ásamt fleirum í hvammi eða laut við Sogið og hallar svæðinu eilítið til vesturs og er gróið grasi og lyngi. Hvammurinn er um 50 x 20 m stór og snýr NNV-SSA. Fast ofan við (austan við) er halli og þar ofan við taka við valllendismóar.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á þessum stað eru nokkrar tóftir í hvammi við Sogið og er hin friðlýsta tóft er allra syðst í grónum hvamminum. Samkvæmt sögninni var hún skreiðarskemma Skálholtsmanna og er sagt að Skálholtsbiskupar hafi látið flytja skreið frá Suðurnesjum austur að Soginu og hafi flutt hana yfir á þessum stað. Nánari upplýsingar um staðinn er að finna í fornleifaskráningarskýrslu Birnu Lárusdóttur og Orra Vésteinssonar (Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson, 1999). Á þessum stað eru nokkrar tóftir í hvammi við Sogið og var ferjustaður á þessum slóðum. Friðlýsta tóftin er einföld, aflöng og sigin og hallar til vesturs, að Soginu og er líklegt að það hafi brotið af henni vesturendann þótt ekki sé nú virkt rof í bakkanum. Hún er að hluta til byggð inn í hallann austan við. Ekki sést op á henni. Fast norðan við hana er grjóthlaðinn grunnur af sumarhúsi. Hann var byggður á grunni tófta sem voru eftir veiðihús Englendinga frá síðari hluta 19. aldar en þeir áttu þá veiðirétt í Soginu. Nokkru norðar í hvamminum er lítil sigin tóft sem gæti verið frá sama tíma og meint geymsluhús og tengst ferjuferðum yfir Sogið. Fjórða tóftin er allra nyrst í hvamminum þar sem land hækkar upp af honum. Sú tóft er fremur ungleg og var hesthús. Syðsta tóftin er sú eina á svæðinu sem er friðlýst.

Upplifun:
Staðurinn hefur talsvert upplifunargildi. Staðsetningin við Sogið er falleg og tóftin er vel greinileg þótt hún sé sigin og nokkuð fornleg. Ferjustaðurinn og aðrar minjar á þessu svæði (sigin hesthústóft, staðsetning veiðihúss Englendinga o.s.frv.) auka enn á þá sögu sem minjarnar geta miðlað til áhugasamra.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn hefur nokkuð táknrænt gildi. Hann er sagður hafa verið skreiðargeymsla Skálholtsstaðar og er sé það rétt er hann einstök heimild um umsvif Skálholtsstaðar á fyrri öldum. Samkvæmt sögninni fórst heil líkfylgd á ferjustaðnum sem þarna var og var ferjustaðurinn þá fluttur suður fyrir Dráttarhlíðina og skemman flutt á Vaðhól. Ekki er hægt að skera úr um hlutverk tóftarinnar nema með könnunarskurðum en tengingin við Skálholt sem og sögnin um líkfylgdina sem fórst á staðnum gefa staðnum talsvert táknrænt gildi.

Aðgengi:
Aðgengi að hinum friðlýsta stað er gott. Vegur liggur að stíflunni og við enda hans er bílastæði. Frá því er aðeins um 2 mínútna gangur að minjastaðnum og liggur óljós slóði frá bílastæðinu og til norðurs, skammt austan við hvamminn. Ekki þarf að fara í gegnum girðingar eða hlið á leiðinni.

Notkunargildi:
Staðurinn er að mörgu leyti upplagður til kynningar og rannsókna. Aðgengi að honum er gott og hið meinta hlutverk hans sem geymsluskemma Skálholtsmanna er bæði óvenjulegt og áhugavert. Sú staðreynd að ferjustaður var á þessum stað og þarna eru fleiri minjar sem tengjast veiði og nýtingu svæðis gera hann að ákjósanlegum áningarstað. Minjarnar láta lítið yfir sér en eru greinilegar og fallega staðsettar.



Mynd 111: Hvammurinn þar sem tóftirnar eru staðsettar, horft til norðurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005501 Kiðjaberg *Hestavatn* Friðlýst sem vörslugarður

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Vörzlugarður forn, vestur frá Hestvatni."

Frumtexti:
"Vörzlugarður forn, vestur frá Hestvatni. Sbr. Árb. 1905: 42. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Nyrsti hlutinn er horfinn vegna jarðvegsrofs. Þar sem hann sést fyrst er “green” ofan á honum úr golfvelli. Vegur liggur á garðinum á kafla og land hefur verið plægt upp að honum vegna trjáræktar og tré jafnvel verið sett niður í hann. Reyndar hafa græðlingar að líkindum verið fjarlægðir úr sjálfum hleðslunum en þó hafa nokkrir náð að skjóta rótum. Garðurinn sést ekki að ráði sunnan vegar (þar er að mestu mýrlendi og mógrafir) en þó var þar skráð möguleg hleðsla utan í brekku sem gæti tengst garðinum. Ef hún er raunveruleg bendir það til að garðurinn hafi sveigt til SA þegar nær dregur Hvítá. Ekki er friðlýsingarskilti á svæðinu.

Ástand:
Garðurinn er enn vel sýnilegur norðan vegarins að Hestfjalli, enda mikið mannvirki, en ástand með ýmsu móti enda hefur hann lent í skakkaföllum.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Mikið raskaðar minjar en þó áhugaverðar. Menningarlandslag í venjulegum skilningi þess orðs er mikið raskað en engu að síður er þetta merkilegt og áhugavert “menningarlandslag nútímans”, vitnisburður um það hvaða áhrif nútímaþróun á borð við skógrækt, sumarhús og golfvelli getur haft á minjar.

Upplifun:
Gríðarlega mikið mannvirki sem vekur furðu (þótt megnið af því sem sést á yfirborði kunni að vera jarðvegsuppsöfnun). Margir eru þarna á ferð í ýmsum tilgangi – væri raunar fróðlegt að tala við það fólk og athuga a) hvort það viti um garðinn, b) hvernig það upplifir hann.

Táknrænt gildi:
Jú – fornleg mannvirki, bein tenging í fortíðina frá öllu því nútímalega sem er í gangi á svæðinu (t.d. golfvöllur með risastórum auglýsingum stórfyrirtækja). Tenging við Skálholt skiptir líka máli.

Aðgengi:
Mjög gott, vegur liggur á garðinum. Svæðið galopið og mjög mikill almenningur.

Notkunargildi:
Já hiklaust. Kjörinn staður til kynningar og þá yrði líka eflaust meiri meðvitund um að passa garðinn. Vantar sárlega aldursgreiningu til að vita um byggingartíma og notkunarskeið. Væri sennilega hægt í skurði sem er í gegnum garðinn rétt norðan við veg.



Mynd 112: Vörslugarðurinn, horft til suðurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005701 Kringla *Kringla* Friðlýst sem lögrétta, þingstaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Hringur, mikill og fornlegur norður í túninu."

Frumtexti:
"Hringur, mikill og fornlegur norður í túninu. Sbr. Árb. 1905: 40. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927 Þinglýst 07.09.1927." Ekki er friðlýsingarskilti á svæðinu.

Ástand:
Í fínu ástandi, innan girðingar í túni sem er notað sem beitarhólf. Vel greinileg tóft, hringlaga, op snýr í vestur. Alveg grónir veggir og signir.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á varla við. Stök tóft í túni sem reyndar virðist bara gróflega sléttað en ekki sjást aðrar minjar í námunda utan við mögulegan rústahól (bæjarhól?) um20 m norðvestan við.

Upplifun:
Á tæplega við – helst væri það vegna tengingar við starf fornfræðinga en þarna á Brynjúlfur Jónsson að hafa grafið. Líka vegna sagnar um þingstað landnámsmannsins á Mosfelli – sem virðist langsótt. Tóftin er annars frekar lík fjárborgatóftum sem finnast nokkuð víða í Grímsnesi – nema helst að því leyti að hún virðist byggð utan í bakka en yfirleitt eru þær á hólkollum/uppi á holtum.

Táknrænt gildi:
Tæplega. Helst þá vegna tengsla við hugmyndaheim 19. aldar. Örnefnaskýringar og fornleifaskýringar eru holdgerðar (torfgerðar) í þessari tóft.

Aðgengi:
Sæmilegt, rétt við bæjarhlaðið en sömuleiðis á mjög prívat stað – inni í afgirtu túni sem nú er sennilega fyrst og fremst notað sem beitiland fyrir hross.

Notkunargildi:
Á mörkunum – heima í hlaði hjá fólki. Væri þó forvitnilegt til rannsóknar, enda á Brynjúlfur að hafa fundið hér gólflag eins og í mannabústað. Aldursgreining væri líka til bóta – kæmi ekki á óvart þótt tóftin tilheyrði yngra stigi fjárborga (17. öld eða síðar).



Mynd 113: Hringlaga tóftin, horft til suðausturs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005801 Neðra-Apavatn *Vopnahús* Friðlýst sem vopnahús, þingstaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Forn tóft nefnd "Vopnahús", austur á túnhala."

Frumtexti:
"Forn tóft nefnd "Vopnahús", austur á túnhala. Sbr. Árb. 1905: 40. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekki er friðlýsingarskilti á staðnum. Að vori og snemmsumars má óljóst greina hólfaskipan á gróðurfari en síðsumars hverfur staðurinn að mestu í gróður en talsverð órækt er í kring. Annars eru sléttuð tún allt umhverfis en austan við lækkar land niður að mýrum sem umhverfis Þverá og að Apavatni.

Ástand:
Vopnahúsið er óljós þúst, nokkuð illgreinanleg.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hið meinta vopnahús er rislítil þúst í sléttuðu túni. Þústin er aflöng og snýr ASA-VNV. Innri skipan er orðin illgreinileg en hana má þó merkja af gróðurfarsbreytingum. Samkvæmt þeim hefur tóftin skipst í talsvert langt, aflangt hólf í austurhluta tóftar og annað lítið í vesturenda. Ekki er að sjá aðrar minjar í nánasta nágrenni þústarinnar en til vesturs frá tóftinni er Orustudalur eða –lág og samkvæmt staðkunnugum (Ingibjörgu Ebbu Magnúsdóttur) er þar þúst sem stundum var talin dys. Nánari upplýsingar um staðinn eru að finna í fornleifaskráningarskýrslu Birnu Lárusdóttur (Birna Lárusdóttir, 2002).

Upplifun:
Staðurinn lætur lítið yfir sér og virðist bara óræktarblettur í túninu úr fjarska. Þústin ber örlítið hærra en umhverfið en ekki er hægt að greina hólfaskipan nema með því að lesa í gróðurfarsbreytingar og sjást þær aðeins að vorlagi eða snemmsumars.

Táknrænt gildi:
Örnefnin Vopnahús og Orustudalur eru áhugaverð og sömuleiðis hin meinta dys á síðar nefnda staðnum. Örnefnin ein og sér eru vísbending um stað sem vel gæti haft táknrænt hlutverk og hefur a.m.k. greinilega haft það í seinni tíð. Könnunarskurðir á svæðinu gætu skorið úr um meint hlutverk hans.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er fremur gott en til að komast að honum þarf að leggja á bæjarhlaðinu á Neðra-Apavatni og ganga um 250 m til norðurs frá bænum yfir slegin tún. Jörðin var í byggð fram á hin síðustu ár en ekki er lengur búið á henni allt árið um kring.

Notkunargildi:
Varla er hægt að segja að staðurinn sé mjög hentugur til kynningar. Örnefnið Vopnahús er óvanalegt en þær óljósu þústir sem sjást á yfirboði minna mest á stekk eða gamla fjóstóft. Örnefnið Vopnahús og Orustudalur í næsta nágrenni þar sem er að finna meinta dys vekur líka upp spurningar um hvort örnefnin gætu verið dæmi um sagnaminni sem varðveist hefði í örnefnum og minjum á þessum stað og ekki er óhugsandi að örnefnin gætu verið tilkomin vegna þess að mannabein og vopn hefðu fundist í jörðu á svæðinu á fyrri öldum. Örnefnin benda til að staðurinn gæti verið nokkuð merkilegur og má hugsa sér að forvitnilegt gæti verið að kanna hann nánar, en hann er ekki þess eðlis að réttlætanlegt sé að beina ferðamönnum þangað.



Mynd 114: Þústin sem kennd er við Vopnahús, horft til suðurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grímsneshreppur (árið 1990)

87005901 Snæfoksstaðir *Snæfoksstaðir* Friðlýst sem kirkja, kirkjugarður
Staða: lokið
Hættumat: hætta

Lýsing:
"Gamall kirkjugarður með leiðum og kirkjutótt heim undir rústum bæjarins á Snæfoksstöðum."

Frumtexti:
"Gamall kirkjugarður með leiðum og kirkjutótt heim undir rústum bæjarins á Snæfoksstöðum. Skjal undirritað af KE 11.11.1966. Þinglýst 17.11.1966." Ekki er friðlýsingarskilti á staðnum. Svæðið er áhugavert. Bæjarhóllinn er lágur en greinilegur við hlið kirkjugarðs og fram af honum hefur verið mikill kálgarður en í hann hefur nú verið plantað þéttum skógi. Víðirunnum hefur verið plantað í norðan og austanverðan kirkjugarðsvegginn. Neðan við kirkjugarðinn taka við rennislétt tún sem enn eru slegin og hefur túnstæðinu því að mestu verið hlíft við skógrækt. Norðar í túninu eru tóftir en til vesturs er útsýni yfir rennislétt tún í halla til vesturs og þar vestan við grjóthlaðinn túngarður í hraunbrún sem nær suðvestur að Hvítá.

Ástand:
Kirkjugarður og kirkjutóft eru fast austan við bæjarhólinn á Snæfoksstöðum en allt umrætt svæði er í órækt.

Þinglýsing, 1966-11-17
Undirritun, 1966-11-11 Kristján Eldjárn

Menningarlandslag/Minjaheild:
Kirkjunnar á Snæfoksstöðum er fyrst getið í heimildum um miðja 14. öld en líklegast er að hún hafi verið byggð nær 1000. Kirkjan var aflögð 1801 (sjá nánar skýrslu Birnu Lárusdóttur og Orri Vésteinsson, 2001). Talsverður hluti af kirkjugarði sést á Snæfoksstöðum og inni í honum er þúst sem gæti verið leifar síðustu kirkjutóftarinnar á staðnum. Svæðið er á kafi í sinu og líklega er verra að greina minjar síðla sumars þegar gróður er orðinn hærri. Kirkjugarðsveggurinn sést ágætlega að vestan og norðan en er óljósari annars staðar og þó sérstaklega að austanverðu þar sem aðeins má greina ytri brún. Innan garðsins eru talsverðar þúfur og má sjá nokkuð greinileg leiði á nokkrum stöðum. Sum leiðanna eru nafngreind í heimildum og er s.k. Fimmmannaleiði sem er 4-5 m vestan við kirkjutóftina frægast en þar mun fólk frá Norðurkoti sem brann inni 1773 vera grafið. Þá eru tvö mjög greinileg leiði um 2 m austan eða suðaustan við hana. Telja sumir að það séu leiði tveggja síðustu prestanna í Snæfoksstaðakirkju en aðrir telja að séu leiði síðustu prestshjónanna.

Upplifun:
Upplifunargildi staðarins er nokkurt. Kirkjugarður og kirkjuþúst sjást ágætlega enn. Frá staðnum er gott útsýni til vesturs. Innan garðs sjást leiði og eru nokkur þeirra nafngreind og sögur tengdar þeim. Staðnum tengjast einnig draugasögur og allt þetta eykur á upplifun þess að heimsækja staðinn.

Táknrænt gildi:
Sem kirkja og kirkjugarður hefur staðurinn nokkurt táknrænt gildi.

Aðgengi:
Aðgengi er gott. Vegur liggur niður að Hvítá frá þjóðvegi fram hjá túninu á Snæfoksstöðum. Frá veginum er bílastæði við bæjarhól Snæfoksstaða. Frá því er aðeins um 1 mínútu gangur að kirkjugarði og -tóft.

Notkunargildi:
Mikil skógrækt er á Snæfoksstöðum og er jörðin nálægt því að teljast fullræktuð. Heimatúni Snæfoksstaða hefur að mestu verið þyrmt en þó hefur verið plantað í kálgarð á bæjarhól og í kirkjugarðsvegg. Til að vernda friðlýstar minjar og heimatúnið í heild er mikilvægt að halda trjárækt alfarið út úr heimatúninu. Rök má hins vegar færa fyrir því að skógræktin í landi Snæfoksstaða geti aukið á gildi útivistar á svæðinu og að hinn friðlýsti minjastaður gæti þar haft mikið vægi ásamt bæjarhól og öðrum minjum í túni.



Mynd 115: Kirkjugarðurinn að Snæfoksstöðum, horft til austurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grafningshreppur (árið 1990)

87006301 Krókur *Grímkelstóftir* Friðlýst sem býli, sögustaður

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"Fornar rústir, er nefnast Grímkelstóftir, á sljettum völlum fyrir norðan og neðan túnið."

Frumtexti:
"Fornar rústir, er nefnast Grímkelstóftir, á sljettum völlum fyrir norðan og neðan túnið. Sbr. Árb. 1899: 1-2. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand:
Á minjasvæðinu er að finna þrjár tóftir eða tóftaþyrpingar ásamt garðlagi.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjastaðurinn er að öllum líkindum útihús og því partur af stærri heild sem ekki er lengur til staðar.

Upplifun:
Minjastaðurinn er nálægt heimreið að íbúðarhúsi, utarlega í túni sem er í órækt og afmarkast af læk til norðurs. Tóftirnar eru þrjár en Brynjúlfur teiknar fleiri og má því gera ráð fyrir að minjastaðurinn hafi eitthvað breyst. Kristján Eldjárn mun hafa grafið könnunarskurð í einhverja tóftina og dró þá ályktun að um útihús væri að ræða sem getur vel passað við útlit þeirra.

Táknrænt gildi:
Tóftirnar eru tengdar við Grímkel sem mun hafa verið af annarri kynslóð landnema.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er mjög gott. Minjastaðurinn er mjög nálægt heimreið.

Notkunargildi:
Við heimreiðina að bænum sem virðist ekki vera í reglulegri ábúð er skilti sem bannar alla óviðkomandi umferð. Af því má draga þá ályktun að jarðeigendur vilji ekki opinbera kynningu á minjunum. Óháð því er þó óljóst hvernig minjarnar gætu nýst til kynningar.



Mynd 116: Grímkelstóftir, horft til norðvesturs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grafningshreppur (árið 1990)

87006401 Nesjar *Setbergsbalar* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: mikil hætta

Lýsing:
"Fornar rústir í vatnsbrekku á Setbergsbölum ..."

Frumtexti:
"Fornar rústir í vatnsbrekku á Setbergsbölum og í Kleifardal. Sbr. Árb. 1899: 5. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Í Setbergsbölum eru 4-5 tóftir sem raðast eftir hólhrygg í einfaldri röð. Vestasta tóftin er yngst og greinilegust á svæðinu. Gerð hennar raskaði mögulega eldri tóftum undir henni. Selið er líklega eldra en ekkert rennandi vatn er hér nærri. Ekki er útilokað að fleiri tóftir séu í kjarrinu sem er allt umhverfis minjarnar. Nánari lýsing á minjunum og heimildasamantekt eru í Ísleifu, gagnagrunni Íslands.

Ástand:
Tóftirnar eru signar, útflattar og lyngivaxnar. Þær sjást hins vegar vel þegar að er komið. Tóftirnar liggja til norðausturs frá yngstu tóftinni sem sést best og er grasivaxin.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjarnar eru saman á hólhrygg, allt umhverfis er kjarrgróður og birkitré. Tóftirnar mynda skemmtilega heild frá mismunandi tímum og hafa mikið rannsóknargildi.

Upplifun:
Að koma í Setbergsbala er skemmtilegt og minjarnar fallegar. Þær sjást frá þjóveginum en ekki er útilokað að fleiri minjar leynist þarna.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér.

Aðgengi:
Aðgengi að minjunum er ágætt, um 5 mín ganga frá þjóðveginum í gegnum kjarr. Svæðið vestan við minjarnar, neðan við hólinn er fallegt, þar eru grænir hvammar inn á milli trjánna og mögulega var tjaldað þar. Vegslóði liggur þar norðan við minjarnar.

Notkunargildi:
Minjarnar hafa töluvert notkunargildi. Þær eru skammt frá þjóðveginum og leikmenn eiga auðvelt með að átta sig á nýtingu þeirra.



Mynd 117: Minjarnar í Setbergsbölum, horft til norðurs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grafningshreppur (árið 1990)

87006402 Nesjar *Kleifardalur* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Fornar rústir ... í Kleifardal."

Frumtexti:
"Fornar rústir í vatnsbrekku á Setbergsbölum og í Kleifardal. Sbr. Árb. 1899: 5. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Ástand:
Á minjastaðnum eru illgreinanlegar þústir.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Staðurinn hefur verið skráður með heimildarmanni af starfsmanni Fornleifastofnunnar Íslands en sú staðsetning þykir ekki trúverðug. Brynjúlfur teiknaði greinilegar rústir í dalnum sem passa ekki við umrædda staðsetningu. Dalurinn er lítið sem ekkert nýttur en ekki er vitað til þess að staðurinn sem slíkur hafi eitthvert menningarsögulegt gildi.

Upplifun:
Minjastaðurinn er á bakka undir Jóruhól og fyrir neðan hann liggur þröngur Kleifardalurinn. Svæðið er brúkað sem fólkvangur.

Táknrænt gildi:
Minjastaðurinn er ekki tengdur neinum sögulegum atburðum og hefur þess vegna kannski lítið táknrænt gildi.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er gott.

Notkunargildi:
Kynningargildi staðarins eða minjanna er óljóst því allt bentir til þess að ekki sé um réttan stað að ræða.



Mynd 118: Horft frá Jóruhól til austurs yfir Kleifardal.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grafningshreppur (árið 1990)

87006501 Ölfusvatn *Grímkelsgerði* Friðlýst sem gerði, leiði, legstaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"1. Girðing forn, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því, nefnd leiði Grímkels."

Frumtexti:
"1. Girðing forn, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því, nefnd leiði Grímkels. Sbr. Árb. 1898: 2. 2. Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736; hann er í túninu, suðaustan við gamla fjárhústóft, nær hulinn jarðvegi. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Ástand:
Á minjastaðnum eru þrjár vel greinanlegar tóftir innan gerðis.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Minjastaðurinn er hluti af stærri heild sem liggur umhverfis og er furðulegt að aðskilja hvort frá öðru. Staðurinn hefur að öllum líkindum mikið rannsóknarlegt og menningarsögulegt gildi.

Upplifun:
Minjastaðurinn er býli sem hefur farið snemma í eyði og því má gera ráð fyrir óhreyfðum minjum undir sverði. Einhver frumstæð túnasléttun hefur sennilega átt sér stað þar í upphafi 20. aldar.

Táknrænt gildi:
Tóftirnar eru tengdar við Grímkel sem mun hafa verið af annarri kynslóð landnema.

Aðgengi:
Aðgengi að staðnum er afskaplega gott. Bílastæði er alveg við túnið.

Notkunargildi:
Skoðun landeiganda gagnvart frekari kynningu er óþekkt en auðvelt væri að gera staðinn áhugaverðan með frekari rannsóknarvinnu.



Mynd 119: Grímkelsgerði, horft til norðnorðausturs.

Árnessýsla

Grímsnes- og Grafningshreppur Hét: Grafningshreppur (árið 1990)

87006502 Ölfusvatn *Ölfusvatn* Friðlýst sem steinn með áletrun

Staða: lokið

Hættumat: hætta

Lýsing:
"2. Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736; hann er í túninu, suðaustan við gamla fjárhústóft, nær hulinn jarðvegi."

Frumtexti:
"1. Girðing forn, er nefnist Grímkelsgerði og stór þúfa í því, nefnd leiði Grímkels. Sbr. Árb. 1898: 2 [Leiðrétting: 1899]. 2. Jarðfastur grágrýtissteinn, með áletruninni VES+1736; hann er í túninu, suðaustan við gamla fjárhústóft, nær hulinn jarðvegi. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Steinninn er sunnan við grjóthrúgu við brekkurætur vestan við bæjarhólinn. Steinninn er í grónu túni sem er á kafi í sinu og gróið yfir hann að hluta. Áletrunin sést enn en ártalið er óljóst. Nánari lýsing á minjunum og heimildasamantekt eru í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands.

Ástand:
Steinninn er fremur sléttur grágrýtishnullungur. Áletrunin er sunnarlega á steininum en ártalið er óljóst.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Steinninn er hluti af minjaheild Ölfusvatns, hann er innan heimatúnsins þar sem eru fjölmargar tóftir, bæjarhóll, bæjarhús og traðir svo dæmi séu tekin. Annar friðlýstur staður er innan heimatúnsins sem gerir vægi hans ennþá meira.

Upplifun:
Það er gaman að koma að steininum og sjá ártalið. Það þarf þó að leita að steininum enda ber lítið á honum í grasinu.

Táknrænt gildi:
Minjarnar hafa lítið táknrænt gildi einar og sér. Það myndi aukast ef hægt væri að finna út hver á þessa stafi eða tengja við persónu.

Aðgengi:
Steinninn er innan heimatúnsins og 200-300 m gangur er að honum frá þjóðveginum eða veiðihúsi sem er þar skammt frá.

Notkunargildi:
Steinninn hefur töluvert notkunargildi. Hann er skammt frá þjóðveginum og leikmenn eiga auðvelt með að sjá stafina.



Mynd 120: Steinninn með áletruninni.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Ölfus Hét: Ölfushreppur (árið 1990)

87006701 Arnarbæli *Þingholt* Friðlýst sem þingstaður

Staða: lokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"Forn og mikil tóft á Þingholti, sem er norður frá bænum."

Frumtexti:
"Forn og mikil tóft á Þingholti, sem er norður frá bænum. Sbr. Árb. 1905: 36. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Tóftin er á grónu svæði rétt utan við ræktað tún. Fallin vírgirðing er þar á milli. Ekkert friðlýsingarskilti er við tóftina.

Ástand: Þinghóll er gróin þúst.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Tóftin hefur lítil tengsl við aðrar minjar og er ekki hluti af heild. Það voru fleiri minjar þarna umhverfis, m.a. stekkir og fjárhús, en þær allar horfnar í slétt tún. Án frekari heimilda né rannsókna er ekki hægt að tengja þær við þingstaðinn. Ekki er vitað frá hvaða tíma tóftin er.

Upplifun:
Þingholt er nú að mestu slétt, ræktað tún. Tóftin er utan túnsins, á háum hól. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvernig tóftin leið út sem og umhverfið. Allt svæðið er raskað og framræst. Tóftin er illgreinileg á hólnum sem að mestu er uppsöfnuð mannvistarlög.

Táknrænt gildi:
Þinghóll hefur verið settur í samband við Arnar, sem fyrstur átti að búa að Arnarbæli og var höfðingi. Hvort þetta sé þingstaður hans er óvíst en staðurinn hefur mikið gildi fyrir sögu svæðisins. Sem slík hefur tóftin þó lítið gildi enda óljós og sést illa.

Aðgengi:
Erfitt aðgengi er að minjastaðnum. Hann er nú innan landsvæðis sem tilheyrir Egilsstöðum en sá bær er í eyði. Það er c.a. 10 mín akstur eftir torfærum túnslóða að túninu á Þingholti en fara þarf yfir túnið að hluta að tóftinni. Það þarf að keyra yfir skurð og blaut mýrarsvæði.

Notkunargildi:
Notkunargildið er lítið. Bæði er ekki búið á svæðinu og deilur eru milli erfingja um ráðstöfun jarðarinnar. Hólinn þyrfti að rannsaka til að fá úr því skorið hvort þetta sé þingbúð eða eitthvað annað.



Mynd 121: Hóllinn er í túni, innan girðingar. Horft er til suðvesturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Ölfus Hét: Ölfushreppur (árið 1990)

87006901 Hellir *Fjall* Friðlýst sem býli

Staða: lokið

Hættumat: Stórhætta

Lýsing:
"1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls."

Frumtexti:
"1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 18-19. 2. Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasivöxnum blágrýtishól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Minjastaðurinn samanstendur af bæjarhól og útihúsum um 90 m norðar sem hafa líklega tilheyrt bænum. Friðlýsingarskilti er á bæjarhólnum en er mjög máð.

Ástand:
Bæjarhóllinn sést enn og mögulega útihús þeim tilheyrandi. Ekið er um hlað bæjarins eftir Biskupstungnabraut. Bæjarhóllinn er greinilegur en tóftir hlaupnar í þúfur. Vegstæðið hefur raskað austasta hluta hólsins.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Á minjastaðnum er býli og útihús. Hægt er að greina hólinn sem allháa þúst í landinu en erfitt er að greina mismunandi byggingarþætti. Útihúsin eru örlítið skýrari og hægt er að greina stök hólf þar. Engar aðrar minjar eru sýnilegar. Þar sem Biskupstungnavegur liggur þvert yfir bæjarhlaðið sker hann minjaheildina í sundur og tekur bæinn úr samhengi við heimatúnið.

Upplifun:
Upplifun af minjastaðnum takmarkast af því hversu lítt sýnilegir einstaka þættir minjanna eru. Nálægð við Biskupstungnabraut dregur úr jákvæðri upplifun og slítur minjarnar úr samhengi.

Táknrænt gildi:
Minjarnar eru að vissu leyti táknrænar fyrir sambýli manns og náttúruafla. Bærinn stóð undir hlíðum Ingólfsfjalls og varð fyrir barðinu af miklu grjóthruni og skriðuföllum. Að lokum var bæinn fluttar af þessum ástæðum.

Aðgengi:
Aðgengi er gott að bæjarhólnum þar sem hann er í vegkantinum. Hægt er að leggja bílnum utan vegar við hólinn. Fara þarf yfir girðingu til að komast að útihúsunum.

Notkunargildi:
Staðsetning minjanna er bæði jákvæður og neikvæður þáttur. Þær eru sýnilegar og í alfaraleið en nálægð við veginn dregur úr upplifun á staðnum. Vegurinn hefur raskað austasta hluta bæjarhólsins og tekið hann úr samhengi við heimatún auk þess sem erfitt er að átta sig á einstökum þáttum minjanna.



Mynd 122: Bæjarhóll Fjalls, horft til suðsuðvesturs.

Árnessýsla

Sveitarfélagið Ölfus Hét: Ölfushreppur (árið 1990)

87006902 Hellir *Hellir* Friðlýst sem hellir

Staða: ólokið

Hættumat: engin hætta

Lýsing:
"2. Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasivöxnum blágrýtishól."

Frumtexti:
"1. Leifar eyðibýlisins Fjalls, sunnan undir suðausturhorni Ingólfsfjalls. Sbr. Árb. 1897: 18-19. 2. Hellir fremst í túninu, skamt austur frá bænum, austan í grasivöxnum blágrýtishól. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927." Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Ástand: Hellirinn sést enn en tóftin framan við er horfin.

Þinglýsing, 1927-09-07
Undirritun, 1927-05-05 Matthías Þórðarson

Menningarlandslag/Minjaheild:
Hellirinn hefur mikið gildi sem hluta af minjaheild, fyrst bæjarins Fjalls og síðar Hellis. Sá bær er norðan við hólinn sem hellirinn er í. Hellirinn er náttúrulegur en sýnir vel hvernig fólk nýtti sér náttúruna við húsagerð. Segja má að hellirinn tilheyri tveimur bæjum frá mismunandi tímabilum. Hann er hluti af óröskuðu heimatúni þar sem nú er skipulagt útivistarsvæði í umsjá Skógræktarfélags Selfoss.

Upplifun:
Hellirinn er mjög táknrænn staður. Hann er stór og skjólgott við hann. Allar tóftir sem þar voru inni og fyrir framan eru þó horfnar. Fyrir c.a. 20 árum var jarðvegi rutt að opinu til að gera meira skjól. Mögulega eyðilögðust minjar við þá framkvæmd. Auðvelt er þó að sjá notkun hans fyrir sér.

Táknrænt gildi:
Hellirinn hefur lítið táknrænt gildi sem tengist fortíðinni. Hins vegar er hann að festa sig í sessi nú sem vinsæll áfangastaður göngufólks, nemenda og er nýttur til veisluhalda.

Aðgengi:
Aðgengi að hellinum er gott, malarvegur liggur að honum. Frá bílaplani liggur göngustígur upp í hellinn og tröppur niður í hann að innan. Þar eru setbekkir og hægt að kveikja varðeld í miðju. Staðurinn er innan útivistarsvæðis en allar upplýsingar vantar um hann.

Notkunargildi:
Notkunargildi hellisins er mikið. Hann er nú þegar nýttur mikið sem vinsæll áfangastaður í gönguferðum nemenda í grunn- og leikskólum og almennings. Hvergi er hins vegar getir um friðlýsingu hans né hann merktur sérstaklega. Hér liggja gríðarlega miklir ónýttir möguleikar.



Mynd 123: Hellismunninn, horft til norðvesturs.

4. Samantekt

Fyrsta friðlýsing fornleifa á Íslandi var gerð árið 1817. Þá voru friðlýstir tíu staðir, sjö áletraðir steinar eða gripir og aðeins þrír minjastaðir af öðru tagi (Borgarvirki, Snorralaug og Þingvellir).[1] Eftir það leið næstum öld þar til fleiri staðir voru friðlýstir en með nýjum lögum um verndun fornminja 1907 hófst friðlýsing minja fyrir alvöru.[2] Af þeim stöðum sem nú teljast til friðlýstra minja voru meira en 80% friðlýstir fyrir 1940.[3] Ljóst er að talsverður fjöldi minja var friðlýstur án þess að farið væri sérstaklega á staðinn til að kanna gildi hans á friðlýsingarskrá en þess í stað var í mörgum tilfellum byggt á eldri minjalýsingum eða öðrum heimildum. Kerfisbundin vettvangsskráning á fornleifum hér á landi hófst ekki að ráði fyrr en á 9. og 10. áratug 20. aldar og má áætla að yfir 90% af þeim minjastöðum sem skráðir hafa verið á vettvangi á Íslandi séu skráðir eftir 1990. Af þeim tugþúsundum staða sem skráðir hafa verið við aðalskráningu á síðustu áratugum hafa hins vegar engir bæst við á friðlýsingaskrá. Lengi hefur verið ljóst að þörf sé á að endurskoða listann yfir friðlýstar fornleifar en forsenda þess er úttekt á þeim minjastöðum sem þegar eru á listanum.

Fyrstu heildstæðu úttektina á friðlýstum minjum gerði Ágúst Ólafur Georgsson á 9. áratug 20. aldar en hann safnaði saman friðlýsingaskjölunum og tók saman skrá yfir alla friðlýsta staði á Íslandi sem gefin var út.[4] Á svipuðum tíma voru rituð bréf til landeigenda þeirra jarða þar sem friðlýstar voru og þeir spurðir um þá staði sem tilheyrðu landareign þeirra. Í kjölfarið ritaði Ágúst yfirlitsgrein um efnið en ekki var farið á staðina til að kanna ástand þeirra eða eðli.[5] Fyrsta stóra vettvangsúttektin sem gerð var á friðlýstum minjum var úttekt Guðmundar Ólafssonar á friðlýstum minjum í Borgarfjarðarsýslu. Ástæða þess að Guðmundur réðist í úttektina var að hans sögn sú þörf sem var á því að safna upplýsingum um eðli og ástand friðlýstra minja hér á landi. Í þessum tilgangi heimsótt Guðmundur 30 staði sem friðlýstir voru á svæðinu og lagði mat á gildi þeirra. Niðurstöður Guðmundar komu út í bók sem Hið íslenzka fornleifafélag gaf út í samvinnu við Þjóðminjasafnið árið 1996.[6]

Í dag eru um 850 friðlýstir minjastaðir á friðlýsingarskrá.[7] Um þá gilda aðrar og strangari reglur en um minjastaði sem njóta friðunar vegna aldurs (100 ára og eldri) og má

[1] Frásögur um fornaldarleifar: fyrri hluti: XIV og áfram
[2] *Lög um verndun fornmenja 1907*.
[3] Ágúst Ólafur Georgsson. 1984: 16.
[4] Ágúst Ólafur Georgsson. 1990.
[5] Ágúst Ólafur Georgsson. 1984.
[6] Guðmundur Ólafsson. 1996.
[7] Verklýsing vegna útboðs á skráningu friðlýstra minja á Suðurlandi.

sem dæmi nefna að helgunarsvæði friðlýsts minjastaðar telst 100 m frá ytri mörkum minja en á aldursfriðuðum minjastöðum er aðeins miðað við 15 metra helgunarsvæði.[8] Fjöldi minjastaða á landinu er talinn á bilinu 200 til 300 þúsund og eru því friðlýstu staðirnir aðeins 0,2-0,5% af heildafjölda íslenskra minjastaða.[9] Friðlýstar minjar hafa því gjarnan verið álitnar rjóminn af íslenskum fornminjum en staðreyndin er sú að þær eru ærið misjafnar. Hluti friðlýstra minjastaða er horfinn eða týndur og sumir hafa greinilega verið friðlýstir á grundvelli hugmynda sem nú teljast hæpnar - þótt stundum geti hundrað ára gömul sýn á minjar verið áhugaverð. Enn aðrir staðir virðast hafa verið friðlýstir einfaldlega vegna þess að vitneskja um þá lá fyrir, en með aukinni vitneskju um minjar í heilum sveitum skera þeir sig ekki alltaf úr minjaflórunni. Hugmyndir manna um hvaða fornleifar teljist merkilegar og hvers vegna eru auk þess breytingum háðar, hvort sem slíkt er metið er út frá rannsóknarsjónarmiði eða táknrænu gildi. Því hljóta skrár af þessu tagi í raun að taka sífelldum breytingum ef vel á að vera.

Allt frá stofnun hefur Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins) lagt á það áherslu að endurskoða friðlýsingaskrá. Forsenda endurskoðunar friðlýsingarskrár er að til sé góð vitneskja um þá staði sem teljast til friðlýstra fornleifa. Slík þekking gæti e.t.v. orðið til þess að létta friðlýsingu af sumum minjastöðum og bæta við einhverjum af þeim fjölmörgu áhugaverðu og merkilegu minjastöðum sem hafa verið skráðir á vettvangi frá því fornleifaskráning komst á fullt skrið á 10. áratug 20. aldar.

Á undanförnum árum hafa margir friðlýstir staðir verið heimsóttir, bæði við almenna fornleifaskráningu víða um land en minjaverðir hafa einnig lagt á það talsverða áherslu að kanna slíka staði á sínu svæði. Í sumum sýslum hafa jafnvel allir friðlýstir staðir verið heimsóttir og rústir mældar upp þar sem eitthvað er að sjá. Samkvæmt upplýsingum frá Minjastofnun er áætlað að við lok þessa verkefnis sé vettvangsskráningu lokið á tæplega 70% af friðlýstum minjastöðum.[10]

Á vetrar- og vormánuðum 2015 voru skráðir 130 af þeim minjastöðum sem eftir stóðu, 95 í Árnessýslu, 23 í Rangárvallasýslu og 12 í Skaftafellssýslum. Skipting þeirra staða sem skráðir voru á milli hreppa er eftirfarandi (notast var við mörk sveitarfélaga frá árinu 1990) :

[8] Lög um menningarminjar, Lög nr. 80 29. júlí 2012.
[9] Þingskjal 978 (2006-2007).
[10] Oddgeir Isaksen. Munnleg heimild.

Tafla 1: Fjöldi skráðra minjastaða nú samkvæmt sveitarfélagaskiptingu árið 1990.

Sveitarfélag (árið 1990)	Sýsla	Fjöldi minjastaða
Bæjarhreppur	Austur-Skaftafellssýsla	2
Borgarhafnarhreppur	Austur-Skaftafellssýsla	1
Hofshreppur	Austur-Skaftafellssýsla	4
Skaftárhreppur	Vestur-Skaftafellssýsla	5
Vestur-Eyjafjallahreppur	Rangárvallasýsla	4
Austur-Landeyjahreppur	Rangárvallasýsla	2
Hvolhreppur	Rangárvallasýsla	1
Rangárvallahreppur	Rangárvallasýsla	2
Landmannahreppur	Rangárvallasýsla	14
Gaulverjabæjarhreppur	Árnessýsla	17
Stokkseyrarhreppur	Árnessýsla	4
Eyrarbakkahreppur	Árnessýsla	3
Hraungerðishreppur	Árnessýsla	2
Villingaholtshreppur	Árnessýsla	11
Skeiðahreppur	Árnessýsla	2
Gnúpverjahreppur	Árnessýsla	22
Hrunamannahreppur	Árnessýsla	2
Biskupstungnahreppur	Árnessýsla	16
Laugardalshreppur	Árnessýsla	2
Grímsneshreppur	Árnessýsla	6
Grafningshreppur	Árnessýsla	5
Ölfushreppur	Árnessýsla	3

Eins og sést af töflunni voru flestir staðir skráðir í Gnúpverjahreppi. Ástand minjastaðanna var æði misjafnt en á tveimur stöðum var með engu móti hægt að staðsetja fornleifarnar og á nokkrum stöðum var einungis skráð líkleg staðsetning þó að engar minjar væru þar sýnilegar. Á talsverðum fjölda staða til viðbótar sáust ummerki sem sannarlega voru fornleifar en ekki þótti víst að væru þær minjar sem friðlýstar höfðu verið (þá oft yngri minjar).

Af stöðunum 130 sem skráðir foru reyndist meirihlutinn í einhverri hættu. Samtals voru 72 staðir metnir í hættu en 13 í mikilli hættu. Því voru 45 minjastaðir ekki taldir í neinni hættu. Hættan sem steðjar að friðlýstu minjastöðunum reyndist margvísleg. Algengt

var að minjar teldust í hættu vegna framkvæmda sem fylgja venjulega hefðbundnum búskap en talsverður fjöldi minja var einnig í hættu vegna skógræktar og uppblásturs.

Friðlýstu fornleifarnar sem skráðar voru á Suðurlandi eru misjafnar að gerð og hlutverki. Flestar skráðu minjanna eru býli, 37 talsins, en næst algengastir voru hellar en 24 slíkir voru skráðir. Tólf garðlög voru skráð, níu legstaðir og fimm þingstaðir. Aðrir staðir reyndust af fjölbreytilegum toga.

Skráning þessi eykur til muna þann fjölda friðlýstra minjastaða á Suðurlandi sem skráður hefur verið á vettvangi þó að enn eigi eftir að skrá um 40 staði. Þekking á friðlýstum fornleifum á svæðinu hefur því stóraukist og skapar skráningin vonandi sterkan grunn og forsendur til mótunar framtíðaráætlunar fyrir friðlýstar fornleifar á Suðurlandi.

Heimildaskrá

Ágúst Ólafur Georgsson. 1984. „Könnun um friðlýstar fornleifar“. *Ljóri* 5(1).

Ágúst Ólafur Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: skrá yfir friðlýstar fornleifar.* Reykjavík. Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Birna Lárusdóttir og Elín Hreiðarsdóttir. 2014. *Fornleifar í Skaftafelli (FS532-12031).* Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Grímsnesi I (FS103-99061).* Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning í Grímsnesi II (FS138-99062).* Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III (FS164-99063)*. Fornleifastofnun Íslands.

„Biskupasögur Jóns Halldórssonar I“. 1903. *Sögurit II*.

Brynjúlfur Jónsson. 1904. „Fornleifafundur í Skálholti 1902“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingisumarið 1901“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Brynjúlfur Jónsson. 1909. „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909“*. Ábók hins íslenzka fornleifafélags*.

Frásögur um fornaldarleifar: fyrri hluti. 1983. Sveinbjörn Rafnson ritstýrði. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar.

Gísli Gestsson og Jóhann Briem. 1954. „Byggðaleifar í Þjórsárdal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Guðmundur Ólafsson. 1996. *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu*. Reykjavík. Hið íslenzka fornleifafélag og Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2002. *Skálholt. Rannsóknir á bæjarstæði 1983-1988.* Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Magnússon. 1905. „Íslenzk höfuðból I: Skálholt“. *Skírnir. Tímarit hins íslenzka bókmentafélags.*

Haraldur Sigurðsson, Árni Hjartarson og Guðmundur J. Guðmundsson. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

„Haugavað og Böðvarstóftir“. 1900. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Jón Jónsson. 1978. „Eldstöðvar og hraun í Skaftafellsþingi“. *Náttúrufræðingurinn. Tímarit hins íslenska náttúrufræðifélags.*

Kristborg Þórsdóttir. 2010. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II (FS446-06192)*. Fornleifastofnun Íslands.

Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* 2. útgáfa. Ritstj. Adolf Friðriksson. Mál og menning.

„Lög um verndun Fornminja“. 1907. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. 2008. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi.* Byggðasafn Árnesinga.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2016 (væntanleg). *Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla III.* Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2013. *Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla II (FS519-07172).* Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2010. *Fornleifaskráning í Flóahreppi: Áfangaskýrsla I (FS444-07172).* Fornleifastofnun Íslands.

Sigurður Skúlason. 1927. „Örnefni um Skálholts-land“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.*

Sigurður Vigfússon. 1882. „Rannsókn við Haugavað“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*.

„Vilchins máldagi“. *Íslenskt fornbréfasafn.* IV bindi.

Þingskjal 978 (2006-2007). Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um fornleifaskráningu. Alþingistíðindi A-deild.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing, 316. mál: Menningarminjar (heildarlög). *Lög nr. 80 29. júní 2012.*

Þorvaldur Thoroddsen. 1894. „Ferð um Vestur-Skaptafellssýslu sumarið 1893“. *Andvari.* Hið íslenzka þjóðvinafjelag.

Óútgefnar heimildir

Ágústa Edwald. 2006. *What can we tell about a building and its inhabitants from an excavated assemblage? A case study from the mid 17th-late 18th century Iceland.* MA ritgerð við University of Bristol.

Ísleif, óútgefinn gagnagrunnur Fornleifastofnunar Íslands ses.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2005. *An Investigation of the Formation of Kyndluhóll Mound at Skálholt, Iceland using Geoarchaeological and Statistical Techniques*. MSc ritgerð við University of Reading.

Útboðslýsing vegna átaksverkefnis í skráningu friðlýstra minja á Suðurlandi. Oddgeir Isaksen. Minjastofnun Íslands. Nóvember 2014.

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

Viðhengi 1:

Hnitaskrá í ISN93

Friðlýsingarnúmer	X	Y
Bæjarhreppur		
77000301	695975.87	427482
Borgarhafnarhreppur		
77000601	642384.89	404813.36
Hofshreppur		
77000701	623700.21	381903.51
77000701	623702.18	381895.42
77000702	617779.21	380109.45
77000803	612422.1	380465.86
77000901	598182.51	392668.41
77000901	598217.62	392671.96
77000901	598200.85	392681.62
Skaftárhreppur		
85001801	552077	358724.82
85001701	566829.8	380941.2
85001702	567662.72	381343.36
85001801	552215.66	358796.41
85001801	552147.41	358667.82
85001801	552108.76	358579.46
85001801	552297.9	358880.04
85001802	552071.87	358569.99
85001802	552215.66	358796.41
85002001	543090.77	362978.39
85002001	543195.89	363023.36
85002001	543174.99	363019.42
85002001	543170.06	362997.13
85002001	543155.46	362981.94
Vestur-Eyjafjallahreppur		
86000701	451566.72	345281.66
86000701	451514.26	345321.11
86000702	450961.01	345229.59
86000703	450955.89	345233.93
86000704	450954.5	345236.49
86000704	450956.08	345247.74
86000704	450951.15	345244.38
Austur-Landeyjahreppur		
86000902	445407.66	352218.23
86000902	445383.4	352245.64
86000902	445376.3	352181.54

Friðlýsingarnúmer	X	Y
86000903	445361.11	352163.39
86000903	445347.5	352145.84
86000903	445155.59	352186.86
86000903	445099.38	352194.75
Hvolhreppur		
86001804	443437.87	362753.35
Landmannahreppur		
86003101	438401.27	383265.81
86003101	438775.23	383813.93
86003301	450730.05	394473.31
86003301	450696.52	394322.42
86003302	449570.31	393197.79
86003302	449552.36	393214.75
86003302	449559.46	393228.95
86003302	449456.11	393294.04
86003302	449440.92	393270.17
86003302	449658.28	393297
86003302	449634.61	393228.55
86003302	449744.27	393287.53
86003302	449768.14	393296.4
86003302	449685.3	393293.64
86003302	449672.67	393353.6
86003302	449571.29	393369.38
86003302	449557.49	393347.29
86003302	449551.18	393126.78
86003401	444763.88	388002.61
86003601	455893.67	390906.7
86003601	455835.88	390891.12
86003601	455861.32	390933.92
86003601	455787.95	390959.96
86003601	455801.76	390935.5
86003601	455908.07	391067.05
86003601	455924.24	391080.47
86003601	455945.74	391080.86
86003601	455986.37	391079.09
86003601	456007.67	391064.29
86003601	456012.21	391058.57
86003601	456037.26	391005.52
86003601	456042.98	391018.53
86003601	456035.88	391014.79
86003601	456014.97	391017.15
86003601	456019.7	391029.38
86003601	455995.05	391038.06

Friðlýsingarnúmer	X	Y
86003601	455949.09	391096.84
86003601	455860.53	391000.78
86003601	455930.35	391004.92
86003601	455946.53	390983.43
86003601	455934.5	391014.79
86003601	455884.6	391011.43
86003803	440111.7	381797.99
86003803	440200.65	381768.99
86003803	440208.14	381766.43
86003803	440156.47	381888.12
86003803	440128.46	381891.08
86003901	442858.39	393128.95
86003901	442866.09	393160.31
86003901	442858.39	393152.42
86003901	442851.1	393149.27
86003901	442893.9	392932.31
86003901	442908.69	392942.56
86003901	442980.68	393309.22
86003901	442954.45	393302.91
86003901	442835.32	393047.49
86003901	442960.56	393189.3
86004101	437467.56	382706.84
86004102	437122.99	383374.09
86004102	436974.87	383095.4
86004102	436973.29	383120.45
86004102	436977.63	383141.16
86004102	436992.82	383127.94
86004102	436999.72	383135.04
86004102	437045.67	383099.93
86004102	437188.67	383085.93
86004102	436912.74	383167.39
86004102	436944.49	383176.66
86004102	437009.98	383195
86004301	445925.2	392240.01
86004301	445896.8	392437.84
86004301	445712.58	392503.72
86004301	445655.19	392416.34
86004301	445853.61	392263.88
86004301	445879.25	392390.5
86004301	445778.46	392525.02
86004301	445764.26	392489.32
86004301	445718.3	392473.14
86004301	445741.58	392458.94
86004401	453416.99	396383.13
86004401	453423.69	396390.24
86004401	453372.61	396387.08
86004401	453368.07	396398.12
86004401	453501.01	396322.78
86004401	453320.14	396408.78

Friðlýsingarnúmer	X	Y
86004501	437038.18	376332.01
86004601	443215.78	386421.57
86004602	443225.84	386393.37
86004602	443214.6	386401.26
Rangárvallahreppur		
86002204	446114.94	369688.14
86002204	446050.45	369697.6
86002204	446020.27	369700.76
86002204	446071.16	369637.05
86002205	449568.14	369590.51
86002205	449742.49	369539.82
86002205	449806.99	369498.4
Gaulverjabæjarhreppur		
87000201	406523.33	373644.08
87000202	406620.56	373814.69
87000203	406420.17	373587.67
87000301	410508.47	365625.68
87000302	410537.85	365951.12
87000401	406364.55	373463.02
87000501	406477.96	374605.41
87000501	406436.74	374591.8
87000601	406748.57	370967.01
87000602	406835.75	370989.3
87000602	406837.72	370994.43
87000603	406847.78	370939.2
87000603	406846.99	370938.61
87000701	406165.74	370693.25
87000801	406124.52	370694.43
87000801	406121.56	370691.47
87000801	406106.77	370668.79
87000901	406128.07	373134.82
87001001	408746.76	366848.34
87001001	408734.53	366851.89
87001002	408929.01	367245.77
87001002	408929.6	367252.87
87001101	407654.08	374463.4
87001202	406103.61	373065.4
Stokkseyrarhreppur		
87001301	401475.09	371809.4
87001302	401465.62	371800.53
87001303	401450.24	371761.28
87001304	401458.33	371821.43
87001304	401459.51	371836.42
Eyrabakkahreppur		
87001401	392465.98	376974.8

Friðlýsingarnúmer	X	Y
87001401	392462.63	376953.69
87001401	392463.42	376905.96
87001401	392547.04	376892.15
87001401	392594.18	376887.42
87001401	392496.16	376951.72
87001402	392408.78	377062.17
87001402	392401.29	377054.28
87001402	392409.37	377052.7
87001402	392437.58	377073.41
87001402	392442.31	377119.37
87001402	392441.32	377082.49
87001402	392420.02	377041.86
87001402	392415.49	376967.1
87001402	392390.44	376997.28
87001402	392398.92	376977.36
87001402	392544.28	377042.25
87001501	394124.33	375098.89
Hraungerðishreppur		
87001601	412956.15	384301.89
87001602	412806.65	384013.92
Villingaholtshreppur		
87001801	415456.7	382737.81
87001801	415455.52	382738.6
87001802	415461.44	382742.54
87001802	415465.38	382738.8
87001802	415467.16	382750.43
87001802	415457.29	382745.31
87001803	415371.1	382563.06
87001901	411388.92	375575.81
87001902	411334.88	375573.64
87002001	410746.92	375914.85
87002001	410746.92	375914.85
87002101	417728.65	382544.32
87002101	417710.31	382595.6
87002101	417705.38	382591.86
87002101	417717.02	382537.03
87002201	417158.64	381530.53
87002202	417006.58	380256.79
87002203	417222.15	381487.93
87002301	410565.66	378307.32
Skeiðahreppur		
87002501	422820.87	395332.66
87002501	422819.3	395340.94
87002501	422825.02	395349.62
87002501	422813.97	395357.31
87002502	421682.23	394257.93

Friðlýsingarnúmer	X	Y
87002502	421679.08	394249.84
87002502	421694.46	394237.22
87002502	421776.71	394404.08
Gnúpverjahreppur		
87002801	452438.31	401816.77
87002901	446729.73	398846.41
87002901	446759.9	398870.86
87002901	446884.16	398792.36
87002902	445722.25	397008.17
87002903	445897.79	397108.57
87003001	448566.38	396672.48
87003101	445272.55	399258.04
87003101	445279.65	399253.3
87003101	445276.1	399242.45
87003101	445281.63	399267.9
87003101	445254.01	399181.51
87003101	445260.52	399189.4
87003101	445266.44	399205.77
87003102	444330.75	399322.93
87003102	444343.38	399326.87
87003102	444318.53	399319.18
87003102	444313.99	399322.73
87003202	436329.12	391826.8
87003203	436042.54	391496.44
87003203	436054.37	391484.8
87003203	436035.04	391511.03
87003203	436031.69	391453.64
87003203	436276.46	391196.05
87003203	436451.6	391455.61
87003203	436526.35	391586.77
87003203	436537.99	391613.4
87003204	436023.6	392557.96
87003301	444009.06	407984.51
87003301	444023.07	408001.67
87003301	444022.08	407985.89
87003301	444006.3	407859.86
87003401	442990.54	395445.08
87003401	443232.35	393947.08
87003403	443048.73	394453.39
87003403	443071.8	394011.97
87003404	443041.43	394241.75
87003405	443550.89	394483.37
87003406	441450.92	393001.34
87003406	441471.24	393020.87
87003406	441464.14	393010.81
87003406	441474.39	393013.96
87003406	441506.94	393019.29
87003501	430808.9	393996.39

Friðlýsingarnúmer	X	Y
87003501	430824.09	394033.27
87003601	440266.72	393142.76
87003601	438642.29	393897.77
87003801	440401.63	397073.06
87003801	440371.65	397047.03
87003901	440903.99	393140.19
87003901	440938.51	393087.14
87003901	440947.18	393107.26
87003901	440936.53	393114.16
Hrunamannahreppur		
87004201	436063.84	397297.71
87004201	436047.66	397277.6
87004301	443086.79	407547.63
87004301	443146.16	407652.37
87004301	443104.54	407480.57
87004301	443144.98	407532.64
87004301	443193.5	407593.98
87004301	443149.32	407606.41
87004301	443150.7	407623.77
87004301	443151.09	407636.19
87004301	443159.18	407648.62
87004301	443161.94	407669.13
87004301	443177.32	407668.74
87004301	443156.22	407685.9
Biskupstungnahreppur		
87004601	436639.17	425256
87004601	436634.04	425273.16
87004601	436619.45	425248.51
87004601	436645.09	425236.28
87004602	436420.64	425369.02
87004603	436054.57	424444.78
87004603	436039.58	424427.22
87004603	436032.67	424409.86
87004603	436028.34	424386
87004701	434203.71	417193.62
87004701	434217.91	417200.72
87004701	434204.7	417195
87004801	425771.71	403401.36
87004802	425711.75	403370
87004803	425605.24	403305.1
87004804	425889.66	403825.02
87004805	425785.91	403303.72
87004806	425703.47	403299.78
87004807	425607.41	403323.64
87004808	425978.41	403613.38
87004809	425647.25	403581.23
87004810	425737.98	403252.05

Friðlýsingarnúmer	X	Y
87004901	429816.81	419920.4
87004901	429803.2	419912.11
87005001	433054.42	413508.87
Laugardalshreppur		
87005101	421288.36	414796.42
87005101	421363.9	414786.36
87005101	421352.26	414784.39
87005201	416025.13	413705.71
Grímsneshreppur		
87005301	414516.48	399644.81
87005401	401254.78	405097.78
87005501	413869.55	389668.26
87005701	420070.23	400103.19
87005801	417081.13	406268.76
87005901	407142.25	392239.42
87005901	407132.98	392239.62
87005901	407138.11	392235.48
Grafningshreppur		
87006301	397169.64	401464.11
87006301	397167.67	401481.86
87006301	397185.62	401503.95
87006301	397166.49	401454.84
87006401	390618.28	408515.07
87006401	390624.99	408518.82
87006401	390632.48	408534.4
87006401	390644.91	408548.01
87006402	389940.78	407354.54
87006402	389942.95	407334.82
87006501	396430.6	403786.36
87006501	396461.96	403771.17
87006501	396479.52	403799.38
87006501	396492.34	403750.07
87006501	396433.96	403791.29
87006502	396431.39	403971.56
Ölfushreppur		
87006701	392960.45	384901.28
87006901	401863.45	385859.26
87006901	401882.38	385948.41
87006902	402027.75	385023.96


FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS